

GUDJÓN SVANSSON

Með klifurhringi og kaðla í stofunni

• heilsa • sveitarómantík
ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS



HESTAVÖRUR

Hestar, fóðrun, hirðing, fatnaður og fylgihlutir

Sérblað um hestavörur
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



MARÍA DALBERG

Í ástarþríhyrningi á leiksviði í London

María leikur aðalhlutverk
FÓLK 30



FRÉTTABLAÐIÐ

PITT

26. janúar 2010 – 21. tölublað – 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

ÞRIÐJUDAGUR

Eddunni frestað

Niðurskurður RÚV setur strík í reikninginn hjá kvikmyndastjórnunum.

FÓLK 30



Með stjórnunum á Ítalíu

Óttar Guðnason tekur upp auglýsingu í Milánó.

FÓLK 30



Verkleg kunnátta hafin til vegs og virðingar

Myndlistaskólinn í Reykjavík ætlar ásamt fleirum að koma af stað diplómanámi í teikningu og textíl.

TÍMAMÓT 18


Enn eitt jafnteflið

Ísland og Króatía skildu jöfn á EM í gær. Strákarnir okkar mæta Rússum í dag.

ÍPRÓTTIR
24, 25 & 26



VEÐRIÐ Í DAG



Strekkingur vestan til í dag verður suðvestanátt, 10-15 m/s allra vestast en annars hægari vindur. Horfur eru á vætusömu veðri víðast hvar, sist austanlands. Kólnar heldur í veðri.

VEÐUR 4

Þjóðaratkvæðagreiðslunni verður hugsanlega frestað

Stjórnarliðar telja rétt að fresta atkvæðagreiðslunni um Icesave ef skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis er væntanleg aðeins fáum dögum fyrir 6. mars. Stjórnarandstæðingar vilja ekki hrófla við kjördeginum.

STJÓRN MÁL Svo kann að fara að þjóðaratkvæðagreiðslunni um Icesave-lögin, sem fara á fram 6. mars, verði frestað.

Þingmenn úr röðum stjórnarflokkanna telja mikilvægt að þing og þjóð hafi ráðrúm til að gaumgæfa skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis áður en gengið verður til atkvæðagreiðslunnar um Icesave. Þingmenn í stjórnarandstöðunni eru á hinn bóginn þeirrar skoðunar að ekki beri að hrófla við kjördeginum.

Rannsóknarnefnd Alþingis tilkynnti í gær að útgáfa skýrslunnar frestist um nokkrar vikur en

áformað var að hún kæmi út fyrir 1. febrúar. Nefndin væntir þess að geta skilað af sér fyrir febrúarlök, „komi ekkert óvænt upp í því ferli sem eftir er,“ eins og það er orðað.

Málið var rætt á fundi þingflokks Samfylkingarinnar í gær. Björgvin G. Sigurðsson, formaður þingflokksins, segir ótækt að aðeins nokkrir dagar líði á milli þessara atburða. Í skýrslunni kunni að verða upplýsingar sem fólk vilji hafa til hliðsjónar þegar það greiðir atkvæði um Icesave. Ákjósanlegt væri að rannsóknarnefndin tímasetti nákvæmlega

útgáfu skýrslu sinnar og að dagsetning þjóðaratkvæðagreiðslunnar verði ákveðin í framhaldinu.

Björn Valur Gíslason, þingmaður Vinstri grænna, er sama sinnis. Fresta þurfi atkvæðagreiðslunni ef það stefnir í að skýrslan komi út vikuna áður.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, telur ekki ráðlegt að hringla með kjördaginn. Betra sé að útgáfa skýrslunnar taki mið af honum. „Best væri að klára skýrsluna og birta niðurstöðurnar í tíma og ef eitthvað er

óunnið gera það í framhaldinu og birta sem viðbótarskjöl. Nú veit ég ekki hvort það er hægt en það væri þá best,“ segir Sigmundur.

Unnur Brá Konráðsdóttir Sjálfstæðisflokki er sammála Sigmundi. Ekki beri að hrófla við kjördeginum.

Viðmælendum Fréttablaðsins bar saman um að slæmt væri að útgáfa skýrslunnar tefðist.

Vonbrigði, svekkjandi og óheppilegt, voru orðin sem þeir völdu. Töfin væri til þess fallin að auka enn á tortryggina í samfélaginu.

- bps / sjá síðu 14



RAFMOGNUM SPENNA Það fór um margan áhorfandann á síðustu mínútum landsleiks Íslendinga og Króata í gær. Grannt var fylgst með leiknum um allan bae. Ljósmyndari Fréttablaðsins átti leið fram hjá Apple-búðinni á Laugavegi og mætti augnaráði hins vaska Ingimundar Ingimundarsonar, þegar einungis 36 sekúndur voru eftir af leiktímanum.

Eiginkona Alexanders Peterssonar komin til Vínar en missti af leiknum í gær:

Eiginkonurnar eru komnar til Vínar til að styðja sína menn

ÍPRÓTTIR Sjó eiginkonur leikmanna íslenska handboltaliðsins voru komnar til Vínarborgar í gærkvöldi og von er á fleirum. Þær ætla að fylgjast með mönnum sínum í þeim leikjum sem eftir eru á Evrópumótinu.

„Ég kom í dag en missti reyndar af leiknum því ég var veðurteppt á flugvellinum, sem var frekar glatað,“ segir Eivor Pála Blöndal, eiginkona Alexanders Peterssonar.

Hún segir að konurnar hafi haldið sig heima hingað til því flestar eru þær með börn og erfitt að losna í langan tíma. Ömmur og afar gæta nú afkvæmanna.



EIVOR PÁLA BLÖNDAL

„Við verðum flestar hér þangað til þetta klárast. Það er engin komin með miða heim enn þá,“ segir Eivor.

Konurnar gista ekki á sama hóteli og handboltaliðið og Eivor var ekki búin að hitta mann sinn í gærkvöldi.

„Við erum að borða saman stelpurnar og svo hittum við þá í anddyrinu. Þeir fara síðan á fundi og við fáum ekki að fara með í það. Þannig að við erum bara á eigin vegum, enda erum við ekkert að fara að sofa klukkan tíu eins og þeir!“ segir Eivor.

Landslið Íslendinga mætir Rússum í dag og hefst leikurinn klukkan 15.

- kóp / sjá síðu 24, 25 og 26

muundu eftir mjólkinni!

ms.is

Ostur eins og krakkar vilja hafa hann



Gísli, yrðu ekki allir með skeifu í Skeifunni?

„Nei, ég held þvert á móti að þessari Skeifu gæti fylgt gæfa fyrir alla borgarbúa.“

Borgarfulltrúinn Gísli Marteinn Baldursson hefur víðrað hugmynd um íbúabyggð í Skeifunni. Þar býr nú aðeins einn maður.

Samfélagsverðlaunin:

Tilnefna má í þrjá daga enn

SAMFÉLAGSVERÐLAUN Lesendur Fréttablaðsins hafa verið iðnir við að senda tilnefningar til Samfélagsverðlaunanna. Borist hafa á þriðja hundrad tilnefninga en tilnefningafrestur rennur út á fimmtudaginn næstkomandi, 28. janúar.

Tilnefnt er í fimm flokkum; Hvunndagshetju, Frá kynslóð til kynslóðar, Til atlögu gegn fordómum, Heiðursverðlaunum og svo sjálfum Samfélagsverðlaunum.

Aðgengilegast er að tilnefna á hlekk merktum Samfélagsverðlaunum á vefnum Visir.is. Einnig má senda tölvupóst á netfangið samfelagsverðlaun@frettabladid.is eða senda bréf í pósti til Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, merkt Samfélagsverðlaun.

Sendiherra lést í bílslysi

Sendiherra Þýskalands, Dr. Karl-Ulrich Müller, fannst látinn í bifreið sinni í Norðurárdal í Skagafirði í gær.



DR. KARL-ULRICH MÜLLER

Müller hélt frá Reykjavík á sunnudag og stefndi norður í land. Lögregla og björgunarsveitir leituðu hans í gær en bíllinn fannst með aðstoð þyrlu Landhelgisgæslunnar.

Að sögn lögreglu er ekkert vitað um tildrög slyssins annað en að bíllinn fór út af veginum og lenti í Norðurárdal. Slysið er rannsakað sem hvert annað umferðaróhapp.

Dr. Müller hafði verið sendiherra hér síðan í ágúst 2007.

Ekki farið fram á frumkvæði Íslands í ættleiðingum frá Haítí segir ráðherra:

Styðja félög eins og kostur er

SAMFÉLAGSMÁL Skapist skilyrði til að koma á formlegu ættleiðingarsambandi við Haítí mun dómsmálaráðuneytið styðja við ættleiðingarfélög eins og kostur er, segir Ragna Árnadóttir, dóms- og mannréttindaráðherra.

Íslensk ættleiðing hefur lýst áhuga á ættleiðingum frá Haítí í kjölfar náttúruhamfaranna í landinu í bréfi til ráðherra.

Ragna segist skilja erindið þannig að ætli alþjóðasamfélagið að bregðast við ástandinu með því að ættleiða börn úr landi sé skorad á íslensk stjórnvöld að láta ekki sitt eftir liggja. Ekki sé farið fram á það að íslensk stjórnvöld taki



BÖRN Í skýrslu UNESCO frá árinu 2007 kemur fram að áætlað sé að um 300 þúsund munaðarlaus börn séu á Haítí. Víst er að sú tala hefur hækkað verulega eftir jarðskjálftann fyrir í mánuðinum.

NORDICPHOTOS/AFP

upp á sitt einsdæmi að hafa frumkvæði að ættleiðingum frá Haítí

meðan ástandið í landinu sé svo viðkvæmt.

Skiljanlegt er að myndir af hörmungunum á Haítí vekti upp sterkar tilfinningar, og óskir um að börnin verði ættleidd til annarra landa.

Aldrei á að taka ákvörðun um ættleiðingu eða varanlega umönnun barns strax í kjölfar hamfara eins og urðu á Haítí, segir í yfirlýsingu frá SOS Barnabörpum.

Samtökin vinna að því ásamt öðrum hjálpsamtökum að tryggja börnum á Haítí umönnun, skjól, mat, vatn, fót og öryggi. Markmið samtakanna er að sameina fjölskyldur þegar því verður við komið.

- bj

Líkamsárás í Vík í Mýrdal:

Stúlka dróst með bifreið

LÖGREGLUMÁL Ein líkamsárás var kærð í Vík í Mýrdal um helgina. Hún átti sér stað í kjölfar þorra-blóts sem fram fór í bænum

Árásin átti sér stað utan dyra þegar liðið var undir morgun. Ekki urðu alvarleg slys á fólki en brotnað mun hafa upp úr tönn á ungum manni sem tók þátt í slagsmálunum. Þá mun tengt árásinni að stúlka dróst með bíl. Var talið að hún væri ristarbrotin eftir atvikið.

Árásarmálið er til rannsóknar hjá lögreglunni á Hvalsvellí. Samtals voru bókud 72 verkefni hjá lögreglunni síðastliðna viku.

- jss



UNNIÐ AÐ BYGGINGU TÓNLISTARHÚSSINS Lánsfé til byggingar tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu var tryggt í gær. Bankarnir þrjú lána tæpa tuttugu milljarða í mesta lagi.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Milljarðalán til tónlistarhúss afskrifuð

Austurhöfn tryggði í gær fjármögnun við byggingu tónlistar- og ráðstefnuhússins við Austurhöfn. Húsið kostar 17,5 milljarða. Austurhöfn keypti átta milljarða kröfu Landsbankans á fyrri eigendur með verulegum afslætti í fyrria.

VIÐSKIPTI Austurhöfn-TR, sem er í um helmingseigu ríkis og Reykjavíkurborgar, keypti átta milljarða króna kröfu gamla Landsbankans á Portus vegna tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu í Reykjavík í fyrria með nýjum lánum og veði í þremur byggingareitum á sömu lóð og tónlistarhúsið stendur. Ekkert hefur verið gefið upp um kaupverð og er hún sveipuð bankaleynd, að sögn Stefáns Hermannssonar, framkvæmdastjóra Austurhafnar.

Landsbankinn ætlaði að byggja nýjar höfuðstöðvar á tveimur reitanna sunnan Geirsgötu og á þeim þriðja átti að reisa hótél. Fasteignafélagið Nýsir átti fjórða reitinn og tengist hann ekki kröfunum. Ljóst er að ekkert verður úr þeim framkvæmdum. „Við vonumst til

að selja reitina þegar markaðurinn réttir úr kútnum,“ segir Stefán og bætir við að kaupverðið, sem rennur til bankans, verði langt frá þeim átta milljörðum sem krafan hljóðaði upp á. Ljóst er því að Portus keypti kröfuna með verulegum afslætti og situr Landsbankinn uppi með tapið.

Portus var í eigu gamla Landsbankans og Nýsis. Félagið tók átta milljarða króna lán hjá gamla Landsbankanum vegna framkvæmdanna og lögðu auk þess báðir aðilar einn milljarð króna hvor í verkið. Líkt og kunnugt er fóru bæði Nýsir og gamli Landsbankinn í þrot haustið 2008 og stefndi það byggingarframkvæmdum í hættu. Austurhöfn-TR tók verkið yfir í mars í fyrria.

Austurhöfn TR skrifaði í gær

undir sambankalán upp á allt að 17,5 milljarða króna sem Arion, Íslandsbanki og Landsbanki veita til byggingar hússins. Forsvarsmenn Austurhafnar segja kostnaðaráætlun hljóðaða upp á 14,5 milljarða króna miðað við verðlag í október 2008 ásamt verðbótum. Framreiknaður kostnaður fram í júní á næsta ári, þegar taka á húsið í notkun, hljóðar upp á 17,5 milljarða.

Lánin eru með veði í framlagi ríkis og borgar upp á rúmar átta hundruð milljónir króna á ári í 35 ár. Framlagið og hluti af leigu sem Sínfóníuhljómsveit Íslands greiðir fyrir aðstöðu í húsinu mun standa undir afborgunum, að sögn Stefáns. „Þetta eru einu lánin sem hvíla á tónlistarhúsinu í dag,“ segir hann.

jonab@frettabladid.is

Þingmenn á danska þinginu:

Færeyingarnir ráða úrslitum

FÆREYJAR Edmund Joensen, þingmaður færeyska Jafnaðarflokksins, tryggir nú dönsku ríkisstjórninni meirihluta á danska þinginu.

Fyrir helgi sagði danski þingmaðurinn Christian H. Hansen sig úr danska Þjóðarflokknum og þurfti því að leita til Edmunds eftir stuðningi.

En Færeyingar sitja báðum megin borðsins, því þingmaður færeyska Þjóðveldisflokksins, Hogni Hoydal, styður stjórnarandstöðuna.

Ekki eru fleiri færeyskir þingmenn á danska þinginu.

- kóp

Slasaðist um borð í skipi:

Alvarlega slasaður eftir fall

SLYS Rúmlega þrítugur sjómaður sem slasaðist þegar hann féll í lest Krístrúnar II RE á sunnudag liggur enn þungt haldinn á gjörgæsludeild Landspítalans.

Að sögn Kristins Sigvaldasonar læknis eru áverkar mannsins alvarlegir. Ástand hans hefur þó lítið breyst.

Maðurinn var að taka beitu úr lest skipsins þegar óhappið varð. Skipið var stutt komið frá bryggju, og var því þegar snúið til hafnar þegar ljóst var hversu alvarlegt slysið var.

- bj

EPÍÓPÍA

Allir taldir af

Talið er að enginn hafi komist lífs af eftir að Boeing-þota Ethiopian Airlines fór skömmu eftir flugtak í Líbanon á sunnudagskvöld. Brak úr vélinni og 38 lík höfðu fundist í gær.

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755

Nýr Rauðmagi

Sjósíginn fiskur

OPNUM KL 8.00 ALLA VIRKA DAGA

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755

Laun stjórnarmanna Íslandsbanka tvöfalt hærri en almennt gerist í fyrirtækjum:

Ríkið sat hjá við ákvörðun launa

VIÐSKIPTI Ný stjórn Íslandsbanka hlaut rússneska kosningu á aðalfundi bankans í gær. Friðrik Sophusson, fyrrverandi forstjóri Landsvirkjunar, var einn tilnefndur sem formaður bankastjórnarinnar og tók hann við starfinu í gær. Sama máli gegnir um aðra stjórnarmenn.

Meðal annarra stjórnarmanna eru erlendir reynsluboltar á sviði fjármála, tveir frá Bandaríkjunum, einn Breti og einn Norðmaður. Skilanevnd Glitnis tilnefndi sex stjórnarmenn og jafnmarga varamenn en ríkið einn.

Friðrik fær 525 þúsund krónur á mánuði fyrir störf sín en aðrir stjórnarmenn 350 þúsund. Þetta er rúmlega tvisvar sinnum meira en almennt er greitt fyrir stjórnarsetu í fyrirtækjum. ISB Holding, sem fer með 95 prósentu hlut kröfuhafa í bankanum, samþykkti launakröfuna. Fulltrúi ríkisins sat hjá.

„Við ákváðum að biða með afstöðu okkar þar til stjórn Landsbankans verður skipuð,“ segir Elín Jónsdóttir, forstjóri Bankasýslu ríkisins. Hún viðurkennir að stjórnarlaun hér séu lág, sérstaklega umreiknuð í erlenda mynt. „En nú eru erfiðir tímar



MÁLIN RÆDD Nýráðinn formaður stjórnar Íslandsbanka ræðir við stjórnarformann Bankasýslu ríkisins stuttu eftir slit á aðalfundi bankans.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

og víða niðurskurður á kjörum og launum. Þetta þarf að veita og meta,“ segir hún. Áætlað er að ný stjórn taki við Landsbankanum á næstu vikum. - jað

HYTA HÖBUDSIA 09-2288



Íslandsbanki Fjármögnun býður fyrirtækjum höfuðstólslækkun á eignaleigusamningum

Frá og með 27. janúar geta fyrirtæki sótt um höfuðstólslækkun á eignaleigusamningum í erlendum myntum hjá Íslandsbanka Fjármögnun. Lækkunin getur numið allt að 25%.

Hvaða fyrirtæki geta nýtt sér höfuðstólslækkun?

Þau fyrirtæki sem tóku eða yfirtóku kaupleigu- og/eða fjármögnunarleigusamninga í erlendum myntum fyrir 15. október 2008 og eru í skilum.

Hvernig virkar höfuðstólslækkunin?

Höfuðstóll samninga er lækkaður miðað við ákveðið gengi. Um leið er samningunum breytt í íslenskar krónur með breytilegum óverðtrygðum vöxtum. Veittur verður afsláttur af vöxtum fyrsta árið sem nemur 2,6 prósentustigum. Miðað við núgildandi vexti Íslandsbanka Fjármögnunar verða vextir af samningum 9,5% fyrsta árið.

Hvernig breytist greiðslubyrðin?

Áhrif á greiðslubyrði er mismunandi eftir hverjum samningi fyrir sig. Hægt er að lækka greiðslubyrði með því að lengja samningstímann um ¼ af þeim tíma sem eftir er, en þó aldrei meira en um 36 mánuði.

Hentar þessi lausn öllum?

Það þarf að vega og meta kosti þess að breyta samningum með þessum hætti í hverju tilviki fyrir sig.

Hefur höfuðstólslækkun skattaleg áhrif?

Andvirði höfuðstólslækkunar getur myndað tekju-skattstofn hjá fyrirtækjum.

Dæmi um höfuðstólslækkun.

Á myndum A og B er sýnt raunverulegt dæmi um fjármögnunarleigusamning sem var með fyrsta gjalddaga 3. febrúar 2007 og var til 84 mánaða. Upprunaleg myntsamsetning samningsins var CHF, USD, JPY og EUR. Eftir eru 48 mánaðarlegar greiðslur sem yrðu 84 með hámarks lengingu samningstímans.

Skoðuðu hvernig samningurinn þinn breytist.

Á heimasíðu okkar er að finna nánari upplýsingar og ítarlegri svör við spurningum sem gætu vaknað. Frá og með 27. janúar, með innskráningu kennitölu og lykilorðs, getur þú skoðað hvernig samningurinn myndi breytast. Þar verður einnig hægt að sækja um. Lykilorðið hefur verið sent í netbankann.

Kynntu þér málið á islandsbanki.is/fjarmognun eða hafðu samband við ráðgjafa okkar í síma 440 4400.

□ □ □ □ □ ö ö ö ö ö ö ö ö ö ö ö ö ö ö

Staða samnings
22.01.2010

4.125.500

Staða samnings
eftir höfuðstólslækkun

3.255.000

ö ö ö ö ö ö ö ö ö ö ö ö ö ö ö ö ö ö

Án lækkunar

85.100

Greiðslu-
byrði nú

Með lækkun
höfuðstóls án
lengingar

76.600

Fyrsta
greiðsla

Með lækkun
höfuðstóls og
hámarks lengingu

49.100

Fyrsta
greiðsla

*Upphæðir eru sýndar með vsk.

fjarmognun@islandsbanki.is
www.islandsbanki.is/fjarmognun
Sími 440 4400


Íslandsbanki

GENGIÐ 25.01.2010

GJALDMÍÐLAR		KAUP SALA	
	Bandaríkjadalur	126,26	126,86
	Sterlingspund	204,07	205,07
	Eвра	179,04	180,04
	Dönsk króna	24,047	24,187
	Norsk króna	21,824	21,952
	Sænsk króna	17,567	17,669
	Japanskt jen	1,3987	1,4069

SDR 197,29 198,47

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

234,1054

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Útflutningsverðmæti Alcoa Fjarðaáls námu 74 milljörðum króna á síðasta ári:

Ekkert álver framleiðir jafnmörg tonn í hverju kerri

ÁLVER Útflutningsverðmæti Alcoa Fjarðaáls í Reyðarfirði jókst lítillega milli ára 2008 og 2009 í íslenskum krónum.

Alcoa Fjarðaál framleiddi 349.505 tonn af áli á síðasta ári. Útflutningsverðmætið nam 74 milljörðum króna. 2009 var fyrsta heila árið sem álverð var í fullum rekstri. Gangsetningu lauk í apríl 2008. Þá var framleiðslan 322.650 tonn og verðmæti útflutningsins 73 milljarðar.

„Í dag er ekkert álver í heiminum sem daglega framleiðir jafn mörg tonn í hverju kerri og Fjarðaál,“ segir Tómas Már Sigurðsson, forstjóra Alcoa á Íslandi, í nýleg-



ALCOA FJARÐAÁL Alls voru framleidd 349.505 tonn af áli á síðasta ári.

um pistli á heimasíðu fyrirtækisins. Þar kemur fram að fyrirtækið hafi skilað „afar ásættanlegri niðurstöðu fyrir árið 2009“.


Ekki náðist tal af Tómasi Má en

Erna Indriáadóttir upplýsingafulltrúi sagði að tap Alcoa-samstæðunnar hefði numið 143 milljörðum íslenskra króna á síðasta ári, miðað við gengi um 124 krónur fyrir hvern dollar. Ekki fengust upplýsingar um afkomu álversins í Reyðarfirði eins og sér. Erna sagði að reglur um upplýsingagjöf fyrirtækja, sem skráð eru á hlutabréfamarkað í Bandaríkjunum, stæðu í vegi fyrir því að þær upplýsingar væru gefnar frá Íslandi.

Laun og launatengd gjöld sem Fjarðaál greiddi 450 starfsmönnum sínum námu samtals 3,6 milljörðum króna árið 2009 en 3,4 milljörðum árið 2008.

- pg

Álverð 2008-2009



KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR Varnarmálastofnun er á gamla varnarsvæðinu á Keflavíkurlugvelli.

Varnarmálastofnun Íslands: Reiknar með rekstrarafgangi

VARNARMÁL Varnarmálastofnun áætlað að skila um 120 milljóna króna afgangi af rekstri nýliðins árs. Gangi það eftir mun stofnunin skila rúmlega 430 milljóna króna afgangi á tveimur árum. Batinn í fyrra fékkst með verulegu aðhaldi í rekstri stofnunarinnar, að því er segir í tilkynningu.

Varnarmálastofnun hafði tæplega 1,2 milljarða króna fjárheimild í fyrra og hagræddi með samdrætti í rekstri og frestun viðhaldsverkefna og kaupum á tækjum. Þá hefur þjónustusamningur við verkataka verið sagt upp auk þess sem ferðakostnaður hefur verið takmarkaður. - jab

LEIÐRÉTT

Margrétarskólar, sem fjallað var um í blaðinu í gær, eru nefndar í höfuðið á móður hönnuðarinnar, Margrét af Connaught, fyrri konu Gústafs VI. Svíakonungs. Hönnuður skálanna heitir Sigvard Bernadotte.

Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir, safnstjóri Lækningaminjasafns Íslands, var rangfeðruð í viðtali á forsíðu Alltíðsins í gær. Beðist er velvirðingar.

Mál gegn mótmælendum til nýs saksóknara

Dómsmálaráðherra hefur sett Láru V. Júlíusdóttur hæstaréttarlögmann ríkissaksóknara í máli gegn níu manns sem réðust inn í Alþingishúsið. Ákæra á hendur níumeningunum var afturkölluð vegna vanhæfis ríkissaksóknara.

DÓMSMÁL „Það leggst vel í mig að taka þetta mál að mér,“ segir Lára V. Júlíusdóttir hæstaréttarlögmaður sem Ragna Árnadóttir dómsmálaráðherra hefur sett ríkissaksóknara í máli á hendur níu nafngreindum mönnum fyrir meint brot gegn Alþingi, brot gegn valdstjórninni, almannafríði og allsherjarreglu og húsbrot.

Þetta er gert í kjölfar þess að Valtýr Sigursson ríkissaksóknari hefur lýst vanhæfi á málinu. Embætti hans hafði gefið út ákæru á hendur níumeningunum fyrir að ryðjast inn í Alþingishúsið í heimildarleysi. Ríkissaksóknari afturkallaði ákærana. Ástæðan er sú, að þingvörður sem slasaðist í átökum sem þá urðu og gerir einkaréttarkröfu í málinu er hálfystir eiginkonu ríkissaksóknara. Vegna þessa telur hann sig vanhæfan til frekari meðferð málsins og vísar sáti í því. Hann óskaði eftir því bréflaga við dómsmála- og mannréttindaráðuneytið að settur yrði annar lögmaður til að fara með málið vegna fyrrgreindra ástæðna.

Í skriflegri beiðni um opinbera rannsókn sem skrifstofustjóri Alþingis sendi lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu vegna innrásarinnar í Alþingishúsið segir að Alþingi njóti sérstakrar verndar samkvæmt ákvæði almennra hegningarlaga, sem fjalli um brot gegn stjórnskipan ríkisins og æðstu stjórnvöldum þess.

„Þar segir í 100. grein, að hver sem ræðst á Alþingi, svo að því eða sjálfstæði þess sé hætta búin, sem lætur boð út ganga, sem að því



ALÞINGI Bréf skrifstofustjóra Alþingis til lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, þar sem beðið var um opinbera rannsókn á málinu, var dagsett 19. desember 2008. Rúmu einu ári síðar leit svo ákæra í málinu dagsins ljós. Hún hefur verið afturkölluð.

lýtur, eða hlýðir slíku boði, skuli sæta fangelsi ekki skemur en eitt ár og getur refsing orðið ævilangt fangelsi ef sakir eru mjög miklar,“ segir enn fremur í bréfi skrifstofustjórans. Bréfið var dagsett 19. desember 2008. Ákæra ríkissaksóknara var dagsett rúmu ári síðar eða 30. desember 2009.

Borgarahreyfingunni hefur nú borist svar frá lagadeild Háskóla Íslands en hreyfingin fór þess á leit við deildina að sérfræðingar hennar gæfu álit sitt á hvort kæra skrifstofustjóra Alþingis með tilvísun til 100. gr. almennra hegningarlaga frá 1940 væri viðeigandi. Proféssor lagadeildar Háskóla Íslands, Ragnheiður Bragadóttir, segir það hlutverk handhafa ákærvalds að gefa út ákæru og fræðimanna að túlka dóma. Hún bendir á að meginreglan sé sú að handhafar ákærvalds taki ekki við fyrirætlum frá öðrum stjórnvöldum um meðferð ákærvalds. Proféssorinn bendir jafnframt á að meginregla í íslenskum rétti sé að ákvarða refsingu nedarlega innan refsismarkanna. jss@frettabladid.is

Vísindamenn á Ítalíu:

Vilja opna grafhýsi Leonardos

ÍTALÍA Vísindamenn og sagnfræðingar í ítölsku þjóðminjanefndinni vilja fá að opna grafhýsi Leonardos Da Vinci til að komast að því hvort málverk-ið af Monu Lísu sé sjálfsmýnd listamannsins.

Grafhýsið er í kastalanum Amboise í Loire-dalnum í Frakklandi.



MONA LISA EFTIR DA VINCI.

Öldum saman hafa menn velt vöngum yfir hver hafi verið fyrirseta hans þegar hann málaði Monu Lísu. Þar hafa margar konur verið nefndar til sögunnar.

Vísindamennirnir telja sig geta endurskapað andlit Da Vincis fái þeir hauskúpu hans í hendur. Ekki eru allir sáttir við að grafhýsi hans verði opnað.

Endurbætur hjá Hrafnistu:

300 milljóna framkvæmdir

SAMFÉLAGSMÁL Framkvæmdir sem áformaðar eru hjá Hrafnistu í Reykjavík í ár munu kosta um 300 milljónir króna. Ákveðið hefur verið að halda áfram endurbótum á húsnæði Hrafnistu þrátt fyrir erfitt efnahagsástand, að því er fram kemur í tilkynningu.

Endurbætur hófust á húsnæði Hrafnistu árið 2007, og er áætlað að þeim ljúki árið 2013. Heildarkostnaður verður þá kominn í rúmlega einn milljarð króna.

Í febrúar hefst framkvæmdir við fjórða áfanga breytinganna og herbergi í F-álmú stækkuð og endurbætt. - bj

VIÐ MÆLUM HEYRNINA ÞÍNA ÓKEYPIS!



HEYRNARSTÖÐIN

Læknastöðin, Kringlunni • Tímappantani 568 7777 • heyrnarstodin.is

VEÐURSPÁ



Soffía Sveinsdóttir veðurfréttamaður

KÓLNAR Í VEÐRI í dag verður frekar vætusamt en á morgun léttir heldur til. Búast má við eljum NA-lands en annars verður bjart með köflum. Á fimmtudaginn léttir til austanlands en þykknar upp með úrkomu vestan til. Það kólnar heldur í veðri en verður áfram frostlaust syðra.

Á MORGUN NV- og V-áttir, 3-8 m/s.

FIMMTUDAGUR Hæg breytileg átt um allt land.

HEIMURINN

Alicante	12°
Basel	6°
Berlín	-9°
Billund	-3°
Eindhoven	-2°
Frankfurt	-4°
Friedrichshafen	-3°
Gautaborg	-2°
Kaupmannahöfn	-2°
Las Palmas	19°
London	3°
Mallorca	10°
New York	9°
Orlando	20°
Ósló	-3°
París	1°
San Francisco	13°
Stokkhólmur	-5°

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.



Cayenne Diesel

Tog 550 Nm.
Hröðun 8,3 sek 0-100 km/klst.
Eyðsla 7,9 l / 100 km.
Verð Kr. 11.950.000

Porsche Cayenne Diesel





Eru prófkjör heppileg leið til að velja á framboðslista?

Já 43%
Nei 57%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Ætti ríkisstjórnin að skipta sér meira af rekstri bankanna?

Segðu skoðun þína á Vísli.



Bandarískur fræðimaður fékk að vita að bandarísk stjórnvöld eru að vernda nafn einstaklings:

Laxness-skjölin í ráðuneyti Hillary Clinton

SAGNFRÆÐI Eftirstandandi leyniskjöl bandarískra stjórnvalda um Halldór Laxness eru nú komin í vörslu bandaríska utanríkisráðuneytisins.

Þessi svör hefur Laxness-fræðimaðurinn Chay Lemoine eftir bandarísku alríkislögreglunni, FBI, en hann hefur um árabíl reynt að kría út skjölin frá henni og CIA. Hann reyndi það nýverið hjá ráðuneyti Hillary Clinton utanríkisráðherra.

„Þá hringdi afar kurteis kona úr ráðuneytinu í mig og vildi allt fyrir mig gera. Hún sagði ekki geta sent mér skjölin,“ segir Lemoine. Hann hafi spurt konuna hverju þetta sætti og hún hafi að lokum gefið upp að verið væri að „vernda nafn“.

Lemoine telur það benda til að upplýsingarnar séu viðkvæmar að þær eru geymdar í utan-

ríkisráðuneytinu. Í blaðinu hefur komið fram að umrædd skjöl séu sögð ógna þjóðaröryggi Bandaríkjanna. Lemoine telur að skjölin sýni afskipti Bandaríkjanna af innanríkismálum Íslands, og vera frá árunum 1946 til 1948.

„Ég hef ekki fleiri úrræði og held að það eina sem hægt er að gera sé að íslensk stjórnvöld biðji sjálf um skjölin, fyrir sig. En ég veit ekki hvort þau vilja það. Það er sagt að þetta sé viðkvæmt fyrir Bandaríkin, en ég held að þetta sé miklu viðkvæmara fyrir Ísland. Vilja Íslendingar vita, og hefja umræðu um, hver hafi ef til vill verið landráðamaður og starfað með Bandaríkjunum gegn Íslendingum?“ spyr Lemoine.

Árið 2008 bað íslenska utanríkisráðuneytið um að fjölskylda Laxness fengi að sjá skjöl tengd höfundinum. Þrettán lítilljörleg skjöl bárust en ekki hin frægu leyniskjöl.



CHAY LEMOINE Fræðimaðurinn bandaríski hefur lengi barist fyrir því að skjöl stjórnvalda sinna um Halldór Laxness verði opinberuð. Hann hefur meðal annars beðið þáverandi þingmanninn Barack Obama um aðstoð.



Upplýsingar og skráning:
544 4500 / www.ntv.is

Það vantar alltaf góða sölumenn!

Atvinnulausir fá 25% styrk frá NTV af auglýstu staðgreiðsluverði

Sölu- og markaðsnám

264 stundir - Verð: 229.000.- Einingar til stúdentprófs: 10

Líflegt og fjölbreytt nám fyrir þá sem vilja tileinka sér sérþekkingu á sölu- og markaðsmálum, stofna eigið fyrirtæki eða styrkja sig í starfi. Námið er sérstaklega fjölbreytt eins og sést hér að neðan:

Helstu námsgreinar:

- Hlutverk sölumanns (6) • Windows, Internet og tölvupóstur (6)
- Samskipti við viðskiptavini (6) • Sölu- og viðskiptakerfi (24)
- Verslunarreikningur (24) • Word ritvinnsla og tilbodagerð (30)
- Markaðsfræði (30) • Excel töflureiknir og gerð söluáætlana (30)
- PowerPoint og gerð sölukynninga (12) • Framkoma og framsögn (6)
- Söluáætlun og aðferðir (18) • Markaðsrannsóknir (12)
- Auglýsingatækni (6) • Markaðsfræði 2 (6) • Publisher umbrot (6)
- Tímastjórnun (6) • Lokaverkefni og sölukynning (30)

Næstu námskeið:
Morgunnámskeið byrjar 8. feb.
Kvöld- og helgarnámskeið byrjar 9. feb.



NÝ TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN – VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI

Aukið svigrúm til að grípa inn í samruna

Samkeppniseftirlitið taldi sig ekki hafa heimildir til að setja skilyrði þegar bankar taka yfir fyrirtæki. Niðurstaða áfrýjunarnefndar er á aðra leið. Landsbankinn segir niðurstöðuna eyða óvissu um rekstrarumhverfi slíkra fyrirtækja.

SAMKEPPNISMÁL Samkeppniseftirlitið hefur rýmri heimildir en áður var talið til að grípa inn í samruna, og þar með meiri möguleika til að taka á samkeppnislegum vandamálum sem tengjast eignarhaldi bankanna á fyrirtækjum.

Þetta kemur fram í yfirlýsingu Samkeppniseftirlitsins vegna úrskurðar áfrýjunarnefndar um samkeppnismál vegna samruna Vestia og Teymis, sem fjallað var um í Fréttablaðinu í gær. Þar staðfestir nefndin samrunann, en leggur fyrir Samkeppniseftirlitið að setja honum ákveðin skilyrði. Eftirlitið mun í kjölfarið taka samrunann fyrir að nýju.

Það er mat áfrýjunarnefndarinnar að Samkeppniseftirlitið hafi heimildir til að setja skilyrði um að fyrirtæki séu yfirtekin af bönkunum, segir í tilkynningu Samkeppniseftirlitsins. Þau skilyrði geti til að mynda verið að fyrirtæki verði seld innan tiltekins tíma, og að sjálfstæði þeirra verði tryggt.

Vestia er dótturfélag Landsbankans, sem stofnað var til að fara með eignarhald þeirra fyrirtækja sem bankinn þarf að taka yfir. Teymi á meðal annars símafyrirtækið Vodafone.

Niðurstaða áfrýjunarnefndarinnar eyðir óvissu um samkeppnislegt rekstrarumhverfi þeirra fyrirtækja sem Landsbankinn fer með í gegnum Vestia, segir í tilkynningu frá bankanum.

Þar segir að kappsmál sé fyrir bankann að reynt verði eftir föngum að koma í veg fyrir neikvæð áhrif af eignarhaldi banka á íslenskt atvinnulíf við þær sérstæðu kringumstæður sem nú ríki. Jafnframt verði að virða hagsmuni bankans af því að endurheimta lán til fyrirtækjanna.

Síminn kærði þá ákvörðun Samkeppniseftirlitsins að aðhafast ekki



KÆRA Samkeppniseftirlitið taldi ekki ástæðu til að aðhafast vegna samruna Teymis og Vestia á síðasta ári. Síminn kærði þá niðurstöðu til Áfrýjunarnefndar um samkeppnismál, sem úrskurðaði að Samkeppniseftirlitið skuli setja skilyrði fyrir samrunanum.

VILL SKILYRÐI UM ARÐSEMI OG GEGNSÆI

Niðurstaða áfrýjunarnefndar um samkeppnismál vegna samruna Teymis og Vestia setur skýr fordæmi um hvernig samkeppnisyfirlit eiga að taka á eignarhaldi bankanna á fyrirtækjum á samkeppnismarkaði, segir Sævar Freyr Þráinsson, forstjóri Símans.



SÆVAR FREYR ÞRÁINSSON

„Úrskurðurinn mun nýtast öllum sem eru í sambærilegri stöðu og Síminn, eru að keppa við fyrirtæki sem eru komin undir væng bankanna,“ segir Sævar.

Hann segist eiga von á því að Samkeppniseftirlitið setji formleg skilyrði fyrir þessum samruna, og öðrum svipuðum sem á eftir komi.

Slík skilyrði geti meðal annars tengst arðsemiskröfu og upplýsingagjöf, sem geti komið í veg fyrir undirboð. Þá sé mikilvægt að bankinn hygji ekki fyrirtækjum í sinni eigu með viðskiptum, og stjórn fyrirtækisins sé sjálfstæð og ekki skipuð starfsmönnum bankans.

vegna samruna Vestia og Teymis til áfrýjunarnefndarinnar.

Síminn krafðist þess að nefndin gripi til íhlutunar í samrunann, en til vara að ákvörðun Samkepp-

niseftirlitsins yrði felld úr gildi og lagt fyrir eftirlitið að taka málið upp aftur. Áfrýjunarnefndin hafnaði aðalkröfunni, en féllst á varakröfuna.

brjann@frettabladid.is

Meiri aðgreining eykur líkur á að fyrirtæki verði sett í þrot, segir bankastjóri:

Þurfum að leita jafnvægis

SAMKEPPNISMÁL Meiri aðgreining milli bankanna og fyrirtækja sem þeir þurfa að taka yfir eykur líkurnar á því að bankarnir setji fyrirtækin í þrot eða stutt söluferli í stað þess að taka þau yfir, segir Ásmundur Stefánsson, bankastjóri Landsbankans. Hvort tveggja sé ógnun við samkeppni.

Hann segir of snemmt að segja til um áhrif úrskurðar áfrýjunarnefndar samkeppnismála. Nefndin fól Samkeppniseftirlitinu að fjalla á ný um samruna Teymis og Vestia, dótturfélags bankans.

Ásmundur segir að finna verði ásættanlega aðferðafræði fyrir banka sem þurfi að taka fyrirtæki yfir. Það sé mikilvægt fyrir alla viðskiptabankana. Til dæmis hafi ítrek-



ÁSMUNDUR STEFÁNSSON

að komið upp að fyrirtæki í samkeppni við félag sem bankinn hefur þurft að taka yfir sé einnig í viðskiptum við Landsbankann.

Ekki er ágreiningur milli samkeppnisyfirlits og Landsbankans um markmiðin, segir Ásmundur. Samstaða verði að vera um aðferðirnar. Allir séu að læra hvernig best sé að fara með þessi erfiðu mál við þær óvenjulegu aðstæður sem nú séu uppi.

Ekki er ljóst hvort hugmyndir um að skilyrða samruna við sölu yfirtekins fyrirtækis innan ákveðins tíma eru góðar eða slæmar, segir Ásgrímur. Aðstæður séu þannig að erfitt sé að selja fyrirtæki, og of þröngur tímarammi geti því verið skaðlegur.

- bj

FROST Í MANNVIRKJAGERÐ



Útboðspingi frestað um óákveðinn tíma

Engin atvinnugrein hefur orðið fyrir jafnmiklum samdrætti á undanförnum misserum og mannvirkjagerð. Fleiri þúsundir hafa misst atvinnuna og hundruð fyrirtækja hætt starfsemi. Þau fyrirtæki sem enn eru í rekstri hafa þurft að draga saman starfsemi sína.

Undanfarna áratugi hafa samtök fyrirtækja í mannvirkjagerð staðið fyrir Útboðspingi í lok janúar til þess að kortleggja verkefni sem framundan eru í samráði við stærstu opinberu verkkaupana. Nú verður í fyrsta sinn messufall vegna þess að ekki hafa verið tilkynnt áform um stórfamkvæmdir af hálfu opinberra aðila.

Samtök iðnaðarins krefja stjórnvöld um aðgerðir tafarlaust!





1. Hver er formaður Félags kvikmyndagerðarmanna?
2. Hvert er nýtt heiti fyrir-tækisins Landic Property sem þar áður hét Fasteignafélagið Stodir?
3. Hvaða lag syngur Hemmi Gunn á væntanlegri plötu Monos?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 30

Allir frambjóðendur sem tóku þátt í síðasta prófkjöri hafa gefið upp kostnað:

Fimm nýir í boði hjá Samfylkingu

STJÓRN MÁL Fimm nýir bjóða sig fram í prófkjöri Samfylkingarinnar fyrir borgarstjórnarkosningarnar í ár. Nokkrir þeirra hafa áður komið að starfi flokksins, en ekki boðið sig fram í prófkjöri, eða setið á lista, fyrir flokkinn. Netkosning í prófkjöri hefst í dag og lýkur henni á kjördag, laugardag.

Þau Hjálmar Sveinsson, útvarpsmaður á RÚV, og Margrét K. Sverrisdóttir, varaborgarfulltrúi F-lista, sækjast bæði eftir þriðja sætinu.

Bjarni Karlsson prestur býður sig fram í þriðja og fjórða sætið.

Þá sækist Lárus R. Haraldsson, verkefnastjóri hjá Reykjavíkurborg, eftir fjórða og að sjötta sæti.

Reynir Sigurbjörnsson er rafvirki hjá Vega-gerðinni og býður sig fram í fimmta og sjötta



BJARNI KARLSSON,



HJÁLMAR SVEINSSON



LÁRUS R. HARALDSSON



MARGRÉT K. SVERRISDÓTTIR



REYNIR SIGURBJÖRNSSON

sæti. Þess skal getið að Stefán Benediktsson arkitekt er eini frambjóðandinn í prófkjöri Samfylkingar, sem tók þátt í síðasta prófkjöri og var ekki á lista yfir þá frambjóðendur sem skiluðu Ríkisendurskoðun fjárhagsupplýsingar vegna þess.

Stefán hefur nú sent blaðinu yfirlýsingu um að kostnaðurinn hafi verið undir 300 þúsund krónum.

Hann hafi sent Ríkisendurskoðanda yfirlýsingu of seint. Ríkisendurskoðandi tók því ekki við henni.

- kóp

Þúsund þakkir!

Innilegar þakkir fyrir þátttökuna í jólasöfnun Hjálparstarfs kirkjunnar.

Við komum gjöfinni þinni í þakklátar hendur, þangað sem hennar er virkilega þörf.

 Hjálparstarf kirkjunnar

www.help.is



KVEIKJA Á PERUNNI Meistararnemar við RES orkuskólann á Akureyri vinna verkefni þar sem gróðurhúsagasi er notað til að búa til rafmagn. MYND/NÝSKÖPUNARMIÐSTÖÐ

Rafmagn framleitt í fyrsta sinn úr gróðurhúsagasi:

Grænt rafmagn knúði tölvu og ljós

IBNAÐUR Rafmagn hefur í fyrsta sinn verið framleitt úr gróðurhúsagasi hér á landi. Þannig framleitt rafmagn var síðasta föstudag notað hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands til að knýja ljósaperur og fartölvu. „Aðferðin boðar nýja orkubyildinguna í endurnýtingu koltvísýringa,“ segir í tilkynningu.

„Í vetur hafa tveir nemendur frá RES skólanum á Akureyri unnið að meistaraverkefni í Nýsköpunarmiðstöð undir leiðsögn prófessors Þorsteins I. Sigfússonar, eðlisfræðings og forstjóra Nýsköpunarmiðstöðvar. Verkefnið er unnið í náinni samvinnu við sprotafyrirtækið Carbon Recycling International (CRI) sem notar við vetni og koltvísýring við framleiðslu sína á metanóli í vökvaformi,“ segir í tilkynningunni, en

verkefnið gekk svo út á að nota metanólið sem þannig var fengið til þess að knýja efnarafala til þess að framleiða rafmagn.

Haft er eftir Þorsteini I. Sigfússyni að um sé að ræða tímamót í íslensku orkusögu. „Sá möguleiki að geta umbreytt mengandi losunargasi í orku er stórkostlegur.“ Afurðin segir hann að sé „grænt metanól“ sem nota megi á bíla og önnur farartæki og gæti sparað mikla orku hvort heldur sem er í samgöngum eða við fiskveiðar.

Meistararnemarnir Lapinski og Kluska, styrkþegar frá Póllandi, unnu að verkefninu við RES orkuskólann á Akureyri. Það var unnið í samvinnu við Háskóla Íslands, Nýsköpunarmiðstöð og fyrirtækið CRI.

- óká

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.



Blaðberinn...

...góðar fréttir fyrir umhverfið



– Þú finnur fjölda gírnilegra uppskrifta að kvöldmatnum á www.gottimatinn.is

RISA

UTSALA



30-70%

AFSLATTUR!

KING KOIL HEILSURÚM
(Queen Size 153x203)

35%

AFSLÁTTUR

ÁÐUR FRÁ 155.800 kr.

NÚ FRÁ 99.712 kr.

SVEFNSÓFAR

30%

AFSLÁTTUR

Verð nú frá

104.860 kr.

HEILSUKODDAR

30%

AFSLÁTTUR

Verð nú frá

5.915 kr.

SÆNGURFÖT

30%

AFSLÁTTUR

Verð nú frá

4.830 kr.

rekkjan



BOLTA/EFINGAR Þessi ungu piltar dreifðu huganum með því að æfa fótbolta í flóttamannabúðum í Port-au-Prince í gær. NORDICPHOTOS / AP

Samtökin Sól í Straumi segja Icesave og stækkun álvers alls óskyld mál:

Vilja kjósa seinna um álversstækkun

IDNADUR Sól í Straumi hvetur bæjarstjórn Hafnarfjarðar til að hafa fyrirhugaðar kosningar um svenfnda stækkun álversins í Straumsvík samhliða bæjarstjórnarkosningum í vor, frekar en 6. mars.

„Bygging á nýju 55 prósentu stærra álveri í Straumsvík og samþykkt Icesave-laganna eru óskyld málefni og þykir Sól í Straumi ljóst að öll umræða um nýtt álver við hlið þess gamla muni vera kæfð í umræðu og umfjöllun fjölmiðla um Icesave-kosningu,“ segir í tilkynningu samtakanna. „Til að tryggja opna og lýðræðislega umræðu, auk þess að gefa íbúum bæjarins svigrúm til að mynda sér skoðanir, er



FRÁ FYRRI KOSNINGU Pétur Óskarsson, talsmaður Sól í Straumi, ræðir við Lúðvík Geirsson, bæjarstjóra Hafnarfjarðar.

eðlilegra að kosning um þetta stóra mál verði haldin í vor samhliða bæjarstjórnarkosningum.“

Norð austurland:

Tengslanetið Urður verður til

ATVINNUMÁL Nýstofnað er félagið Urður, tengslanet kvenna á Norðausturlandi. Á fréttavefnum Skarpur.is kemur fram að tæplega fimmtíu konur hafi mætt á stofnfund félagsins síðastliðinn föstudag.

„Gréta Bergrún Jóhannesdóttir flutti stórskemmtilegan fyrirlestur, „Á vígvellinum eða í skúringunum, kynjaðar myndir í íslenskum fjölmiðlum“, og sérstakir gestir fundarins, Auður Anna Ingólfssdóttir, Björk Sigurgeirsdóttir og Jóhanna Guðmundsdóttir frá TAK, tengslaneti kvenna á Austurlandi, fluttu ávörp,“ segir þar. - óká

Sveitarfélagið Garðabær:

Mótar sérstaka lýðræðisstefnu

SVEITARSTJÓRNARMÁL Garðabær verður fyrst íslenskra sveitarfélaga til að móta sérstaka lýðræðisstefnu, að því er frá er greint á vef Sambands íslenskra sveitarfélaga. „Mörg sveitarfélög á Norðurlöndunum hafa þegar mótað slíka stefnu með það að markmiði að efla hið staðbundna lýðræði. Þetta er meðal þess sem fram kom á fyrsta fundi stýrihóps um mótun lýðræðisstefnu Garðabæjar sem haldinn var í Garðabergi 21. janúar.“

Meðal gesta á fundi stýrihópsins var Gunnar Helgi Kristinsson prófessor í stjórnmálafræði. - óká

Ráðherra í Búrma um fangavist Aung San Suu Kyi:

Verður sleppt úr fangelsi í nóvember

BÚRMA Ráðherra í Búrma hefur sagt að Aung San Suu Kyi, leiðtoga stjórnarandstöðunnar, verði sleppt úr stofufangelsi í nóvember næstkomandi. Það verður mánuði eftir fyrstu þingkosningar sem fram hafa farið í landinu í tvo áratugi. Aung San hefur setið í stofufangelsi í fjórtán af síðustu tuttugu árum.

Í ágúst síðastliðnum var hún dæmd í átján mánaða stofufang-



AUNG SAN SUU KYI

elsi til viðbótar eftir að bandarískur maður synti yfir stöðuvatn að heimili hennar.

Flokkur Aung San vann stórsigur í kosningum árið 1990. Herforingjastjórnin neitaði að viðurkenna kosningarnar og hefur síðan verið að bröla við að halda henni frá stjórn-

málum.

Aung San er handhafi friðarverðlauna Nóbels. - ót



LÍFLÁTINN Fyrri dauðadómi yfir Ali Hassan al-Majid var ekki framfylgt meðal annars svo raddir Kúrda, sem lifðu af efnavopnaárásina í Halabja árið 1988, fengu að heyrast. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Efnavopna-Ali líflátinn

Ali Hassan al-Majid var hengdur í fangelsi í Írak í gær. Hlaut alls fjóra dauðadóma fyrir glæpi gegn mannkyninu. Fyrirskipaði efnavopnaárás á Kúrda.

ÍRAK, AP Ali Hassan al-Majid eða „Efnavopna-Ali“ eins og hann var kallaður var tekinn af lífi í Írak í gær, viku eftir að hann var dæmdur til dauða fyrir fjöldamorð á yfir fimm þúsund Kúrdum árið 1988.

Al-Majid var dæmdur fjórum sinnum til dauða fyrir glæpi gegn mannkyninu áður en hann var tekinn af lífi í gær. Hann var hengdur í fangelsi í Bagdad.

Hann fékk viðurnefnið Efnavopna-Ali þar sem hann fyrirskipaði notkun efnavopna gegn Kúrdum í bænum Halabja árið 1988. Árásin var hluti af viðbrögðum Saddams Hussain, þáverandi forseta Íraks og frænda Al-Majid, gegn Kúrdum í Norður-Írak.

Í árásinni á Halabja sveimuðu íraskar orrustuþotur yfir bænum

í um fimm klukkustundir og úðuðu blöndu af sinnepsgasi og taugagasi yfir íbúa bæjarins.

Al-Majid var fyrst dæmdur til dauða í júní 2007 fyrir að fyrirskipa fjölmargar árásir á Kúrda árið 1988. Í desember 2008 var hann dæmdur til dauða fyrir sinn þátt í að berja niður uppreisn í kjölfar fyrra Persaflóaströfsins árið 1991. Þá var hann dæmdur til dauða í mars 2009 fyrir að fyrirskipa morð í hverfinu Sadr City í Bagdad árið 1999.

Þrjár sjálfsvígisárásir voru gerðar í Bagdad skömmu eftir að tilkynnt var um aftöku al-Majid í gær. Ekki er ljóst hvort þær voru ætlaðar sem viðbrögð við aftökunni.

brjann@frettabladid.is

PHOTOSHOP EXPERT

- ALVÖRU PHOTOSHOP NÁMSKEIÐ -



Upplýsingar og skráning:
544 4500 / www.ntv.is



KENNARI NÁMSKEIÐSINS, SIGURÐUR JÓNSSON, LÆRÐI LJÓSMYNDUN Í SCHOOL OF VISUAL ARTS Í NEW YORK OG ÖÐLAÐIST MEISTARARÉTTINDI Í LJÓSMYNDUN ÁRIÐ 1989. HANN HEFUR HALDIÐ NÁMSKEIÐ Í STAFRÆNNI MYNDVINNSLU FYRIR LJÓSMYNDARAFÉLAG ÍSLANDS, LISTAHÁSKÓLA ÍSLANDS, MARGMIÐLUNARSKÓLANN, IÐNSKÓLANN Í REYKJAVÍK OG NÚ Í 5 ÁR HJÁ NTV.

PHOTOSHOP EXPERT

Við hjá NTV leyfum okkur að fullyrða að þetta sé eina námskeiðið sem uppfylli kröfur þeirra sem einhverja reynslu hafa í Photoshop. Námskeiðið er yfirgripsmikið þar sem mikið er lagt upp úr þeim þætti sem snýr að eftirvinnslu s.s. litgreiningu, prófílum, upptöku aðgerða, skipulag, meðferð RAW skráa, og öllum þeim aðgerðum sem áður fyrr voru framkvæmdar í myrkrakompu.

KENNSLUTILHÖGUN

Mánudaga og miðvikudaga 18-22.
Byrjar 15. feb. og lýkur 24. mars

FYRIR HVERJA?

Námskeiðið er ætlað þeim sem vinna við grafík og stafræna myndvinnslu og vilja ná dýpri þekkingu og skilningi á nær óendanlegum möguleikum þessa flotta verkfæris.

Námið er undirbúningur fyrir alþjóðlegt próf sem gefur gráðuna: Adobe Certified Expert.

INNTÖKUSKILYRÐI

Þeir sem ætla í þetta nám þurfa að hafa einhverja reynslu í Photoshop og undirstöðuþekkingu á Windows umhverfinu.

Einnig þarf góða enskukunnáttu þar sem flest námsgögn eru á ensku.

ntv

NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN – VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI

At litlum neista...

Nýtt magalyf án lyfseðils

Omeprazol Actavis

- öflugt lyf við brjóstsvíða og súru bakflæði

20 mg, 28 stk. - fáanlegt án lyfseðils í næsta apóteki

Notkunarsvið: Omeprazol Actavis inniheldur omeprazol sem hefur seyringu á magasyru. Omeprazol Actavis er notað við tilfallandi brjóstsvíða og súru bakflæði. Frábendingar: Önnur lyf innihaldandi sýruþyrms, samtíða notkun lyfa sem innihalda atazanavir. Varúð: Geta skil sérstakur varúðar. Ef verslegt og óvænt þyngdarpot verður, við endurtekin uppköst, ef erfiðleikar eru við að kyngja, við blóðuppköst eða blöð í hægðum, ef lífr- eða nymstarþermi er skert. Böm og unglingar undir 18 ára aldri eiga ekki að nota lyfið nema að ráði lækris. Omeprazol Actavis inniheldur sukrosa. Meðgangarbrjóstgjöf: Leiðir ráða tjá leikni áður en lyfið er notað. Ákstur og notkun valla: Aukaverkanir, svo sem þreyta, svimi og sjón- og heyrnartruflanir, geta komið fram og geta haft áhrif á færni til aksturs eða notkunar valla. Aukaverkanir: Algengar aukaverkanir eru niðurgangur, hægðatregða, vindgangur, ógleði, uppköst, svefntruflanir, surst, hölluverkur eða þreyta. Þessar aukaverkanir verða yfirleitt vagnar við áframhaldandi meðferð. Skammtastærðir: Fullorðnir: 1 slygipöð lyfu eftir þörfum. Ekki má nota meira en 20 mg á sóðalífing. Ef einhverjinn hvern ekki eftir að Omeprazol Actavis hefur verið notað í 14 daga skal hafa samband við læknissvígna þess að einhverjinn gætu verið af öðrum orsökum. Gleypa á slygipöðum hylkin með vagn af vörva. Slygipöðu hylkin ætti að taka fyrir máltíð t.d. morgunvat eða kvöldmat eða á fastandi maga. Hvorki má tyggja né mylja slygipöðu hylkin. Leiðir vandlega leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið lyfið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Janúar 2009.

actavis



Atlantsolíudagur



Í dag veitir dælulykill Atlantsolíu 5 króna afslátt fram til miðnættis. Lykillinn er ókeypis. Aukaafsláttur dagsins bætist ekki ofan á önnur afsláttarkjör.

Fáðu þér dælulykil á www.atlantsolia.is



ATLANTSOLIA

Atlantsolia - Lónsbraut 2 220 Hafnarfirði - Sími 591 3100 - atlantsolia@atlantsolia.is

Jóhann Ólafsson & Co



SPARAÐU með OSRAM SPARPERUM.

- 80% orkusparnaður
- Umhverfisvænar
- 6-20x lengri líftími
- Fjölbreytt úrval

SJÁÐU HEIMINN Í NÝJU LJÓSI **OSRAM** OSRAM

Talsverðar annir hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu um helgina:

Átta líkamsárásir tilkynntar

LÖGREGLUMÁL Átta líkamsárásir voru tilkynntar til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu um helgina. Fjórar þeirra áttu sér stað í heimahúsum aðfaranætur laugardags og sunnudags. Flestar voru þær minni háttar og ekki er vitað til þess að fólk hafi orðið fyrir alvarlegum meiðslum.

Þá var þremur bílum stolið á höfuðborgarsvæðinu um helgina, tveimur í Reykjavík og einum í Hafnarfirði. Tveir bílanna voru skildir eftir ólæstir og í gangi en slíkt býður hættunni heim. Bílarnir eru allir komnir í leitirnar en einn þeirra er mikið skemmdur.

Ellefu ökumenn voru teknir fyrir ölvunarakstur í umdæminu. Þrír voru stöðvaðir á föstudag, fimm á laugardag og þrír á sunnudag. Níu voru teknir í Reykjavík og einn í Kópavogi og Garðabæ. Einn þessara ökumanna hafði þegar verið sviptur ökuleyfi og annar hefur aldrei öðlast ökuréttindi.

Loks voru fjórir ökumenn teknir á höfuðborgarsvæðinu fyrir að aka undir áhrifum fíkniefna. Þetta voru allt karlmenn á aldrinum 17 til 28 ára. Þrír voru stöðvaðir í Reykjavík og einn í Garðabæ. Einn þessara ökumanna hafði þegar verið sviptur ökuleyfi. -jss



LÖGREGLAN Hafði í ýmsu að snúast um nýliðna helgi.

ÍRAK

Mannfall í sprengjuárás

Að minnsta kosti 32 biðu bana og sjötiú liggja særðir eftir sprengjuárásir í Bagdad, höfuðborg Íraks, í gær. Þrjár bílsprengjur sprangu á sama tíma um hádegisbilið. Þeim hafði verið komið fyrir í grennd við þrjú hótél sem eru í miðborg Bagdad. Síðasta stórárás í Bagdad var gerð í byrjun desember en þá létust rúmlega hundrað manns.



VEIFAÐ ÚR VETNISRAFBÍL Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra fékk að prufukeyra Ford Focus vetnisrafbíll sem Skeljungur tekur í notkun eftir að hafa afhent átta fyrirtækjum slíka bíla hjá Brimborg í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Við í þjónustuverinu önnumst málin fyrir fólk frá morgni til kvölds.

Netbankinn stendur vaktina allan sólarhringinn.

Jónína Gunnarsdóttir, viðskiptastjóri í þjónustuveri

Orkuskipti í umferðinni

Fjöldi fyrirtækja tekur vetnisrafbíla í notkun. Hér er stærsti floti slíkra bíla í Evrópu. Þekkingarklasi á að stuðla að orkuskiptum í samgöngum, segir ráðherra.

ÍDNAÐUR Nýjum Ford Focus FCV vetnisrafbíllum Brimborgar og Íslenskrar Nýorku var í gær útteilt til fyrirtækja sem taka þátt í að safna upplýsingum um eiginleika slíkra bíla í daglegri notkun við krefjandi aðstæður.

Við afhendingu bílanna benti Egill Jóhannsson, forstjóri Brimborgar, á að hér á landi væri nú stærsti floti vetnisrafbíla í Evrópu, eða 22 bílar. „Næsta skref krefst þess að byggt verði upp dreifingarkerfi fyrir vetni,“ sagði hann og kvaðst gera ráð fyrir að hafin verði fjöldaframleiðsla bíla, á borð við þá sem nú eru hér í prófun, innan fimm ára.

Jón Björn Skúlason, framkvæmdastjóri Íslenskrar Nýorku, kvaðst jafnframt sannfærður um ágæti vetnisrafbíla, sér í lagi við íslenskar aðstæður, í samburði við aðra rafbíla. Þar skipti máli að ekki taki nema þrjár til fjórar mínútur að fylla á bílinn, meðan rafbílar þurfi jafnvel að vera í hleðslu í átta klukkustundir. Þá sé drægi nýjustu vetnisrafbíla mun meira en rafbíla.

Jón Björn segir áfram unnið að vetnistilraunum og rannsóknum hér og vísaði meðal annars til þess að félagið hafi nýverið fengið 46 milljónir króna í styrk frá Evrópusambandinu í tengslum við nýtt rannsóknarverkefni.

Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráð-

Við eigum bara eftir að gera byltingu á sviði samgangna og verðum þá 100 prósent endurnýjanleg.

KATRÍN JÚLÍUSDÓTTIR
ÍDNAÐARRÁÐHERRA

herra segir áfram unnið að orkuskiptaáætlun hér á landi. „Við eigum bara eftir að gera byltingu á sviði samgangna og verðum þá 100 prósent endurnýjanleg,“ sagði hún. Um leið áréttaði hún að það væri ekki hlutverk hins opinbera að velja tæknina, heldur ráði markaðurinn og tækninýjungar för. Þá þurfi að verða til þekkingarklasi þar sem einkafyrirtæki starfi með hinu opinbera við að búa í haginn fyrir það sem koma skal. „Hér verður vonandi orkuskiptabylting á næstu örfáu árum. Við höfum gert þetta áður,“ sagði hún og vísaði til þess þegar olfukyndingu hér á landi var nær alveg skipt út fyrir hitaveitu.

Katrín afhenti bílana, en fyrirtækin sem taka þátt í verkefninu eru Brimborg, Íslensk Nýorka, Ísafold Travel, Keilir, Orkuveita Reykjavíkur, Landsvirkjun, Icelandic Hydrogen, Elding hvalaskoðun, Nýsköpunarmiðstöð og Skeljungur.

olikr@frettabladid.is

Varfærni, einfalt þjónustuframboð og örugg vinnubrögð skipta öllu máli fyrir fólk og fyrirtæki.

Þannig á banki að vera.

- Debetkort
- Launareikningur
- Kreditkort
- Netbanki
- Netgreiðsluþjónusta
- Gjaldreikningar
- Spamaðarreikningar
- Yfirdráttur

Það er minna mál að skipta um banka en þú heldur.

Hafðu samband í síma 540 3200.

MP BANKI

Borgartúni 26 · www.mp.is




VANDAÐAR HÁGÆÐA ELDHÚSINNRETTINGAR

Allt að **35%**
afsláttur

... eitt hagstæðasta verðið á markaðnum



LINE Glerhörð, kámfri áferð
Hvítt lakkað háglans, höldulaus



COUNTRY Glerhörð, kámfri áferð
Fulningur - hvítt lakkað, háglans

til
afgreiðslu
af lager



HORIZONTAL
Spónlögð amerísk hnota



DUCALE
Ljós eik - innfelld handföng



DUCALE Glerhörð, kámfri áferð
Hvítt lakkað háglans, innfelld handföng

**DRAUMIA
ELDHÚS**

INNRETTINGAR OG TÆKI STYÐJA VERKEFNIÐ:



- fyrir þitt heimili

www.i-t.is

Opið virka daga frá kl. 9-18 • laugardaga kl. 11-15

Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is



Skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis frestað í annað sinn

Enn lengist biðin eftir sannleikanum

Skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis hefur verið frestað í annað sinn – nú þar til í febrúarlök gangi allt að óskum. Umfang rannsóknarinnar hefur reynst mun meira en nefndarmenn bjuggust við og hefur reynt mjög á, eins og þeir lýstu þegar þeir kynntu hin þungbæru tíðindi.

Skýrslan verður löng og efnismikil eins og við var að búast. Gert hefur verið ráð fyrir um 1500 blaðsíðum fram að þessu en Páll Hreinnson og Tryggvi Gunnarsson, tveir af þremur nefndarmönnum, telja nú líklegt að hún muni slaga í tvö þúsund síður. Í skýrslunni er ætluð að varpa ljósi á meginorsakir íslenska bankahrunsins, með áherslu á bankana sjálfa og íslenska stjórnkerfið, og hefur nefndin til þess haft svo til óheftan aðgang að öllum upplýsingum úr stjórnkerfinu og bönkunum.

Kynnt fyrir Icesave-atkvæði

Skýrslan átti fyrst að koma út 1. nóvember, síðan 1. febrúar, en hefur nú verið frestað aftur vegna umfangs rannsóknarinnar. Páll sagðist á fundinum í gær leiður yfir því en það þing og þjóð jafnframt að sýna biðlund þrátt fyrir skiljanlega óþreyju. Mikilvægt sé að vanda til verka eins og unnt er.

Komið hafa upp hugmyndir um að kynna ókláraðar áfangaskýrslur til að svara upplýsingaþorsta almennings svo fljótt sem auðið er. Páll og Tryggvi segja hins vegar að fljótlega hafi komið í ljós að þetta væri ómögulegt. Allt sem undir



LEIÐIR NEFNDARMENN Tryggvi og Páll hafa aftur frestað því að færa íslensku þjóðinni ótíðindi. Þeir fullyrða að það verði ekki umflúið. Þriðji nefndarmaðurinn, hagfræðingurinn Sigríður Benediktssdóttir, var ekki á blaðamannafundinum. FRÉTTABLAÐIÐ / STEFÁN

væri í rannsókninni hengi saman á svo marga vegu að útilokað hefði verið að slíta eitt atriði frá öðru.

Nú er áætlað að skýrsluskrifum ljúki eftir viku og þá verði þeim sem nefndin telur að hafi gert mistök eða hafi gerst sekir um vanrækslu í starfi gefið færi á að svara fyrir sig, eins og lög kveða á um. Þar er einkum um að ræða háttsetta embættismenn, og munu þeir mest hafa tvær vikur til andsvara. Ekki fyrr verður hægt að kynna skýrsluna.

Aðspurðir sögðust Páll og Tryggvi leggja nokkra áherslu á að skýrslan yrði gerð opinber fyrir þjóðaratkvæðagreiðsluna um Icesave-lögin, sem stefnt er að 6. mars, enda verður í skýrslunni fjallað um Icesave-reikningana fram að bankahruni og tilurð þeirra.

Ættu meira erindi til saksóknara

Sagt hefur verið frá því í fréttum að sumir sem eru taldir hafa verið aðalleikarar í darraðardans-

inum sem hér var stigin hafi ekki gefið skýrslu fyrir nefndinni, til dæmis Jón Ásgeir Jóhannesson og Björgólfur Thor Björgólfsson. Þessu hafa nefndarmenn svarað á þann veg að stundum séu skýrslutökur einfaldlega óþarfar; ekkert sé fengið með því að leyfa mönnum að úttala sig um mál sem þegar liggja að fullu fyrir í beinhörðum gögnum.

Enn fremur áréttaði Páll á fundinum að nefndinni væri ekki ætlað að rannsaka hugsanleg sakamál. Sumir þeirra einstaklinga sem nefnt hefði verið að ekki hefðu verið yfirheyrðir ættu meira erindi til saksóknara. Þá væri óheppilegt að ræða um of um hugsanleg sakarfeni við menn, enda kveði lög á um að vitnisburður fyrir rannsóknarnefndinni verði ekki notaður gegn mönnum í sakamáli sem síðar kunna að rísa.

Undrast fæð einkamála

Í samfélaginu hefur gætt óþolinmæði í garð þeirra sem fara með rannsókn á sakamáli sem tengjast bankahruninu. Bent hefur verið á að engin ákæra hafi enn verið gefin út, tæpum sextán mánuðum eftir hrun.

Tryggvi undrast á móti hversu fá einkamál hafa risið. „Ég hygg að þau séu teljandi á fingrum annarrar handar þau einkamál sem hafa farið af stað vegna þessara hluta,“ sagði Tryggvi og benti á að í sumum nágrannalöndum okkar væru þegar hafin dómsmál, til dæmis vegna starfshátta og markaðssetningar fyrirtækja í aðdraganda falls þeirra. „Getur það verið að það séu engin slík tilvik hér?“ spurði Tryggvi.

Þjóðin þyrfti frí til að lesa

Lögreglumenn hafa lýst yfir áhyggjum af því ástandi sem kann að skapast í kjölfar þess að skýrslan verði birt. Telja þeir að ófremdarástandið frá því fyrir réttu ári kunni að endurtaka sig.

STÆRSTA RANNSÓKN AF ÞESSU TAGI Í HEIMI

Sjálfrir eru nefndarmenn orðnir verulega verklúnir, eins og Tryggvi orðar það, eftir mikið álag og stanslausu vinnu undanfarna mánuði.

Tryggvi segir að rannsóknin sé líklega sú stærsta sinnar tegundar í heiminum, aldrei hafi farið fram jafnvíðamikil rannsókn á heilu banka- og stjórnkerfi. Þar að auki hafi þurft að vinna hana á afskaplega skömmum tíma.

Fjöldi starfsmanna hefur liðsinnt nefndinni, og nemur starfið í heild nú um 30 ársverkum, að sögn Tryggva. Meðal þeirra sem starfað hafa fyrir nefndina eru fyrrverandi starfsmenn gömlu bankanna. Páll segir að óhjákvæmilegt hafi verið

„Það þarf enginn að efast um að einhver verður reiður,“ segir Páll. Mestu skipti hins vegar að beina reiðinni í uppbyggilegan farveg. „Það gerist ekki með eignaspjöllum, líkamstjóni og öðru slíku. Við verðum að takast á við þetta ef við ætlum að komast áfram. Það gerum við með því að virkja þessa miklu orku sem fylgir reiðinni á uppbyggilegan hátt,“ sagði hann.

„Ég hef stundum hugsað það undanfarna sólarhringa að sennilega væri hyggilegast að það væri bara gefið frí í tvo, þrjú daga í samfélaginu og menn færu bara að lesa,“ bætti Tryggvi við.

Þegar spurt var hvort skýrslan væri líkleg til að tryggja sátt í samfélaginu sagði Páll að áður en von væri til sáttar þyrfti þjóðin að skilja hvað gerst hefði. Til þess væri skýrslan.

Pirraður Tryggvi gráti næst

Af orðum nefndarmanna má ráða að í skýrslunni muni felast stórtíðindi. Þeir segja rannsóknina hafa verið ógnarflókna og hún hafi sífellt undið upp á sig – mun meira en við var búist.

Þegar farið var af stað hafi menn í raun rennt algjörlega blint í sjóinn. „Þegar pottlokinu var lyft af, og byrjað var að hræra í pottinum, þá reyndist bara vera þó nokkuð mikið kjöt þarna niðri á botninum,“ segir Tryggvi.

Hann og Páll vildu lítið sem ekkert gefa upp um efni skýrslunnar, en Tryggvi útskýrði þó í hnitmiðuðu máli einkenni hins nýja fjármálamarkaðar sem að lokum varð okkur að falli: „Hlutirnir gerðust hratt, þeir gerðust kannski stundum án þess að þeir væru mörgum sýnilegir og það voru of fáir sem í raun og veru tóku þátt í leiknum,“ sagði hann.

„Svona gerist ekki nema menn hafi ekki gáð að sér,“ segir Páll og Tryggvi víðurkennir að honum hafi oft gramist sannleikurinn. „Ég held að í þessu verki verði ég einfaldlega að játa það að ég hef stundum verið nærri gráti og stundum afskaplega pirraður yfir því sem ég hef séð. Við megum ekki gleyma því að afleiðingarnar fyrir íslenskt samfélag eru náttúrulega slíkar að það jafnast í raun á við ákveðnar hamfarir. Þegar maður hefur áttað sig á því hvar hlutir voru gerðir og sérstaklega hvar hlutir voru ekki gerðir, þá verður maður auðvitað sár og svekkur.“

Sumir í fullkominni afneitun

Þá segja nefndarmennirnir viðbúið að þeir, sem vikið verður að í skýrslunni, komi til með að hafa ólíkar skoðanir á niðurstöðunni og störfum nefndarinnar. Utilokað sé að óumdeild samstaða náist um svo víðamikla skýrslu.

„Þeir sem komið hafa til okkar á fundi og í skýrslutökum eru allt frá því að vera í fullkominni afneitun um að nokkuð hafi gerst yfir í að vera búinir að átta sig vel á því hvað gerðist og hvað þarf að gera til að koma hlutunum í lag. Umræðan um skýrsluna verður á þessu víða plani, óhjákvæmilega,“ segir Páll.

stigur@frettabladid.is

Réttindi lífeyrisþega

Landsbankinn kynnr röð fjármálanámskeiða fyrir almenning undir yfirskriftinni **Fimmtudagskvöld eru fjármálakvöld**. Markmið námskeiðanna er að auðvelda fólki að öðlast betri yfirsýn yfir fjármál heimilisins.

Á næstu fjármálakvöldum verður farið yfir helstu breytingar sem gerðar voru á réttindum og greiðslum lífeyrisþega frá Tryggingastofnun ríkisins á árinu 2009. Sólveig Hjaltadóttir, framkvæmdastjóri, og Margrét Jónsdóttir, deildarstjóri á Réttindasviði TR, munu kynna breytingarnar og svara fyrirspurnum ásamt sérfræðingum bankans.

Námskeiðin verða haldin í eftirtöldum útibúum:

28. janúar	Akureyri, Strandgötu 1	kl. 20
4. febrúar	Selfossi, Austurvegi 20	kl. 20
11. febrúar	Bæjarhrauni, Hafnarfirði	kl. 20

Í lok febrúar og í marsmánuði verður boðið upp á fjármálafræðslu um skipulag og stýringu fjármála heimilisins þar sem fjallað verður um hvernig hægt er að endurskipuleggja fjármálin, ávöxtun og sparnað, vaxtakjör, útgjöld heimilisins og kosti heimilissókhalds.

Skráning og nánari upplýsingar eru á vef Landsbankans, landsbankinn.is, og í síma 410 4000. Allir velkomnir.



Norðlenskur - úrvals
blandaður
SÚRMATUR



Súrmatur frá Kjarnafæði
- hinn íslenski þorramatur

Stóra uppgjörið bíður.

Gleymda skýrslan

JÓN KALDAL SKRIFAR

Rannsóknarnefnd Alþingis tilkynnti í gær að enn frestast um sinn útgáfa á niðurstöðum hennar á aðdraganda og orsökum falls bankanna og tengdra atburða.

Engur skýrslu hefur verið beðið af viðlíka eftirvæntingu enda viðfangsefnið einhverjir dramatískustu atburðir Íslandssögunnar.

Það er skynsamlegt hjá rannsóknarnefndinni að gefa sér þann tíma sem hún telur nauðsynlegan til að ljúka störfum sínum. Mikilvægi vinnu nefndarinnar verður ekki ofmetið. Þegar upp er staðið mun skýrslan örugglega verða mikilvægara uppgjör við fortíðina og fall fjármálastöðva en þeir dómar sem mögulega eiga eftir að falla í dómsölum landsins. Í því samhengi er gott að hafa bak við eyrað reynslu Svía. Í kjölfar sænsku bankakreppunnar fyrir tæpum tuttugu árum voru mörg hundruð einstaklingar rannsakaðir, en aðeins örfáir dæmdir til refsingar.

Væntingarnar til skýrslu rannsóknarnefndarinnar eru sem sagt á þá leið að hún feli í sér einlægt og opinskátt samviskuuppgjör við það sem fór úrskeiðis í þjóðlífinu í mjög víðu samhengi.

Það er íhugunarefni af hverju fleiri álíka skýrslur hafa ekki verið settar saman á þengri sviðum. Til dæmis væri upplýsandi að lesa úttekt Háskóla Íslands, höfuðvígi akademíunnar í landinu, á aðkomu skólans að fjármálastöðva og þátttöku fulltrúa hans í upplýstri umræðu um útrásina.

Eins væri mjög áhugavert að sjá á prenti sjálfsskoðun stjórnvaldaflokkanna sem voru við völd fram að hruninu. Nú vill reyndar svo til að Sjálfstæðisflokkurinn lagðist einmitt í slíka innri rýni, ólíkt Framsóknarflokknum og Samfylkingunni.

Skýrsla endurreisnarnefndar flokksins var lögð fram á Landsfundinum í fyrra, en um 200 flokksmenn tóku þátt í að setja hana saman.

Því miður hátaði svo til að þessi gagnmerka skýrsla fékk ekki verðskuldaða athygli. Á meðan beðið er eftir skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis er hægt að gera margt vitlausara en að rifja upp hvað í henni stendur, því skýrsluhöfundar stóðu við gefin fyrirheit um „heidarlegt, málefnalegt og djarft framlag til umræðu og stefnumarkunar innan flokksins“ eins og kemur fram meðal annars í eftirfarandi punktum.

„Stjórnvöld og Seðlabankinn brugðust of seint við mikilli stækkun bankakerfisins. Nauðsynlegt hefði verið að auka vara-sjóðinn samhliða stækkun bankanna á þeim tíma sem lántökur í erlendri mynt á hæfilegum kjörum voru í boði, eða stemma stígu við stækkun bankanna. Stærstu mistök Seðlabankans voru að samþykkja fyrir sitt leyti innlánsstöfnun íslensku bankanna á erlendri grundu (fyrst og fremst Icesave). Hér hefði SÍ átt að grípa inn í strax (innlánsstöfnunin erlendis hófst 2006) með því að leyfa ekki íslenskum útíbúum bankanna erlendis að taka við innlánun sem féllu undir íslenskar innstæðutryggingar. Það er óþæpulegt að í bankastjórn SÍ hafa setið fyrrverandi valdamenn þjóðarinnar og stjórnvaldamenn.“

Í þessum línunum skýrslunnar og reyndar mörgum fleiri fólust vísbendingar um að Sjálfstæðisflokkurinn ætlaði að sýna meira þrek en aðrir flokkar við uppgjör við fortíðina, enda þurfti hann meira á því að halda. Sú reyndist þó ekki raunin þegar til kastanna kom.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMADUR: Ingibjörg S. Pálmasdóttir FORSTJÓRI OG ÚTGAUFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Jón Kaldal jk@frettabladid.is AÐSTODARITSTJÓRI: Steinn Stefnisson steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

FRÁ DEGI TIL DAGS

Kapitalisminn til bjargar

Þegar listinn yfir bestu vini kapitalismans á Íslandi verður tekinn saman, má gera því skóna að Ögmundur Jónasson alþingismaður verði ekki í hópi tíu efstu á listanum. En fátt er svo með öllu illt að ekki boði nokkuð gott. Ögmundur skrifaði grein í Fréttablaðið í gær þar sem hann bað um aðeins minni úrtökur. Það væri ekki allt að fara í hundana á Íslandi og ástæðan væri einföld: „Kapitalisminn er ágangari en margir halda.“ Einhver hefði þurft að láta segja sér það tvisvar að Ögmundur Jónasson ætti eftir að hampa kapitalisminum sem bjargvætti þjóðar í skuldakreppu.

Flott hjá hinum

Stjórn Kvenréttindafélags Íslands hefur sent frá sér yfirlýsingu þar sem hún lýsir sérstakri ánægju með reglur forvals Vinstri grænna í Reykjavík. Þar verður stuðst við fléttulista til að tryggja jafnt kynjahlutfall í sex efstu sætin. Segir í yfirlýsinguinni að þetta sé „kærkomið skref í átt að meira jafnræði kynjanna á sveitarstjórnarstigi“. Engu að síður ætlar formaður framkvæmdastjórnar Kvenréttindafélags Íslands, Margrét K. Sværisdóttir, að sækjast eftir sæti á lista Samfylkingarinnar.

Litla Ísland

Ákæra á hendur níu mótmælendum fyrir árás á Alþingi hefur verið dregin til baka. Ástæðan er sú að einn þingvarðanna sem lagði fram bótakröfu í málinu er hálfstýr eiginkonu Valtýs Sigurðssonar ríkissaksóknara. Það er heldur bagalegt þegar ríkissaksóknari ber ekki kennsl á nákomið venslafólk þegar hann gefur út ákæru. Má leiða líkur að því að Valtýr verði eftirleiddis duglegur við að keyra nöfn málsaðila saman við Ísland-ingabók áður en hann gefur út ákæru.
bergsteinn@frettabladid.is



Hörmungar á Haítí

Mikill vandi steðjar nú að Haítí eftir óvenju harðan jarðskjálfta sem varð þar fyrir tveimur vikum sem kostaði um 200.000 manns lífið. Hörmungarnar á Haítí eru þó ekki aðeins af völdum náttúrunnar því að landið er þar að auki óvenju illa búið til þess að takast á við slíkan vanda. Þjóðartekjur á mann eru með þeim lægstu í veröldinni og mikill meirihluti landsmanna býr undir fátæktarmörkum á meðan helmingur þjóðartekna rennur til 1% þjóðarinnar. Fyrir tilstuðlan Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og annarra lánastofna ríkir meira viðskiptafrelsi í Haítí en flestum iðnríkjum; tollar þar eru mjög lágir með þeim afleiðingum að innlend landbúnaðarframleiðsla hefur orðið undir í samkeppni við ríkisstyrktar bandarískar landbúnaðarafurðir (s.s. hrísgrjón) og matargjafir frá erlendum hjálparstofnunum. Þjóðartekjur hafa því farið lækandi en erlendar skuldir hafa vaxið og nú eru um 70 prósent tekna ríkisins erlend lán eða aðstoð. Stjórnvöld á Haítí eru því fullkomlega háð erlendum styrktaraðilum og sú stefna sem rekin hefur verið að undirlagi þeirra hefur skilað hinum örsnauda meirihluta landsmanna frekar litlu. Einnig þriðjungur barna lýkur grunnskólanámi, um þriðjungur hefur ekki aðgang að hreinu drykkjarvatni og um þriðjungur barna þjáist af krónískri vannæringu. Eyðileggingin sem fylgdi jarðskjálftanum margfaldar því neyð sem var afar sár fyrir.



SVERRIR JAKOBSSON
Í DAG | Hörmungar af mannavöldum

Því miður má færa ágæt rök fyrir því að neyðin sem fólk á Haítí býr við núna sé frekar rangsnúin refsing fyrir þann kjark og stórhug sem forfedur þess sýndu fyrir tveimur öldum. Þá varð bylting á Haítí í kjölfar frönsku byltingarinnar. Landið kallaðist þá Saint-Domingue og var mikilvægur hlekkur í

af framgangur lýðræðisins hefur orðið lítil.

Fyrir tveimur áratugum var þó efnitil lýðræðislegra kosninga sem presturinn Jean-Bertrand Aristide vann með yfirburðum enda naut hann mikils stuðnings meðal fátækustu borgara landsins. Skömmu síðar rændi herinn völdum en fyrir tilstuðlan Bandaríkjanna var herstjórninni veilt frá völdum og Aristide endurreisnur árið 1994. Stjórn hans hafði þó litla möguleika á að breyta valdahlutföllum í landinu þar sem hún var afar háð erlendu fjármagni og þeim skilmálum sem því fylgdu. Þegar Aristide var aftur kjörinn forseti árið 2000 setti hann fram hávarfar kröfur að Frakkar ættu nú að endurgreiða skaðabæturnar sem Haítí var gert að þola vegna afnám þrælshalds. Honum var aftur steipt af stóli 2004 en í þetta sinn kom Bandaríkstjórn honum ekki til aðstoðar heldur studdi við bakið á valdarásmönnum. Hið sama gerði ríkisstjórn Frakklands. Pólitískar afleiðingar af þessu síðara valdaráni voru ekki einhlítar og gamall bandamaður Aristides, René Preval, var síðar kjörinn forseti Haítí. Svigrúm hans til umbóta er engu meira en fyrirrennara hans þar sem landið er háð stuðningi erlendra lánastofnana. Jarðskjálftinn og eyðileggingin af völdum hans hefur valdið auknum áhuga alþjóðasamfélagsins á Haítí en gallinn er sá að slíkur áhugi hefur sjaldnast boðað gott fyrir landsmenn. Ný „raflostsmeðferð“ í boði alþjóðasamfélagsins er ekki það sem Haítí þarf á að halda núna heldur viðurkenning á því sögulega óréttlæti sem fyrsta frjálsa ríki í hinum vestræna heimi hefur verið beitt í gegnum tíðina. Fá ríki hafa meiri þörf eða rétt á því að losna undan oki erlendra skulda.

Lán til helsárra

UMRÆÐAN

Guðrún S. Guðlaugsdóttir skrifar um lánakjör



GUÐRÚN S. GUÐLAUGSDÓTTIR

Há láni frá AGS með 5 prósentu vöxtum til uppbyggingar eftir jarðskjálftana sem tók líf álíka margra og íbúar eru hér á höfuðborgarsvæðinu. Rætt er um fjármögnun lánsins og að það verði vaxtalaust í tvö ár. Yfirvöld Haítí hljóta senn að ræða þetta málefni. Vegna þeirra sem líða taka þau vonandi ekki til þess fimmtán mánuði eins og við höfum gert um Icesave-lánið með þeim árangri að skuldtryggingar á ríkissjóð voru 21. janúar sl. orðnar 636,6 punktar.

Erlendis óttast menn í vaxandi mæli greiðslu-fall íslenska ríkisins vegna óvissu um framhald samstarfs okkar við AGS vegna þjóðaratkvæðagreiðslunnar. Forseti okkar hefur haft forgöngu um að íslenskur almenningur kjósi um lán með 5,5 prósentu vöxtum, afborgunarlausu í 7 ár. Icesave-

lánið er sem sé næstum eins gott og hið blóðstorkna Haítí fær eftir sitt hroðalega áfall. Við sem höfum hús, ágæta heilbrigðisþjónustu, vega- og flugsamband erum enn að pexa. Ef Haítí býst ekki lán á betri kjörum en þetta – hvað getum við þá ætlast til að alþjóðasamfélagið geri fyrir okkur? Fólkinnu á Haítí er að blæða út í eiginlegri merkinu. Fyrirtækjum okkar mun, ef þessi heldur áfram, „blæða“ töluvert. Eitt er það að verða fyrir áfalli og annað að bregðast við því á vitrænan hátt. Fólk ætti að bera saman ástandið hér og á Haítí og kjör lána sem standa þessum löndum til boða.

Icesave-lán okkar er með um 0,5 prósentu hærru vöxtum en lán Haítí, afborgunarlaust í sjö ár. Fólk þykir óréttlátt að borga fyrir skuldir öreidumannanna, eins og kllífað er á. Hvað meiga þá íbúar Haítí segja? Skyldi ekki sumum þar þykja óréttlátt fyrir eina þjóð að verða fyrir svona áfalli, blásaklaus. Íslendingar geta þó að hluta kennt sjálfum sér um stjórnarfar og fjárhagslegt áfall í kjölfar þess. Eitt er víst, Íslendingar geta lært mikið af æðrúleysi íbúa Haítí.

Höfundur er blaðamaður og rithöfundur.

NICOTINELL
getur hjálpað þér að hætta að reykja ...með lakkrísbragði!



Nicotinell nikótínlyf fást án lyfseðils og eru notuð sein hvarfárin til þess að hætta eða draga úr reykningu. Til að ná sem bestum árangri skal ávalt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðlinum með lyfinu. Skammtar af Nicotinell lyfjatyggjum mega aldrei vera stærri en 25 stykki á dag. Þeir sem hafa fengið öfnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, fengið hjartasfalli nýlega, óstöðuga eða versandi hjartaþing, að meðtöldu Prímizmetali afbrigði hjartaþanga, alvarlega hjartaáttarreglu eða heilablóðfalli nýlega, eiga ekki að nota Nicotinell nikótínlyf. Sjúklingar með háþýsringu sem ekki hefur náðast stjórn á stöðuga hjartaþing, sjákdóm í heilaeðum, teppusjúkdóm í útlægum slagæðum, hjartaþing, sykursjúki, ofstarfsemi skjaldkirtils eða krómíkklaæxi, auk alvarlega skertrar nýrna- og/eða lífrarfarfsemu skulu gæta varuðar við notkun á Nicotinell. Böm undir 15 ára aldri, þunguáðar konur og konur með barn á brjósti skulu ekki nota lyfið nema að læknersáði. Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artisan ehf., Suðurláun 12a, 210 Garðabæ.



FERÐAPIJÓNUSTA BÆNDA gaf nýlega út bæklinginn The Ideal Holiday 2010 sem ætlaður er til dreifingar í Evrópu. Bæklingurinn er fyrsti prentgripurinn sem framleiddur er hjá Odda sem ber svansmerkið, norræna umhverfismerkið. www.sveit.is

ÞALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar **Henný Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Pórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447



Rafknúnir hæginda-stólar

- Auðveldi þér að standa upp
- Einfaldar stillingar og fjölbreytt úrval



www.eirberg.is • 569 3100 • Stórhöfða 25



Hjónin Vala og Guðjón fóru með syni sína þrjá, Patrek Orra fimm ára, Viktor Gauta ellefu ára og Arnar Ingimund níu ára í árslangt ferðalag um Suður-Ameríku. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Klifurhringir í stofunni

Margt áhugavert bar fyrir augu Guðjóns Svanssonar og fjölskyldu á ferðalagi um Suður-Ameríku. Æfingavellir fyrir börn og fullorðna voru meðal þess sem heillaði og fjölskyldan hefur nú heimfært upp á híbýli sín.

„Þetta var alveg ótrúlegt ævintýri. Við heimsóttum alls kyns skemmtilega staði og kynntumst mörgu áhugaverðu fólki,“ segir Guðjón Svansson, framkvæmdastjóri Kettlebells á Íslandi, sem fór með fjölskylduna, eiginkonuna Völu Jóhannesdóttur og þrjá syni, Viktor Gauta, Arnar Ingimund og Patrek Orra, í árslangt ferðalag um Suður-Ameríku í ágúst 2008.

Í upphafi ætlaði fjölskyldan í heimsreiðu en plönin breyttust þegar kreppan skall á. „Ferðasjóðurinn rýrnaði eitthvað þar sem hluti hans var í íslenskum krónum. Í stað þess að hætta við allt saman fórum við bara í staðinn til Karíbahafsins og þaðan til Suður-Ameríku þar sem við þvældumst um á milli staða, meðal annars Argentínu, Síle, Bólivíu, Brasilíu og Perú,“ rifjar Guðjón upp.

Fjölskyldan er öll á kafi í líkams-

rækt og af þeim sökum segir Guðjón annað ekki hafa komið til greina en að stunda hana áfram meðan á ferðalaginu stóð. „Við tókum með einföld tæki, handlód og hringi og poka sem við settum sand í. Síðan leituðum við uppi alls kyns gúrú sem voru til dæmis á kafi í ketilbjöllum og jiu-jitstu í þessum löndum sem við heimsóttum og lærðum ýmislegt nýtt af þeim.“

Guðjón segir margt af því sem fyrir augu bar mjög frábrugðið því sem Íslendingar eiga að venjast. „Í Suður-Ameríku tíðkast til dæmis að börn og fullorðnir æfi saman á leikvöllum undir berum himni. Þar er fullt af apastigum og hringjum sem börnin geta prílað í á meðan þeir fullorðna nota tækin til að æfa sig, til dæmis í upphýfingar og fleira,“ útskýrir hann og segir fjölskylduna hafa heillast svo af þessu fyrirkomulagi að hún hafi heimfært

það upp á híbýli sín eftir komuna til Íslands.

„Við erum búin að koma fyrir nokkrum leiktækjum í garðinum,“ bendir Guðjón á og bætir við að vegna þess hversu vel hafi tekist til hafi þau hjónin einnig sett upp nokkur tæki á heimilinu. „Í stofunni er kominn þessi finni kaðall og niður úr stiganum hanga svo hringir sem styrkja strákana gegnum leiki.“ Þá hefur fjölskyldan gott svigrúm til að stunda aðaláhugamálið, ketilbjöllum. „Þetta er góð íþrótt sem eykur margt í einu, úthald, styrk, brennslu og liðleika og hentar öllum. Yngsti strákurinn tekur meira að segja þátt og lyftir allt að átta kílóum, en það er auðvitað meira leikur en alvara,“ segir Guðjón og hlær.

Á síðu 4 má sjá þær breytingar sem fjölskyldan gerði á heimilinu.

roald@frettabladid.is

Bíladagar Fréttablaðsins!

Þarftu að kaupa, selja eða skipta? Sérstakir bíladagar eru alla laugardaga í smáauglýsingum Fréttablaðsins.

Sértilboð á bílaauglýsingum – aðeins **3.750 kr.**, texti og mynd. (80–100 innslættir + mynd).

Hafið samband við sölumann í s. 512 5050 eða sendið póst á smaar@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Bíladagar – markaðstorg með bíla

ALLT UM EM 2010 Í HANDBOLTA Á **VÍSIR.IS**



ibó í bíðu og stríðu

ICELANDAIR



- » VEF TV EM 2010 Í SAMSTARFI VIÐ ICELANDAIR
- » SÉRFRÆÐINGAR SPÁ Í SPILIN
- » HANDBOLTABLOGG
- » BEINAR LÝSINGAR FRÁ LEIKJUM ÍSLANDS
- » GETRAUNALEIKUR BETSSON OG VÍSIR.IS

betsson.com
POKER • BETTING • CASINO

VÍSIR.IS
...ég sá það á visir.is

SVEITARÓMANTÍK



Veislu- og fundarhöld

á glæsilegu sveitasetri í fallegu og afslöppuðu umhverfi.

Ef halda skal veislu, námskeið eða hópefli eru fáir staðir betur staðsettir en Grímsá sveitasetur. Tökum að okkur allar tegundir af veislum og uppákomum.

Glæsilegur salur sem tekur 10-70 manns og gisting fyrir allt að 36 manns. Í húsinu er gufubað og heitur pottur svo hægt er að slaka vel á eftir góðan dag.

Pöntunarsímar:
6180083 & 4370083
www.grimsa.is



Ferðirnar um Breiðafjörð verða farnar þegar túrismi er lítil, snemma og seint um sumarið, þannig að fólk fái notið kyrrðar Breiðafjarðar. Í ferðinni verður meðal annars siglt upp að Látrabjargi.

MYND/ÚR EINKASAFNI

Þriggja daga sigling um Breiðafjörð í sumar

Sæferðir í Stykkishólmi bjóða upp á skemmtilega nýjung nú í sumar en fyrirtækið hyggst bjóða upp á þriggja daga siglingu um Breiðafjörð, með fæði inniföldu sem og gistingu á Hótel Flatey.

Hingað til hefur fyrirtækið aðeins boðið upp á styttri dagsferðir og er því um um nýbreytni að ræða fyrir ferðamenn.

„Fyrsta daginn verður sunnanverður Breiðafjörðurinn skoðaður og fá allir að smakka ferska hörpuskel beint af sjávarbotninum. Einnig verður farið í sjóstöng og farið í land á einhverri lítilli eyju. Eftir siglinguna verður siglt í Flatey þar sem gestum gefst færi á að slaka á fyrir æðislegan kvöldverð á hótelinu um kvöldið,“ segir Krístrún Konráðsdóttir, markaðsstjóri Sæferða.

Dagur númer tvö er mesti siglingadagurinn en þá er meðal annars siglt að Látrabjargi, en að sjá bjargið neðan frá, sem er fjögur hundruð metra hátt, þykir mögnuð sjón og ekki þá síst á vorin þegar bjargið íðar af fugli.

„Allur dagurinn fer í þessa löngu siglingu og því verður borðað um borð. Ferðin er mikil upplifun fyrir ferðamenn en hvalir og selir sjást oft á leiðinni. Á þriðja degi er svo siglt inn eyðifjörð á Barðaströndinni þar sem fólk fer



Boðið er upp á hörpuskel beint af botni sjávar.

MYND/FRANK BRADFORD

í land og fær tækifæri til að rölta um í kyrrð og ró.“ Ef veður leyfir verður boðið upp á lúxusgrillveislu í fjörunni og endað með því að fara í heita náttúrulega.



Ferðafólk baðar sig í heitri náttúrulega á þriðja degi ferðarinnar.

MYND/ÚR EINKASAFNI

Krístrún segir að þar sem ferð af þessu tagi sé ný af nálinni byrji fyrirtækið með aðeins tvær ferðir í sumar til að sjá hvernig viðtökurnar verði. Fyrri ferðin verður farin 1. júní og seinni ferðin 17. ágúst og er stílað inn á daga þegar lítið er um ferðamenn svo sæfar- endur fái notið ferðarinnar í kyrrð og ró. Siglt er til og frá Stykkishólmi og komast um 15-25 manns í ferðina. Verðið fyrir heildarpakkann er 990 evrur og þurfa ferðamenn fyrst og fremst að hugsa fyrir góðum fatnaði en annað sjá Sæferðir um.

juliam@frettabladid.is



Rómantískt kvöld á Hótel Eldhestum!

Í tilefni af Valentínusardeginum og konudeginum, þá býður Hótel Eldhestar upp rómantískt kvöld laugardaginn 13. og 20. febrúar.

Komið og njótið stundarinnar á okkar friðsæla hóteli sem er einungis í 30 mínútna aktstursfjarlægð frá Reykjavík.

Hagstætt verð - aðeins 11.800.- kr á mann.

Innifalið: 3ja rétta hátíðarkvöldverður, gisting í 2ja manna herbergi og morgunverðarhlaðborð.



Frekari upplýsingar og/eða bókanir í síma 4804800 (Fríða) eða með tölvupósti - info@eldhestar.is

ALLT

Jóna María Hafsteinsdóttir
jmh@365.is - sími 512 5473

Henny Árnadóttir
henny@365.is - sími 512 5427

Þórdís Hermannsdóttir
thordish@365.is - sími 512 5447

Á FERÐINNI
Miðvikudaga



Rómantík
Fundir
Dekur í mat og þjónustu

slökun
næði



SÍMI: 486 5540

WWW.HOTELHEKLA.IS

INFO@HOTELHEKLA.IS



Úr kaffihúsinu er horft inn í fjósið.

Vilja tengja dreif- og þéttbýli

Ólöf Hallgrímsdóttir hefur rekið kaffihús og gistiheimili í Vogum í Mývatnssveit í ellefu ár. Gestir geta gætt sér á heimatilbúnu góðgæti og horft á kýr í gegnum glugga á meðan.

„Þetta hefur verið mjög ánægjulegur tími og það er nú ástæðan fyrir því að við stöndum enn í þessu. En þetta hefur auðvitað kostað blóð, svita, tár og gríðarlega vinnu,“ segir Ólöf Hallgrímsdóttir sem hefur rekið Vogafjós, bú, kaffihús og gistiheimili, í Vogum í Mývatnssveit ásamt fjölskyldu sinni síðan árið 1999.



Ólöf með ilmandi hangikjöt sem reykst er á bænum. MYND/ÚREINKASAFNI

Gistiheimilið er opið nánast allt árið en kaffihúsið er opið frá byrjun apríl til loka október og líka á adventunni. Kaffihúsið er sérstakt að því leyti að það er innbyggð í fjósið. Gestir geta því virt fyrir sér kýr í gegnum glugga meðan þeir gæða sér á kræsingunum.

„Við nýtum okkur afurðirnar af búinu til hins ýtrasta,“ segir Ólöf. „Við reykjum bæði kjöt og silung og bökkum hverabrauð. Svo búum við líka til mossarella og fetast úr mjólkinni og bjóðum upp á heima-gerðan snafs sem við framleiðum úr hvönn. Hann er meinhollur og góður í hófi.“

Þeir sem sækja Vogafjós heim eiga þess líka kost að fara inn í fjósin, smakka glænýja og volga mjólk og upplifa fleira sem tengist daglegum störfum á búinu. Ólöf segir þetta vekja mikla lukku hjá erlendum ferðamönnum, sem eru langstærstur hluti gestanna. „Við höfum fengið gesti úr öllum áttum

og suma tiginborna eða heimsfræga. Meðlimir úr Rockefeller-fjölskyldunni komu hingað fyrir tveimur árum og líka Martha Stewart, svo dæmi séu tekin. Upphaflega hugmyndin var sú að tengja dreifbýli og þéttbýli, að gefa þeim sem koma sjaldan í sveitina færi á að kynna dýrunum í eðlilegu umhverfi,“ segir Ólöf.

Á tíu ára afmæli Vogafjóss síðastliðið sumar var kaffihúsið stækkað og getur nú tekið við allt að hundrað gestum í stað fjörutíu áður. Þá var einnig sett á fót lítil sveitabúð þar sem á boðstólum eru afurðir af búinu og þjóðlegt handverk. „Við erum með yfir tuttugu manns í vinnu yfir sumarið svo þetta er heilmikið batterí, en gaman. Við erum þegar byrjuð að ráða fólk í vinnu fyrir næsta sumar og pantanirnar streyma inn í gegnum internetið,“ segir Ólöf.

kjartan@frettabladid.is

Patti Húsgögn

Landsins mesta úrval af hornsófum



P-8185 HORNSÓFI 2H2

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA

295.110 kr
Verð áður 327.900kr



BOSTON LUX HORNTUNGA

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA



BONN

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA



BOSTON DELUX TUNGA

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA



ASPEN PARIS

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA



Endalausir möguleikar



BONN HORNTUNGA

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA



PARIS

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA



BOSTON-LUX

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA



ASPEN

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA



MAN-75 LEDUR BOGASÓFI

299.900 kr
Verð áður 499.000kr



SWS HORNTUNGUSÓFI

Dugguvogi 2 / s: 557 9510 / www.patti.is
Opnunartími : Mánudaga - Föstudaga frá 9 til 18 og Laugardaga frá 11 til 16



Rauðakrosshúsið

Allir velkomnir!

Ókeypiss námskeið og ráðgjöf

Atvinnuleitendur eru sérstaklega hvattir til að mæta

Mánudagur 25. janúar

- Hvernig stöndumst við álag** – Hvernig getum við hætt að láta smámuni pirra okkur? Tími: 12.30-14.00.
- Facebook** – Stækkaðu tengslanetið. Tími: 12.30-14.00.
- Prjónahópur** – Vertu með! Tími: 13.00-15.00.
- Enskuhópur** – Viltu æfa þig í að tala ensku? Komdu og spjallaðu og fáðu leiðsögn. Tími: 14.00-15.00.
- Tálgunarnámskeið** – Framhald frá síðustu viku en forvitnir byrjendur eru líka velkomnir. Tími: 14.30-16.00.
- Skáklúbbur** – Fyrir alla skákmenn. Tími: 15.30-17.00.

Þriðjudagur 26. janúar

- Qi – Gong** – Viðar H. Eiríksson kennir æfingar sem hjálpa fólki að afla, varðveita og dreifa orku um líkamann. Tími: 12.00-13.00.
- Gönguhópur** – Klæddu þig eftir veðri. Tími: 13.00-14.00.
- Teikninámskeið** – Lærðu að teikna. Tími: 13.30-15.00.
- Býflugurnar - Vinnum saman - Ný viðhorf** - Vertu með í skapandi hópi atvinnuleitenda. Tími: 14.00-16.00.
- Baujan sjálfstyrking** – Fullt! Tími: 15.00-17.00.
- Skiptifatamarkaður - Barnaföt** - Tími: 16.00-18.00.

Miðvikudagur 27. janúar

- Siðir og venjur Japana** – Hvaða siðir Japana koma frá hvaða trúarbrögðum? Tími: 12.30-14.00.
- Áhugasviðsgreining** – Könnun og fagleg ráðgjöf. Skráning nauðsynleg. Tími: 13.00-15.00.

Tölvuaðstoð - Persónuleg aðstoð. Tími: 13.30-15.30.

Ráðgjöf fyrir innflytjendur – Sérniðin lögfræðiráðgjöf og stuðningur við innflytjendur. Tími: 14.00-16.00.

Briddsklúbbur – Hefur þú gaman af bridds? Eða alltaf langað til að læra bridds? Tími: 14.00-16.00.

Gítarnámskeið fyrir byrjendur yngri en 35 ára Ágúst Atlason kennir. Fullt! Tími: 15.00-16.30.

Hvað segir Jesús um galla okkar og annarra? Við ræðum um flísina og bjálkann. Tími: 15.00-16.00.

Fimmtudagur 28. janúar

Saumasmíðjan – Bættu og breyttu. Tími: 13.00-15.00.

Þýskuhópur – Viltu æfa þig í að tala þýsku? Í þessari viku spjöllum við á þýsku um ferðalög. Tími: 14.00-14.45.

Frönskuhópur – Viltu æfa þig að tala frönsku? Við spjöllum á frönsku um mat. Tími: 15.00-15.45.

Línudans – Óli Geir kennir grunnsporin við fjöruga tónlist. Tími: 14.00-15.00.

Jóga – Viltu prófa jóga? Tími: 15.00-16.00.

Föstudagur 29. janúar

Noregur og norska kerfið – Noregur og Ísland eiga margt sameiginlegt en þó er margt ólíkt í samfélaginu og kerfinu. Íslensk kona búsett í Noregi til fjólda ára tekur fyrir mikilvæg atriði og svarar spurningum. Tími: 12.30-13.30.

Gönguhópur – Klæddu þig eftir veðri. Tími: 12.30-13.30.

Minnistækni – Kolbeinn frá Betra nám kennir aðferðir til að muna ótrúlegustu hluti. Tími: 14.00-15.00.

Hláturjóga – Viltu losa um spennu og fylla lífið af hlátri og gleði? Tími: 15.30-16.30.



Rauði kross Íslands
Rauðakrosshúsið

Hótel Anna undir Eyjafjöllum heitir eftir verkakonunni, vefaranum, ferðalangnum og fjósakonunni Sigríði Önnu Jónsdóttur sem fæddist undir Vestur-Eyjafjöllum árið 1901. Hún skrifaði greinar í Alþýðublaðið og háði ritdeilur við þjóðþekktu menn. Um fimmtugt fór hún á flakk og ferðaðist meðal annars til Englands, Parísar og Ameríku og skrifaði nokkrar bækur.



www.hotelanna.is



„Í myrkrinu geta margir draumar ræst“

Hótel Hamar

er í miðju myrkrinu í Borgarfirði.

Þar býðst

Gisting, freyðivín við komu, 3ja rétta kvöldverður, heitir pottar, sloppar, kossar, knús, frumsamið ástarljóð, spennandi spurningaleikur fyrir tvo. Morgunverður

Allt þetta fyrir 15.900 kr á mann,

p.s. leyfilegt að lúra fram til kl.14

ÍH
ICELANDAIRHOTELS
HAMAR
Sími: 433 6600 • hamar@icehotels.is



LÝÐHEILSUSTÖÐ hefur gefið út fræðsluefnið Tilögur um framboð á matvörum í íþróttamannvirkjum og hjá íþróttafélögum. Markmiðið er að stuðla að hollri næringu íþróttaiðkenda. www.lydheilsustod.is

LITLI TÓNLISTARSKÓLINN

Getum bætt við örfáum nemum á vorönn

Hljómborð – Gítar – Bassi – Tölvuvinnsla á tónlist.
10 vikna vörnámsskeið hefst 25. janúar. Tilvalið fyrir leikskólakennaranemendu. Allt einkatímar.

LITLI TÓNLISTARSKÓLINN
Suðurlandsbraut 10, 108. Reykjavík
Nánari upplýsingar í síma: 896-1114

REASON Pro Tools



Haraldur á toppi Mont Blanc.

MYND/ÚREINKASAFNI

Níu þúsund metra hækkun á fjórum mánuðum

Nýstofnað Fjallafélag Haraldar Arnar Ólafssonar heldur kynningu á Grand Hótelu í kvöld til að kynna 9.000 metra áskoronina sem felst í reglulegum æfingagöngum sem enda með göngu á Hvannadalshnúk.

Haraldur Örn Ólafsson er þjóðþekktur fjallagarpur sem á langan fjallgönguferil að baki. Hann hefur meðal annars gengið á Mount Everest, norðurpólinn og suðurpólinn. Hann stofnaði nýverið fyrirtækið Fjallafélagið sem hefur það að markmiði að bjóða upp á skemmtilegar og vandaðar ferðir á fjöll hér á landi og erlendis. Fyrsta verkefnið verður svokölluð 9.000 metra áskoron þar sem Haraldur mun leiða hóp í nokkrum æfingagöngum og enda síðan á göngu á hæsta tind landsins, Hvannadalshnúk.

„Fyrir fimm árum tók ég að mér fararstjórn á Hvannadalshnúk fyrir Ferðafélag Íslands og komst á bragðið. Það er mjög gefandi að fara með fólk á hæsta tind lands-

ins enda upplifir maður gönguna í gegnum fólkið. Maður sér sjaldan jafn ánægt fólk og á toppnum,“ segir Haraldur sem hefur gengið með fjölda manns á hnúkinn síðastliðin fimm ár.

„Á þessum tíma tók ég eftir að áhuginn hefur stöðugt farið vaxandi auk þess sem mér þótti þörf fyrir vandað undirbúningsþrogramm,“ útskýrir Haraldur sem ákvað að setja saman æfingaprógramm sem myndi veita mönnum aðhald svipað og einkaþjálfun í heilsuræktarstöðvum.

Æfingaferðirnar verða þrettán talsins og farnar á þriðjudögum eða laugardögum. Fyrstu göngurnar eru auðveldar en þegar líður nær vori kemur að meira krefjandi göngum. Meðal annars verð-

ur gengið á Úlfarsfell, Akrafjall, Esjuna, Helgafell, Skarðsheiði, Vífilsfell og Móskarðshnúka. Sjálf gangan á Hvannadalshnúk verður farin laugardaginn 15. maí.

En hver er hugsunin á bak við nafnið 9.000 metra áskoron? „Þegar ég fór að reikna saman hæðina á öllum göngunum komst ég að þeirri skemmtilegu staðreynd að hún var nærri 9.000 metrunum en það er svipuð hæð og hæsta fjalls heims, Mount Everest,“ segir Haraldur glaður í bragði og minnst afreks síns frá árinu 2002.

Kynningarfundur um 9.000 metra áskoronina verður haldinn á Grand Hótelu klukkan 20 í kvöld. Nánari upplýsingar má nálgast á www.fjallafelagid.is.

solveig@frettabladid.is

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.

Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið



Eins og litlir apakettir! Ekki er annað að sjá en að bræðurnir Patrikur Orrí og Arnar Ingimundur skemmti sér konunglega í klífurhringjunum.



Víktor Gauti grípur hér um kaðal sem hjónin létu setja upp í stofunni.

ALLT

Jóna María Hafsteinsdóttir
jmh@365.is - sími 512 5473

Henny Árnadóttir
henny@365.is - sími 512 5427

Þórdís Hermannsdóttir
thordish@365.is - sími 512 5447

ÚT AÐ BORÐA
Föstudaga

Styrkjast í gegnum leiki

Hjónin Guðjón Svansson og Vala Jóhannesdóttir fóru ásamt sonum sínum í árslangt ferðalag til Suður-Ameríku.

Þar upplifði fjölskyldan ýmis ævintýri og skemmti sér meðal annars


á æfingavöllum sem eru hannaðir bæði með þarfir barna og fullorðinna í huga. Svo heilluð voru hjónin af hugmyndafræðinni sem liggur til grundvallar þessum æfingavöllum að þau voru ekki lengi að heimfæra hana upp á eigin vistaverur

eftir komuna til Íslands. Eins og sjá má á meðfylgjandi myndum er heimilisfólkið mjög ánægt með útkomuna, sér í lagi synir Guðjóns og Völu sem nýta tækin óspart til ýmissa leikja.

roald@frettabladid.is

Hestavörur

Sérblað • Þriðjudagur 26. janúar 2010



● **BEIN ÚTSENDING FRÁ ÖLFUSHÖLL** Hestvit ehf., fyrirtæki Huldu Gústafsdóttur og Hinriks Bragasonar, býður áhorfendum Hestafréttu upp á beina útsendingu frá sölusýningunni sem verður haldin í Ölfushöll laugardaginn 30. janúar næstkomandi klukkan 19.



Hestvit sérhæfir sig meðal annars í útflutningi á hrossum. Undirbúningur fyrir sýninguna er hafinn og hægt er að skrá hesta með því að senda tölvupóst á elka@simnet.is. Frítt er inn fyrir áhorfendur og veglegri söluskra dreift ókeypis að auki. Þá verður sýningin í heild sinni aðgengileg inni á vefsíðunni Hestafréttu og á www.hest.is.

● **ÍÞRÓTTAKONA MOSFELLSBÆJAR** Linda Rún Pétursdóttir var kjörin íþróttakona Mosfellsbæjar 2010, ásamt Kristjáni Þór Einarssyni golfíþróttamanni.

Linda Rún náði þeim frábæra árangri að verða heimsmeistari í tölti ungmenna í heimsleikum íslenska hestsins í Sviss síðastliðið sumar, var í 2. sæti á Reykjavíkurmestaramóti í töltkeppni ungmenna og 1. sæti í tölti ungmenna og í fjórgangi á félagsmóti Harðar í Mosfellsbæ.

Linda Rún keppti einnig fyrir Íslands hönd á Norðurlandamóti í Svíþjóð og lenti í 4. sæti í fjórgangi og var valin efnilegasti knapi ársins yfir landið 2009.



Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 | Umsjónarmaður auglýsinga: Bjarni Þór Sigurðsson bjarnithor@365.is s. 512 5471



20%
afsláttur á meðan
birgðir endast!

100%
náttúrulegt

Metasys er áhrifaríkt fæðubótaefni sem hefur hjálpað þúsundum Íslendinga við að létta sig. Að auki er Metasys mjög heilnæmt og þykir auka orku og úthald. Þeir sem hafa náð bestum árangri á Metasys hafa bætt inn hæfilegri hreyfingu og viðhaft skynsamlegt mataræði

Kíktu inn á www.metasys.is
Þú færð Metasys í heilsu- og lyfjaverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna.





„Íslenski hesturinn nær alltaf huga og hjörtum áhorfenda umfram alla hina,“ segir Róbert er hann rifjar upp reynslu sína af stór-sýningum í Ameríku. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þetta er einstök skepna

Hann snýst kringum hesta allan daginn, kennir og temur og er með 45 hross á húsi, bæði í eigin eigu og annarra. Róbert Petersen, reiðkennari og tamningamaður, var heim sóttur í Víðidalinn.

Róbert er með alhliða þjónustu við hesta og hestafólk, leigir út pláss með fôðrun og hirðingu og margir sækja einkatíma í reiðmennsku hjá honum, auk þess sem hann kennir á námskeiðum hjá Fákí. „Ég hjálpa fólki að ná góðu sambandi við hestana sína og bæta sig í reiðmennsku,“ segir hann og upplýsir að kvenfólk sé í miklum meirihluta þeirra sem sækja nám-

skeiðin. „Þetta er svolítið að verða kvennasport,“ segir hann og telur það í samræmi við þróun í löndunum í kringum okkur.

„Sjálfur kveðst hann alinn upp við hestamennsku hér í bænum. „Einhverra hluta vegna var maður alltaf tilbúinn að fórna öllu öðru félagslífi fyrir hestamennskuna. Svo þróast þetta stig af stigi og á endanum er maður kominn á bólakaf í þennan heim. Ég var einn vetur á Hólum fyrir nokkrum árum og kláraði þar reiðkennarabrot. Nú kenni ég meira en að temja og þetta er að þróast í að verða fullt starf allt árið,“ segir Róbert. „Áður datt það niður á haustin en nú notar maður haustin í framtamningar og að lesa efniviðinn út. Þegar á líður veturinn

er meira um þjálfun ræktunarhrossa og undirbúning fyrir sýningar á vorin,“ lýsir hann.

Hvernig skyldi ganga að selja hross í dag? „Markaðurinn hrundi gersamlega innanlands þegar krónan féll en að sama skapi opnðist aftur fyrir sölu til útlanda.“ Enn segir Róbert Bandaríkjamarkað þungan en vissulega gríðarstóran. „Ég á vin sem starfar við hestamennsku í Ameríku og flakkar þar mikið á milli stór-sýninga. Ég hef farið með honum í tvígang og það er alveg ótrúlegt hvað íslenski hesturinn nær alltaf huga og hjörtum áhorfenda umfram alla hina. Það gerir töltið, fasið og frjálslagheitin. Þetta er einstök skepna sem við eigum.“

-gun

Meistaradeildin hefst með smala í vikunni

Keppni í Meistaradeild VÍS í hestaíþróttum hefst á fimmtudaginn í Ölfushöll klukkan 19.30 með greininni smali/hraðafimi.

Meistaradeild VÍS er mótaráð sjö móta, haldin frá lok janúar og með hálf mánaðar millibili fram í apríllok. Keppendur eru úrval bestu hestaíþróttamanna Íslands.

Mótin eru stutt og áhorfendavæn, spanna um það bil tvær og hálf klukkustund og eru oftast haldin innahúss.

Kept er í sjö greinum og eru sjö lið með þremur knöpum í hverju. Kept um einstaklingsárangur auk þess sem stigahæsta liðið vinnur liðakeppnina.

Á fimmtudaginn hefst keppnin eins og áður sagði á smala. Eftir tvær vikur verður keppt í fjórgangi, þá slaktaumatölti, gæðingafimi og fimmgangi. Hinn 10. apríl verður skeiðmót og lokamótið verður fimmtudaginn 22.



Keppt verður í smala á fimmtudaginn í Ölfushöllinni. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

apríl en þá er keppt í tölti og flugskeiði.

Beinar útsendingar verða frá

öllum mótum í samstarfi við Hestafréttir en einnig verða þættir um deildina á RÚV.

Takk!

907 2002



Hjálparstarf
kirkjunnar
www.help.is



Verslunin Top Reiter hefur verið starfandi í Ögurhvarfi í tæplega tvö ár.

FRETTAHLAÐIÐ/GVA

Leiðandi í hestavörum

Fyrirtækið Top Reiter er umfangsmikið á sviði varnings sem varðar íslenska hestinn. Ásgeir Herbertsson, annar eigenda, segist leggja mikið upp úr ýmiss konar þróunarvinnu.



Ásgeir Herbertsson.

„Í stuttu máli bjóðum við upp á nánast allt sem bæði fólk og hestar þurfa á að halda til að stunda þetta sport,“ segir Ásgeir Herbertsson, annar eigenda fyrirtækisins Top Reiter sem er umfangsmikið á sviði varnings sem varðar íslenska hestinn.

Verslun Top Reiter á Íslandi er í Ögurhvarfi 2 í Kópavogi. Fedgarnir Ásgeir og Herbert Ólason, sem er einnig þekktur undir nafninu Kóki, eiga móðurfyrirtækið sem er þýskt og hefur verið starfandi í um tvo áratugi. Ásgeir er búsett-

ur á Íslandi en Herbert í Þýskalandi, en framleiðsla fyrirtækisins fer að mestu leyti fram í Póllandi. Að sögn Ásgeirs er fyrirtækið það þekktasta í geiranum á heimsvísu. „Í rauninni er Ísland minnsti markaðurinn okkar, en auðvitað eru allir markaðir jafn mikilvægir,“ segir Ásgeir.

Vörur frá Top Reiter eru burðarásinn í úrvali verslunarinnar í Ög-

urhvarfi, en þó er þar einnig á boðstólum varningur frá öðrum fyrirtækjum. „Við leggjum til að mynda mikið upp úr því að bjóða upp á gott úrval af yfirhöfnum, bæði fyrir hestafólk og aðra. Úrvalið okkar í þeim efnum er með því besta sem gerist á landinu. Sem dæmi get ég nefnt að buxurnar okkar, sem framleiddar eru úr soft-shell efni, eru hágæðavara og eru orðnar langvinsælustu buxurnar í þessum bransa. Þetta eru bestu buxurnar sem þú finnur.“

Ásgeir segir fyrirtækið ávallt leita leiða til að bæta framleiðsluna. „Við förum alveg niður í smáatriðin til að gera hlutina eins vel og framtast er kostur. Við leggjum mikið upp úr þróunarvinnu og höfum til að mynda verið að þróa nýtt virki í hnakkana frá okkur. Svo eru ýmsar fleiri nýjungar í pípunum.“



Vind og vatnsheld
Létt en hlý
Hægt að renna ermum af



www.topreiter.is



Top reiter
Neopolitano

339.900 kr.



Topreiter 365

299.900 kr.



Topreiter
gúmmítaumur

6.990 kr.



Jakki Depill
(léttur og þægilegur)

29.900 kr.



Topreiter soft shell
reiðbuxur – 32.900 kr.



TOP REITER

Ögurhvarf 2, 203 Kópavogur • Sími 565 5151



Hrímnir PRO
Sætið er einstaklega þægilegt og veitir gott jafnvægi. Hið einstaka Dupont® hnakkvirki dreifir þyngd knapans vel yfir bak hestsins. Hægt er stilla vídd virkisins með X-change járnum. Bayflex® í undirdýnum, sæti og hnépúðum. Stærri hnépúðar en Hrímnir Legacy og styður því betur við knapa sem leita eftir lóðréttri ásetu. Leðrið er frá Remy Carriat í Frakklandi.

Verð 339.900


Hrímnir Legacy SoftSeat
Sætið er einstaklega þægilegt og veitir gott jafnvægi. Hið einstaka Dupont® hnakkvirki dreifir þyngd knapans vel yfir bak hestsins. Hægt er stilla vídd virkisins með X-change járnum. Bayflex® í undirdýnum, sæti og hnépúðum. Hnakkurinn er úr ítölsku leðri

Verð 299.900



TÝR
Svipuð uppbygging og Hrímnir hnakkarnir, nema undirdýnurnar eru með AMS® kerfi, þ.e. kjarninn er ull (A), utan um hana er þunnur neoprene svampur (B) og yst er leðrið. Neoprene svampurinn dregur úr því að álagspunktur myndast frá ullinni og stuðlar því að betri þyngdarreyfingu.

Verð 299.900



Pessoa þjálfunarbúnaður
Notað rétt getur búnaðurinn verið frábær til að hjálpa hestinum að finna jafnvægi sitt og byggja upp meiri burð.



X-change járn
Hægt að stilla vídd hnakkanna með því að skipta út járnum og tekur það ekki nema örfáar mínútur. Fáanleg í M, MW, W og XW

Hrímnir



• VINSÆL ÍSTÖLTSÝNING Í DANMÖRKU Ekki eru mjög mörg ár síðan farið var að keppa í tólti á skautasvelli innanhúss en með sanni má segja að sú hugmynd hafi verið með þeim betri sem íslenskir hestamenn hafa fengið. Bæði hefur slík keppni notið mikilla vinsælda hér heima en einnig hefur hún vakið athygli erlendis. Slík mót hafa verið sett á fót í nokkrum nágrannalöndum okkar, þar á meðal Danmörku.

Á heimasíðu Íslandshestafélagsins í Danmörku er sagt frá því að löngu er orðið uppselt á uppkomuna Istölt 2010 sem haldin verður í skautahöllinni í Frederikshavn á Jótlandi næstkomandi föstudag, 29. janúar. Þá hefur keppnin einnig fengið töluverða umfjöllun og var meðal annars innslag á sjónvarpsstöðinni TV2 Nord á dögunum.

www.islandshest.dk



Hnakkar Icesaddles þykja búa yfir miklum gæðum en Rúnar Þór Guðbrandsson, eigandi fyrirtækisins, segir að fólk geti kynnt sér vörurnar frekar á www.hnakkar.is.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Mikilvægt að hnakkurinn henti hestinum sem best

Icesaddles er fyrirtæki sem sérhæfir sig í þróun á framleiðslu á reiðtygjum fyrir íslenska hestinn. Rúnar Þór Guðbrandsson, eigandi fyrirtækisins, segir hnakkana njóta mikilla vinsælda hérlandis sem og erlendis en þeir eru seldir í tíu löndum.

Hnakkarnir eru framleiddir undir vörumerkinu Hrímnir og Týr og búnir að vera á markaðnum í tíu ár. „Þetta eru hágæðahnakkar, geysivinsælir og vinsældir Hrímnis, sem til er í nokkrum útgáfum, eru stöðugt að aukast en hann hefur reynst vel í keppni og við almennar útreiðar. Vinsælasti hnakkurinn í dag, Hrímnir PRO, kom á markað fyrir um það bil einu og hálfu ári og er hnakkur í hæsta gæðaflokki,“ segir Rúnar.

Hrímnir PRO er framleidd-

ur úr leðri frá Remy Carriat í Frakklandi. „Í hnakknum er frábært hnakkvirki sem kallast Dupont Flex-tree, sem hefur góða mykt og lagar sig vel að byggingu og hreyfingum hestsins. Hnakkurinn er með undirdýnum sem heilsuvörufyrirtækið Bayer þróaði í samvinnu við hnackaframleiðandann. Þær eru steypar í mót, eru þar af leiðandi mjög mjúkar, eftirgefningarlegar og dreifa þyngd knapans vel. Knapinn er þannig kominn í hámarkssamband strax í fyrsta reiðtúr,“ segir Rúnar Þór og bætir við að ekki þurfi að fylla eða stoppa í þessar dýnur.

Hnakkurinn veitir mjög gott sæti og dreifir þyngd knapans vel yfir bak hestsins. Hnépúðarnir styðja einnig við knapann og gefa honum góða ásetu.

„Virkið er líka með svokölluðum „X-change“ möguleika sem gefur fólki möguleika á að stilla vídd virkisins sem er gríðarlega áfró-

andi því hnakkurinn þarf að passa hestinum, rétt eins og við sjálf þurfum að ganga í skóm af réttari stærð. Til að hesturinn geti gengið rétt og eðlilega og hafi möguleika á að byggja upp vöðva verður hann að vera óþvingaður undir hnakknum.“

Fyrirtækið er líka með hnakk sem heitir Hrímnir Legacy sem reynst hefur frábærlega og þykir mjög mjúkur og þægilegur fyrir bæði knapa og hest. „Einnig erum við með hnakkinn Týr sem er svipað uppbyggður og Hrímnir Legacy nema hann er með ull í undirdýnunum. Auk hnakkanna framleiðum við jafnframt öll helstu reiðtygi fyrir íslenska hestinn.“

Vörur Icesaddles eru seldar í verslunum Líflands í Reykjavík og á Akureyri, í Fákasporti á Akureyri, í Hestahorni B&B Akranesi og verslun Baldvins og Þorvaldar á Selfossi.

Nýtt kaffihús í Reiðhöllinni

Nýtt kaffihús var opnað á neðri hæð Reiðhallarinnar í Víðidal á laugardag. „Mætingin var góð, ekki síst í ljósi þess að þetta var varla auglýst,“ segir Sonja Gylfadóttir, hjá kaffihúsinu, sem er í eigu Björns Baldurssonar, eiganda og rekstrarstjóra veitingastaðarins Domo.

Stöðugur straumur gesta var á kaffihúsið sem er það fyrsta sem er opnað í húsinu og gátu þeir meðal annars gætt sér á kaffi, kakói, gosi, ávaxtadrykkjum,

bakkelsi og sushi. „Hér leggjum við mikið upp úr heimabakstri til að halda verðinu niðri,“ útskýrir Sonja og bætir við að sushi-ið sé frá Domo komið.

Opnun kaffihússins mæltist vel fyrir meðal gesta, einkum hunda-eigenda sem var velkomið að koma inn fyrir með þá hunda sem höguðu sér vel. „Fólk hefur um langt skeið verið

að pressa á Björn að opna kaffihús í Reiðhöllinni, en hann hefur ekki haft tíma til að láta verða af því fyrr en nú,“ segir Sonja.

Kaffihúsið verður fyrst um sinn haft opið um helgar frá klukkun 12 til 18. Sonja reiknar þó með að opnunartíminn verði sveigjanlegri eftir því sem nær dregur vori.



Kaffi og sushi er á meðal þess sem er á boðstólum.



„Hér er alltaf eitthvað um að vera, enda mikill uppgangur í hestamennskunni,“ segir Regina sem stillir sér upp fyrir ljósmyndara ásamt starfsmönnum Líflands að Lynghálsi 3. Frá vinstri: Birgitta Ragnarsdóttir, Stella Sólveig Pálmarsdóttir, Hjalti Magnússon, Stefán Ágústsson og Regina.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Uppgangur í hestamennsku

Verslanir Líflands þjónusta bændur, gæludýraeigendur, hestamenn og útivistarfólk almennt.

„Lífland leggur áherslu á að vera með fjölbreytt vöruúrval jafnt fyrir hinn almenna hestamann sem og atvinnufólk í greininni. Við leggjum áherslu á vandaða vöru, fjölbreytni og gott verð. Markmið okkar er að veita framúrskarandi þjónustu við bændur, hestamenn og gæludýraeigendur,“ segir Regina Sólveig Gunnarsdóttir, verslunarstjóri Líflands að Lynghálsi 3.

Regína nefnir sem dæmi fjölbreytt framboð reiðtygja, svo sem hnakka, méla og beisla. „Lífland er með fjölbreytt úrval af fatnaði, svo sem þýska merkið Sonnenreiter, hið ítalska Tattini og hið sænska Mountain Horse. Einnig lætur Lífland sauma sína eigin

hönnun í reiðbuxum undir vörumerkinu Impact-reiðbuxur. Impact reiðbuxurnar hafa notið mikilla vinsælda bæði hérlendis sem og erlendis. „Impact hefur notið mikilla vinsælda bæði vegna gæða og hönnunar. Sniðin hafa hreinlega hitt í mark hjá Evrópu-búum.

Hjá Líflandi eru til sölu hnakkar frá ýmsum framleiðendum svo sem Hrímnir, Bennis Harmony og Barra en auk þess lætur fyrirtækið smíða fyrir sig hnakka í Argentínu sem seldir eru undir nafninu MB rider. Allt eru þetta gæðahnakkar á góðu verði sem henta frístundareidmanninum sem og atvinnumanninum,“ segir Regína.

Um þessar mundir er unnið að endurbótum á vefverslun Líflands, www.lifland.is. Stefnt er að því að gera síðuna notendavænni og einfaldari ásamt því að fjölga vöruflokkum í vefverslun-

inni. „Við erum ekki síst með hagsmuni landsbyggðarinnar í huga við þessar breytingar en íbúar landsbyggðarinnar hafa lengi verið dyggir viðskiptavinir Líflands.“

Sem fyrr sagði þjónustar Lífland líka bændur og gæludýraeigendur. „Hér er mikið úrval af fóðri og það nýjasta hjá okkur er reiðhestablandan Kraftur sem er endurbætt útgáfa af Reiðhestablöndunni okkar. Einnig má nefna hinar vinsælu steinefnablöndur Racing Mineral og Brighteye-vítamínfötur. Lífland býður upp á mikið úrval af girðingarefni. Svo er hér allt til alls í hesthúsið, svo sem veggklæðning, brynningartæki og fleira,“ nefnir Regína. „Hvað gæludýraeigendur varðar erum við með hágæðafóðrið Arion fyrir hunda og ketti, auk allra helstu nauðsynja fyrir eigendur og ræktendur hunda og katta. Það er bara um að gera að kíkja við og kynna sér úrvalið.“

Höfðinginn Hrímnir frá Hrafnagili

Hrímnir frá Hrafnagili hefur fyrir löngu öðlast landsfrægð sem einn besti gæðingur Íslands og hefur orðspor hans náð út fyrir landsteinana.

Hrímnir var felldur í september árið 2007, þá 32 vetra, en að sögn eiganda hans, Björns Sveinssonar á Varmalæk í Skagafirði, var hann einn af þeim hestum sem verða bara betri og betri með árunum.

„Hrímnir var mjög hraustur alla tíð, allt fram á síðasta dag, en þá urðu einhver veikindi í honum og þá var þetta bara orðið gott, enda var hugmyndin alltaf að leyfa honum að lifa þannig að hann nyti þess og væri ekki þjáður,“ segir Björn.

Faðir Björns keypti Hrímnir af Jóni Matthíassyni í Eyjafirði vorið 1980. Fljótlega varð ljóst að hesturinn var mjög óvenjulegur, bæði í viðmóti og útliti. „Þetta var bara eitthvað allt annað en maður hafði kynnst. Hann var stór með mikla frambyggingu og óvenjulegan fótaborð. Í fasi var hann höfðinglegur og áberandi í útliti,“ segir Björn sem þrátt fyrir allt lét Hrímnir aðeins koma fjórum sinnum fram í keppni. „Það var mín sérvíska. Mér leiddist að sömu hestarnir væru að koma ár eftir ár til þess eins að vinna. Það er leiðinlegt að fara með svona höfðingja í keppni ár eftir ár þar til að þeir dala. Það var skemmtilegra að gefa öðrum möguleika.“

Margir, sem ekki eru hestafólk, þekkja Hrímnir því hann kom víðar við en í hestaheiminum og kom fram



Hrímnir frá Hrafnagili þótti halda glæsimegnu sinni alla ævi, en hann varð 32 vetra.

MYND/ÚR EINKASAFNI

í kvikmynd Dráins Bertelssonar, Magnúsi. Hrímnir kom síðast fram á Landsmóti árið 2002, þá 27 vetra gamall og vakti ekki síður athygli fyrir glæsimegnu en sem ungur gæðingur. „Hann var ekkert síðri 20 vetra gamall en 10 vetra. Hann var heilsuhraustur og ég passaði það að reyna að láta honum líða sem best, meðhöndla hann vel. Hann var óskahesturinn og í gegnum tíðina var gengið talsvert á mig að fá hann keyptan en það var aldrei í boði. Þetta var hestur sem maður eignast bara einu sinni á ævinni.“

- jma

Trapper húfa
Hlý og góð húfa frá Mountain horse, góð í göngutúrinn.



Grace jakki
Klassísk dömuúlpa frá Mountain horse. Fallegt snið, vatns og vindheld.



Mountain Rigde jakki:
Hlý og klæðileg úlpa úr sterku efni fyrir bæði kynin. Vatns og vindheld. Hægt að taka hettu af.



Protective Jodphurs
Veittu þér aukin þægindi veldu skó frá Mountain Horse.


LÍFLAND
www.lifland.is
Lönsbakka Akureyri • Lynghálsi 3



EE

hringamél og stangir

EE mælin eru hönnuð af einstakri næmni og reynslu af Erlingi Erlingssyni kynbótaknapa ársins.



Nýir hnakkar

Frami

Glæsilega hannaðir gæða hnakkar kynntu þér málið.



Drífa



Gletta



ÖGURHVARFI 2 • Sími 587 8003

● **HOLL VIST** Skynjun og atferli hrossa með áherslu á hvernig þau upplifa umhverfið í hesthúsi verður til umfjöllunar á námskeiðinu Hross í hollri vist sem verður kennt í Ásgarði á Hvanneyri laugardaginn 13. mars frá klukkan 9.30 til 17. Einnig verður rætt um rétta hönnun loft-ræstingar í hesthúsum, hönnun og frágang gólfa, kosti og galla mismunandi undirburðar, aðbúnað hrossa og annarrar aðstöðu í hesthúsum sem og útigerðum. Umsjón og kennsla er í höndum Sigtryggs Veigars Herbertssonar og Snorra Sigurðssonar, sérfræðings hjá LBHÍ. Þess má geta að hægt er að óska eftir námskeiðinu hvert á land sem er sé næg þátttaka fyrir hendi (miðast við sextán manns). Nánari upplýsingar á www.lbhi.is og skráning á endurmenntun@lbhi.is eða í síma 433 5000.



Mélin setjast á hárréttan stað í munni hestanna

Verslunin Hestagallerí er vel staðsett í Ögurhvarfi við Elliðavatn því þaðan er stutt í hesthúsahverfi og reiðleiðir. Lúther Guðmundsson er þar hæstráðandi.

Lúther selur allt sem viðkemur hestum og hestamennsku, annað en reiðskjótana sjálfa. Alltaf bætist eitthvað nýtt við. Nú eru það þrjár týpur af hnökkum sem vekja mesta athygli, splunkuný mæl sem eru að slá í gegn og heilsteypt ístöð úr áli sem eru mun léttari en þau hefðbundnu. Hnakkarnir eru nefndir eftir landskunnnum kostagripum og heita Gletta, Drífa og Frami. Fræðumst nánar um þá.

„Gletta var fræg hryssa í eigu Sigurðar Ólafssonar söngvara. Hún var hvít og hélt skeiðmetinu í 26 ár. Drífa er í eigu Sigurðar Sigurðarsonar í Þjóðólshaga. Hún er líka hvít og á heimsmet í hundrað metra skeiði. Við eigum svo Frami sem sonur minn keppti á í unglingsflokk í síðasta landsmóti og vann,“ lýsir Lúther og bætir við: „Það hefur verið lenska að gefa öllum hnökkum graðhestanöfn en við viljum gera merunum líka hátt undir höfði.“

Þegar Lúther er spurður hvort um nýja hönnun sé að ræða á hnökkunum svarar hann: „Við erum með reynslubolta í búðinni hjá okkur sem heitir Erling Sigurðsson og er sonur Sigga Óla. Hann er með puttana í öllu sem við gerum.“ Svo nefnir hann annan Erling til sögunnar, kynbótaknapa ársins 2009. Sá er Erlingssson og hönnuður svokallaðra EE méla sem Lúther kveðst vera að markaðssetja með góðum árangri. „Hér eru á ferðinni mæl sem setjast á hárréttan stað í munni hestanna og þeir gefa eftir mun fyrir en áður því álagið er ekkert á tunguna,“ segir hann sannfærandi og upplýsir að bæði sé um hringamél og stangamél að ræða. „Til að ná fram sem mestri mýkt og bestri smíði þá eru mælin öll handpúss-



„Það hefur verið lenska að gefa öllum hnökkum graðhestanöfn en við viljum gera merunum líka hátt undir höfði,“ segir Lúther, spurður út í nöfnin á nýju hnökkunum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ast á hárréttan stað í munni hestanna og þeir gefa eftir mun fyrir en áður því álagið er ekkert á tunguna,“ segir hann sannfærandi og upplýsir að bæði sé um hringamél og stangamél að ræða. „Til að ná fram sem mestri mýkt og bestri smíði þá eru mælin öll handpúss-

uð,“ tekur hann fram og segir þetta verkefni búið að taka gríðarlegan tíma og kosta mikla vinnu en vera virkilega vel heppnað. „Erlingur er feikna næmur og einn af okkar bestu knöpum og það verður að segjast eins og er að þarna hefur hann alveg hitt í mark.“

Málstofa rannsóknánema

Efnt er til málstofu rannsóknánemsna í Ársal á Hvanneyri í dag klukkan 14.30.

Helga María Hafþórsdóttir, MS-nemi, ræðir um svæðanotkun og skyldleika fjögurra hálfvilltra hrossastóða í Seli í Landeyjum, samsetningu stóðanna og ættleggningu stóðhestanna.

Þorvaldur Kristjánsson doktorsnemi ræðir um tengsl byggingar og hæfileika íslenskra hrossa.

Eln Fjóra Þórarinsdóttir, MS-nemi, fjallar um vindrof á sand- og vikursvæðum í nágrenni Heklu og segir frá mælingum á sandfoki á landslagsskala þar sem svokölluð einnar gildru aðferð er notuð. Einnig verða fyrstu niðurstöður mælinganna kynntar.

-kg



Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri.



Endurbættur banki

„Viðbæturnar eru aðallega úr Þingeyjarsýslum, Árnessýslu, Rangárvallasýslu og síðan Dölum,“ segir Jónas Kristjánsson, fyrrverandi ritstjóri, sem hefur nýlega gert endurbætur á reiðslóðabanka sem hann heldur úti á heimasíðu sinni www.jonas.is.

Í vefbankanum eru tilgreindar 800 reiðslóðir og er hann því sá stærsti á landinu. Slóðirnar skiptast niður í 130 reiðferla, leiðir sem hafa verið teknar út frá gps-gervihnattamiðum og eru nokkuð áreiðanlegar að sögn Jónasar. Síðan eru 670 reiðleiðir mældar út frá nýlegum útivistarkortum, sem ferðamála-fulltrúar í fyrrnefndum sýslum hafa meðal annars látið útbúa og herforingjakortunum gömlu, sem Jónas segir í sumum tilfellum ónákvæm sökum aldurs kortanna.

„Þótt reiðleiðirnar sem byggja á gömlu kortunum séu ekki allar nákvæmar þá hafa kortin sjálf ákveðið lagalegt gildi,“ bendir Jónas hins

vegar á. „Þau sýna reiðleiðir fólks áður en bílvegir komu til sögunnar og eru af þeim sökum verndaðar samkvæmt lögum. Menn hafa þar af leiðandi rétt til að ferðast eftir leiðunum jafnvel þótt þær liggi yfir einkaland. Ferðarétturinn er nefnilega æðri einkaréttinum á Íslandi.“

Mikil vinna liggur að baki gerð bankans, þar sem margir hafa lagt hönd á plóg og á Jónas sjálfur hefur verið að stórum hluta upplýsinganna. „Þetta hefur nú verið hobbí hjá mér árum saman. Við hjónin höfum ferðast mikið á sumrin og söfnum þá upplýsingum um leiðir sem ég hef svo sett inn í kerfið á veturna.“

Aðgangur að vefbankanum er ókeypis og tiltölulega auðvelt að sækja reiðslóðirnar á síðu Jónasar, www.jonas.is. „Menn ná bara í slóðirnar undir lyklinum Reiðleiðir og hlaða þeim annaðhvort inn á kort í GPS-tækjunum sínum eða tölvunum,“ segir Jónas.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Króm og stál ehf.
- alhliða innréttingarmiði



Hvaleyrarbraut 2 • 220 Hafnarfjörður • Sími 565 2546 • Krom@kromogstal.is



Úr kvikmyndinni Seabiscuit (2003).

Frægir fákar

Um árin hafa fjölmargir hestar komið fram í skáldsögum, leikritum og kvikmyndum, sumir sem eins konar aðalpersónur og aðrir í veigaminni hlutverkum, og þá ýmist sem skáldaðar persónur eða byggðar á sannsögulegum atburðum.

Einn þeirra er Litli kall, eða Lilla gubben, hestur grallaraspóans Línu Langsokks, einnar vinsælustu söguhetju Astrídar Lindgren. Raunar má deila um hvort líta eigi á þá nafngift sem sérnafn hestsins, en á Vísindavefnum er að finna þær upplýsingar að í mynd sem heitir á sænsku Pippi på rymmen, sem mætti útleggja á íslensku sem Lína strýkur að heiman, kallar Lína eitt sinn á hestinn sinn með orðunum „Kom hit Lilla gubben“, eða komdu hingad Litli kall.

Nýlegra dæmi um hest sem hefur ratað á hvíta tjaldið er Seabiscuit,

einn frægasti hestur sögunnar, sem var í forgrunni í samnefndri mynd frá árinu 2003 sem skartaði meðal annarra leikurum Tobey Maguire og Jeff Bridges. Seabiscuit var hreinræktaður keppnishestur sem virtist ekki búa yfir miklum hæfileikum en tók við sér þegar óhefubundnum þjálfunaraðferðum var beitt á hann. Að lokum varð hann sá hestur sem mest hefur gefið af sér í sögu kappreiða í Bandaríkjunum. Þegar hann hætti keppni komu yfir fimm þúsund manns á búgarðinn þar sem hann bjó til að hitta hann.

Þá eru ónefndir hestar á borð við Silver, vin Lone Ranger, Fagra-blakk og Herra Ed. Hestum hefur einnig brugðið fyrir í íslenskum kvikmyndum eins og Magnúsi, Kúrekum norðursins, Óðali feðranna og Englum alheimsins.

- rve

Hrimnir NÝJUNG

Exchange system

Hnakkurinn sem lagar sig að hestinum

FULL RANGE GULLET

N Narrow M Medium MW Medium Wide W Wide XW Extra Wide

Bayer Bayflex THERMOSHAPED FOAM

DU PONT FLEX TREE

www.hnakkar.is

ICESADDLES



● UMDEILD SKEMMTUN

Hestaat, einnig nefnt hestavíg eða hestapíng, var vinsæl alþýðuskemmtun hér á öldum áður, og gekk út á það að láta hesta slást þar til önnur skepnan náði að hrinda hinni út úr hring. Þessi skemmtun er talin hafa borist með landnámsmönnum frá Noregi og átti vinsældum að fagna hér framan af. Ekki var þó öllum gefið um þessa iðju. Þeirra á meðal var Oddur Einars-son (1559-1630) biskup í Skálholti sem fordæmdi hestaat á þeim forsendum að um heiðna skemmtun væri að ræða. Síðasta hestaat sem sögur fara af héraðs var háð að Illugastöðum í Fnjóskadal árið 1623. Þess má geta að þótt hestaat hafi verið lagt af á Íslandi er það enn stundað úti í heimi. Meðal annars hefur það verið liður í sum- arhátíð Miao-þjóðflokksins í Kína í nokkrar aldir.

Heimild: www.ferlir.is.



● REIÐHALLIR RÍSA

Tvær reiðhallir eru að rísa á austanverðu landinu. Á lðavöllum á Fljótsdalshéraði hófust framkvæmdir síðasta vor og samkvæmt fréttum á vefnum www.freyfaxi.is hillir undir að stórhýsi verði tekið þar í notkun. Það er límtrésskemmtun, klædd yfningum sem verður lyftistöng fyrir vetrarstarf félagsins.

Á Hornafirði var byrjað skömmu fyrir jól að byggja á svæði hestamannafélagsins Hornfirðings við Stekkhól. Búið er að leggja vatnslögn að væntanlegri höll og lagning rafmagns og símastrengs er fyrirhuguð á næstunni. Vélsmiðja Hornafjarðar og Foss stefna að því að ljúka við stálgrindina um miðjan mars í sameiningu og þá verður hafist handa við timburverk og klæðningu. Þetta kemur fram á síðunni <http://hornfir- ingur.123.is>.

Íslenskt í stíugólfin

Eitt af því sem telst nauðsynlegt til að hestunum líði vel er góður spónn í stíugólfin. Nú er spónn framleiddur á að minnsta kosti þremur stöðum á landinu, á Svalbarði í Þistilfirði, í Hestalist í Mosfellsbæ og Gunnarsholti á Rangárvöllum. Þetta telst til nýmælis í sögunni því lengst af hefur einungis verið um innfluttan spón að ræða hér á landi.

Íslenski spónninn er bæði til vitnis um grósku í skógrækt og hugvit. Í Gunnarsholti er hann framleiddur af Landgræðslunni

og í Hestalist úr trjám sem fyrir- tækið hefur grisjað fyrir Skóg- rækt ríkisins og Reykjavíkur. Í Þistilfirðinum er skógur úr fjar- lægari löndum hins vegar nýttur í spóninn því hann rekur á fjör- ur þar nyrðra. „Það er nægur reki enn þá og kemur örugglega hell- ingur úr ísnum,“ segir Ágúst Guð- røðarson bóndi sem verður fyrir svörum á Svalbarði.

-gun

Spónn fer vel með fætur hestanna.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Fyrir dýrin okkar stór og smá

VÍS dýravernd er fjölbreytt tryggingavernd fyrir hesta, hunda og ketti. Tryggingarnar eru sérsniðnar að þörfum hvers og eins, enda eru dýrin margvísleg. Hjá VÍS starfa sérfræðingar á sviði dýratrygginga sem veita þér allar nánari upplýsingar um fjölbreytta tryggingavernd fyrir dýrið þitt.

Hafðu samband í síma **560 5000** eða kynntu þér málið á **vis.is**.





HEFUR ÞÚ ORÐIÐ VITNI AÐ GÓÐVERKI?

ÓSKAÐ ER EFTIR TILNEFNINGUM TIL SAMFÉLAGSVERÐLAUNA FRÉTTABLAÐSINS 2010

Til greina koma allir sem hafa lagt sitt af mörkum til að bæta íslenskt samfélag. Skorað er á lesendur Fréttablaðsins að senda inn tilnefningar um fólk og félagasamtök sem eiga skilið virðingavott fyrir verk sín. Allir koma til greina, jafnt óþekktir einstaklingar sem vinna störf sín í hljóði, félagasamtök eða þjóðþekktir karlar og konur sem hafa með gjörðum sínum og framgöngu verið öðrum fyrirmynd.

Samfélagsverðlaunin eru veitt í fimm flokkum

1) Hvunnagshetjan

Einstaklingur sem sýnt hefur sérstaka óeigingirni eða hugrekki, hvort sem er í tengslum við einn atburð eða með vinnu að ákveðnum málaflokki í lengri tíma.

2) Frá kynslóð til kynslóðar

Hér koma til greina kennarar, leiðbeinendur, þjálfarar eða aðrir uppfræðarar sem skarað hafa fram úr á einhvern hátt. Einnig koma til greina félagasamtök sem sinna börnum af sérstökum metnaði og alúð.

3) Til atlögu gegn fordómum

Einstaklingur eða félagasamtök sem hafa unnið ötullega að því að eyða fordómum í samfélaginu.

4) Heiðursverðlaun

Einstaklingur sem með ævistarfi sínu hefur stuðlað að betra samfélagi.

5) Samfélagsverðlaunin

Félagasamtök sem hafa unnið framúrskarandi mannúðar- eða náttúruverndarstarf og lagt sitt af mörkum til að gera íslenskt samfélag betra fyrir okkur öll.

Sendið tilnefningar til Samfélagsverðlauna Fréttablaðsins á visir.is/samfelagsverdlaun eða með tölvupósti á netfangið samfelagsverdlaun@frettabladid.is. Einnig má senda bréf í pósti merkt Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík. Dómnefnd tekur allar innsendar tillögur til skoðunar. Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins verða veitt í febrúar.

Frestur til að senda tilnefningar er til loka fimmtudagsins 28. janúar.

SAMFÉLAGSVERÐLAUN
FRÉTTABLAÐIÐ

Frestur til
að senda tilnefningar er á
fimmtudaginn

ALLT SEM ÞIG VANTAR

Allar smáauglýsingar vikunnar á visir.is

Smáauglýsingasíminn er opin alla daga kl. **8-17**

Smáauglýsingasíminn er **512 5000**
smaar@frettabladid.is / visir.is

Afgreiðslan er opin: alla virka daga **8-17**

BÍLAR & FARATÆKI



NISSAN TERRANO. Ágerð 2005, ekinn 132 þ.km, DÍSEL, 5 girar. Verð 1.790.000. Bilabankinn S 588-0700 Sjá myndir www.bilabankinn.is eða 865-7539.



FORD MUSTANG GT. Ágerð 2000, ekinn 112 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 1.170.000. Bilabankinn S 588-0700 Sjá myndir www.bilabankinn.is eða 865-7539.

Bilabankinn
Breiðhöfða, 112 Reykjavík
Sími: 588 0700
Opíð 12-16 laugardaga
www.bilabankinn.is



HÖFÐABÍLAR
... þar sem bílar seljast



TOYOTA LAND CRUISER 100 V4. Árg 2003, ekinn 114 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 4.480.000. Rnr.129108 Skoðar öll skipti, t.d. á nokkrum bílum uppi.

Höfðabílar
Fossháls 27, 110 Reykjavík
Sími: 577 4747
www.hofdabilar.is

Blaðberinn
bíður þín

Þú færð Blaðberinn þinn í Skafthlíð 24, alla virka daga frá kl. 8-17.



Hyundai Accent. Árg 2000 Beinskiptur Ekinn 126þ Tilboðsverð 330.000.



Nissan D cab Árg 1995 Beinskiptur Ekinn 174þ Tilboðsverð 290.000.-



Suzuki Sidekick Árg 1997 Beinskiptur Ekinn 159. 1 Eigandi frá 2003 Tilboðsverð 290.000.-



Suzuki Sidekick Sport Árg 1997 Sjálfskiptur Ekinn 150þ Tilboðsverð 290.000.-



Toyota Aygo Árg 2006 Beinskiptur Ekinn 75þ Flottur bíll... álfelgur/Spoiler. Tilboðsverð 990.000.-



Ford Ranger Árg 12/2002 Beinskiptur/Diesel Ekinn 174þ bíll í góðu standi ný skoðaður góð smurbók Tilboðsverð 990.000.-

Bilasan.is
Nethyl 1, 110 Reykjavík
Sími: 565-2500
www.bilasan.is

Bílar til sölu



Til sölu Toyota Haice diesel langur. Ek 259þ. Ný timareim í 250. Árg 2000. V. 690þ. S. 849 1722.



Til sölu VW passat árg '98. Ek. 120þ. V. 430þ. Til sölu VW golf árg '98. Ek. 150þ. V. 390þ. Uppl í S. 845 0772



Ódýr sparibaukur
Skoda felicia árg. '95. 5d. 5girar, 1300, sk. '11. ekinn. 140þ. S. 891 9847.



Lancer '04 ek. 74þ. Heilsársd. Gott ástand. V. 950þ. S. 773 5788.



Til sölu vw pólo árg 98 ek 142 þús beinsk 3-dyra cd neldg vetrardekk skoðaður 11 mjög góður bíll verð 260 þúsund uppl í síma 8927852.



MMC Galant árg. '91 Skoðaður, í toppstandi. Verð 140 þús. Sími 899 5492.



M. Benz 300E '92 nýsk. Nýjir klossar, ssk. . V. 325þ. Tilboð 200þ. S. 844 1720.



!!!! sparibaukur !!!
Opel Astra 1.2 árg. '00, ekinn 167þús., beinskiptur, 5 dyra, spoiler, góður bíll sem að er gott að keyra og alveg ótrúlega eyðslu grannur, tilboðsverð aðeins 290 þús. stgr., allar uppl. í s: 659 9696.

Bílar óskast

ÓSKA EFTIR BÍL FYRIR ALLT AÐ 250 ÞÚS!
Óska eftir góðum bíl fyrir allt að 250 þús! Smábíl fólksbíl eða jepling, skoða allt má þarfnast smá lagfæringar. S. 691 9374.

Toyota, Micra eða Lancer óskast

Árg. 1994-2001 fyrir 50-200 þúsund. Má þarfnast lagfæringa. Uppl. 694-2545

Óska eftir að kaupa bíll á verðbilinu 20- 200 þús. Sími 615 1815.

Kaupi bíla sem þarfnast lagfæringar á ca. 20-120 þús. stgr. Sími 896 6744.

!!! 0-200þús staðgreitt !!!
Óska eftir að kaupa bíl fyrir allt að 200þús., bíllinn má þarfnast lagf. eða skoðunar, helst ekki eldri enn '98, skoða allt. Hringdu í síma 659 9696.

Jeppar

EBERSPACHER, vatns- og hitablásarar 12 & 24volt, diesel og bensín, Viðgerðar og varahlutabjónusta. Stilling sími: 520 8000.

Sendibílar

Leigð'ann og aktu sjálf/ur S. 898 3206.

Leigð'ann og aktu sjálf/ur. Lyfta 1 tonn og opnanleg hlið. Uppl. í s. 898 3206.

Vörubílar

Forþjöppur, varahlutir, viðgerðarþjónusta. Eignum á lager / getum útvegð flesta varahluti fyrir vörubíla og vinnuvélar. Stilling sími: 520 8000.

Bátar

Handfærarúllur
BJ5000 Handfærarúllur. Ný sending kominn Sjóvélar ehf. 5533311 www.sjo.is

Aflvélar og rafstöðvar, margar stærðir. 12-24-230 og 380 v. dælur margar útfærslur. Girar, skífur, öxlar, þéttingar og sink. Miðstöðvar í báta og bíla. Ódýrir utanborðsmótorar 2,5 - 15 h. Margt fleira fyrir útgerð og vinnslu. www.asafl.is s: 562-3833 893-4242.

Bílaþjónusta

- Bílamálun -
Tökum að okkur réttingar, sprautun og aðrar viðgerðir. Vagnhöfða 7 - S. 867 4353.

Hjólbarðar

Til sölu ný vörubíladekk. Passar einnig undir vagna.10.00x22.Uppl í S. 849 1722

Fjármál

4 stk. nagladekk 185/65 R14 á Civic álf. á 40þ. 4 stk. 195/65 15" á Carina felgum á 20þ. 4 stk. 175/65 14" á Corolla felgum á 20þ. 4 stk 13" á Golf felgum á 20þ. 4 stk. 175/70 13" á 12þ. Uppl. í s. 896 8568.

Varahlutir

Er að rífa Focus '99, Yaris '00, Hatchback '96, '97 1600, Xli 1300 '94, Escord '98, Accent '95, Impreza '99, Almera '98, Carina '97, Vento '97, Lanos '99, Elantra Wagon '97, Civic '99, Golf '95. Kaupi bíla til niðurrifs. S. 896 8568.

partabílar.is 770-6400

Er að rífa Swift 05-09, Grand Vítara '05 Yaris '05 BMW 525 diesel '02 Honda Civic '97 Renault Kango '99, Dodge Carvan '97 og Nissan Primera '99, almera '99, Peugeot 306 '98. Kia Spotage '00, Jeep Grand Cherokee 4,7 '99 Kaupum bíla í niðurrif. S. 896 8568.

Bílapartar ehf S. 587 7659.

Eignum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opíð virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. Grænumýri 3 Mosfellsbæ www.bilapartar.is

Varahlutir s. 772 6777

Renault Megane árg. '96-'09. Peugeot 307, Peugeot 406, Skoda Fabia, Mazda 626 og 323.

Er að rífa Musso '96-'04. Hyundai H 1 '99. Nissan Double Cap '97. Isuzu Trooper '99. Landrover Discovery '98. Lanos '00-'02. Nubira '02. Galloper '00. Cherokee '94. Ford 250 '04. Toy Double Cap '94. Korando '98. Kia Sportage '97. Opel Astra '97. Kaupum bíla til niðurrifs. Musso varahlutir Kaplahrauni 9.5.864 0984.

Partahúsið - S. 555 6666

VW Bora, Golf, Passat, Caddy, Audi A4. Hyundai Getz H1, Starex, Santa Fe, I30. Honda Jazz, CRV. Toyota Avensis, Yaris. M.Benz margar gerðir. Fiat Punto. Suzuki Swift. Chevrolet Lacette. MMC Galant, Pajero. Citroen Berlingo. Daihatsu Terios. Peugeot 206. Man 26530 árg.'05. og margt fleira. Kaupum bíla til niðurrifs. S. 555 6666 & 615 0888. Skeiðarás 3, 210 Grb.

Varahlutir í VW Golf, Polo, Yaris, Fiat Brava og Kangoo. Viðgerðir. Girksassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

Bíllutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.

Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eignum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

ÞJÓNUSTA

Hreingerningar

STJÖRNUPRIF
S:895-4990

Húsfélagaræsting. Gólfbónun. Bónleysing. Teppahreinsun. Hreingerningar. Flutningsþrif og fl.

Bókhald

Bókhald, stofnun EHF, ársreikningar, VSK uppgjör, erfðarfjárskýrslur o.fl. HAGSTETT VERÐ. S. 517-3977 framtal@visir.is

Account Bókhald og rekstrarráðgjöf slf.
Framtöl, M&A o.fl. S. 571 0040 Vesturgötu 42.

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Fjármál

GLÖGGT ER GESTS AUGAD
Fyrirteki og fjármál ráðgjöf

Aðstoð við frjálsa nauðarsamninga, skuldaskil Kaup/samruni fyrirtækja. Ráðgjöf. Rekstrarfræðingur MBA. S. 772 3355

ATOZ

Gjaldprotaráðgjöf, líf eftir gjaldprot - hvað gerist ef þú hættir að borga? Greiðsluáðlögun, skattamál, stofnun fyrirtækja atoz@atoz.is s. 588 4545.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafll., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikael. S. 894 4560 www.flytja.is

Húsviðhald

Flisaverk.is
Gerum upp baðherbergið frá A-Ö Niðurrif-Förgun-Múrverk-Flisalagnir- Pípulagnir- Rafmagn-Smíðar. kristjan@flisaverk.is S: 898 4990.

VIÐHÖLD
fasteignaviðgerðir
Allt viðhald ehf. annast viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.
Við önnumst m.a.:
• múrviðgerðir • þakviðgerðir
• málningarvinnu • tresmiðavinnu • pípulagnir • raflagnir • flisalagnir.
Hringdu og við gerum þér tilboð, þér að kostnaðarlausu.
• Sími 567 6699. Sendu okkur email og við gerum þér tilboð. • kristjan@vidhald.is

Fagþjónusta - Allt á einum stað
Getum bætt við okkur í flisalögn, múrverki, pípulögn, glerisetningum og fleira. Sérhæfum okkur í lekavandamálum. Einnig tökum við að okkur múrbrot. Fljót og góð vinnubrögð. **Upplýsingar í síma 899 2420 Steingæði ehf.**

Húsviðgerðir
Skiptum um rennur og bárujám á þökum og múrviðgerðir og fl. Uppl. í s. 659 3598.

Pípulagnir
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 663 5315.

Ál og glerverk ehf
álhurðir og gluggar, sjálfvirkar hurðar. Viðgerð á ál og gluggum. Alhlíða þjónusta. Uppsetning og viðhald. S. 691 2014 & alogglerverk@talnet.is

Flisar - parket - grífs- steinslípun - grífsmúr - mála og margt fleira sem viðkemur húsviðhaldi að utan sem innan. Uppl. í s. 661 3149.

Tölvur

Tölvuviðgerðir, gagnabjörgun. Kem á staðinn. Gott verð. S. 699 6735 Baldvin.

Vandaðar tölvuviðgerðir
Microsoft vottun. 15 ára reynsla. Þjónustum einstaklinga og fyrirtækja. www.midnet.is Miðnet ehf S. 564 0690

Tölvuviðgerðir, virusahreinsun, gagnabjörgun. 18 ára reynsla, fint verð, afsl. f. félagi ÓBÍ & FEB. Stefán S. 821 6839.

Dulspeki-heilun

Ég er byrjuð aftur með einkatíma í miðlun, upplýsingar í síma 891 9218 fyrir hádegi virka daga. Ingibjörg R Þengilsdóttir miðill.

Nudd

Whole body massage. S. 849 5247

Spádómar

Nympha-dora
Tarot-lesur og Kristalkúla með leiðsögn að handan
562 8211

Steinnunn 908 6060 Hvað viltu víta um nýja árið?
Tarot, miðlun, trúnaður. Aðgát skal höfð í nærveru sálar. **Opíð 12-23 S. 894 9228 Steinnunn visa/euro**

Spjallið við Evu
S. 908 1010

Spásími Daddýar 846 6364
Opíð frá kl. 15-20 alla daga. Visa/Euro

Nú færðu einkatíma hjá spákonunni Sírrý í s. 552 4244 & 823 6393.

Spái í spil, ræð drauma einnig í gegnum síma. Ekkert mínutugjald. S. 891 8727, Stella.

Rafvirkjun

Raflagnir Dyrasímar

Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.

Fliót og góð þjónusta
Sími 893 1733

Jón Jónsson
Lögilltur rafverktaki

www.raflagnir.is

Önnur þjónusta


Blekhyllki.is

Ódýr blekhyllki og tónerar í HP, Dell, Brother, Canon og Epson send samdægurs beint heim að dyrum eða í vinnuna sjá nánar á Blekhyllki.is

KEYPT & SELT

Til sölu

Motor sport



útsala á vespum í stuttan tíma!

50cc vespur, í tveimur litum. Áður 188 þús. Nú 169 þús.



Er leiðinlegt að ryksuga ? Auto Cleaner elskar það og þú slakar bara á!

Auto Cleaner sér um heimilisþrifið á meðan þú nýtir tíman í annað! Fer sjálfkrafa í hleðslustöð. Þú stillir tímann á þann tíma sem þú vilt að hún byrji að þrifa. Verð 27.800,- algengt verð hjá samkeppnisaðila 49.000,- Þú sparar 21.200,-!

Mótorsport ehf
Síðumúla 34, 108 Reykjavík
Sími: 567 1040
Öll viðgerðarþjónusta á staðnum
www.motorogsport.is

Ísskápur á 10þ. Þvottavél á 15-30þ. Þurrkari á 20þ. Stór amerískur á 30þ. Uppþvottavél á 20þ. 28" TV á 12þ. Barnakerra á 4þ. S. 896 8568.

Poolborð 6 stk. nýu feta glæsileg-poolborð til sölu. Óska eftir 12 feta Matchroom snókerborðum. Uppl. í síma 8221471

Þvottavél, varahlutir.
Til sölu yfirfarnar þvottavél, þurrkarar og sjónvarp. Tökum bílaðar upp í. Einnig mjög ódýrir VARAHLUTIR í þvottavél. S. 847 5545.

Gefins

Gefins sófasett á sama stað óskast ódýrt/gefins fiskabúr S: 864 8918.

Óskast keypt

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldreyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.

Kaup gull !
Ég Magnús Steinhórs son gull-smíðameistari kaup gull, gull peninga og gull skartgripa af fólki. Og veiti ég góð ráð. Kaup allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns. **Upplýsingar á demantar.is í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13, Verið velkomin**

Vill kaupa stóra iðnaðarþvottavél má vera bíluð. Uppl. í S. 847 5545

Vélar og verkfæri

Óska e. að kaupa not. en í lagi: hand-sláttuvélar og sláttuor. Nán. uppl. í síma 866-0471.

Til bygginga

Verktakar. Allar vörur á 50-70% afslætti. Nánar á http://www.lettmat.is

Krossviður, kambstál, gips og fl. Uppl. í s: 555 7905 og www.ulfrinn.is

Verslun



Útsalan í fullum gangi 30-50% afsláttur

Emilia Bláa húsin Faxafeni
s: 588-9925 www.emilia.is

Stærri limur betri limur

Loksins er kominn á markað vara sem gefur þér varanlega stækkun bæði í lengd og þykkt. Kannaðu málið á bathmate.is

Ýmislegt

Til sölu verkfæraakista með fullt af verkfærum S: 864 8918.

HEILSA

Heilsuvörur



Aloe Vera Heilsunnar vegna Betri lífstill - meiri orka. Magnús og Hlíf sjálfstæðir dreifingaraðilar 822 8244 www.flp1.is

Mér finnst Herbalife vera best. Ótrúlegur árangur, Hjálpumst að. Sólrún Ósk s: 891 9883 www.heilsufrettir.is/solosk.

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betr-iheilsa.is/erla

ER ÞYNGDIN VANDAMÁL?
Taktu af skarið og kynntu þér hvernig ná má varanlegum árangri með Herbalife. Einar, Dr. matvælavfr. 8942741.

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapevork. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.


Árangur með Herbalife í 29 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifstill.is

ÓKEYPIS RÁÐGJÖF Í ÞYNGDARSTJÓRNUN!
Hringdu núna, Drífa 695 8464, Pétur 772 1035 Katrín 699 6617.

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólóf 861 5356, osa@ismennt.is

Nudd



TANTRA MASSAGE
An exclusive gift for men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantra-temple.com

Gott nudd - good massage. S. 844 0329 & 843 9975.

J. B. HEILSULIND Tilboð 2 fyrir 1

Skrúbb, heitur pottur og nudd kr.11.000. Tilboð í DETOX og svæðanudd 2fyrir1 kr.9000. Nudd ýmsar tegundir, slökun, ljúffengar veitingar, snyrting, næringar, vítamín og heilsuráðgjöf. Málverkasýning Unu á staðnum. Pantarnir 445 5000. Velkomin.

Vandaðir og ódýrir ferðanuddbekkir og óléttubekkir. Upplýsingar í S: 891 6447 Óli

NÝTT NÝTT NÝTT DREAM OASIS


NUDD: Heilln., Svæðan., Slökunarn., Ayurvedan., Heitsteinan., Tibet loftn., Hunangsnudd., Detox, Skrúbb, Pottur, Sólbeikir. Símar 567-6666 og 862-0941.

Þjónusta

Er andlega orkan á þrotum?
Miðlun og heilun vinnur á sorg, kvíða, verkjum og streitu. Tímápanantir Guðrún 695 5480.

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Námskeið



Saumanámskeið. Skráning stendur yfir á hin sinnvinsælu 4ja kvöldu saumanámskeið hjá Helgu Rún klæðskera-meistara. Uppl. í síma 899-2208.

Ökukennsla

Ökukennsla. Kenni á Subaru Legacy árg. '07. Uppl. í s. 891 6055, Kristján.

HEIMILIÐ

Dýrahald

Disar páfagaukur týndist 24. janúar 2010 nálægt Rauðási í Árbæ. Hann svarar nafninu Benjamin og er sárt saknað. Þeir sem finna hann vinsamlegast hafið samband í síma :8693599 eða 8643731.

30-60% afsláttur af öllum gæludýrum og gæludýravörum. Fískó dalvegur 16A S:564-3364.

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

Leigjendur, takið eftir!
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulists. Kiktu inn á www.leigulistsinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

www.leiguherbergi.is

1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.

Room for rent 1-2 person., Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj internet, bath, kitch, washing room incl. **Uppl/info í S. 824 4535.**
www.leiguherbergi.is

ROOM f/RENTW/FURNITURE IN 108 NEAR KRINGLA AND IN 109 AND 111 BREIÐHOLT 8973611

4ra herb. íbúð í Engjasetli til leigu. V. 130 þús. Uppl. í s. 435 1190.

Til leigu íbúð á göðum stað í Kópavogi. 3. herb, 73 fm. Laus frá 1. feb. S. 860 1998.

3-4 herb. íbúð með bílskúr á efri hæð í tvíbýli ásamt 25fm vinnurými í risi til leigu í hfj. Uppl. á netfang olafur@ief.is.

4 Herb. íbúð 109rvk, 120þ, innifalið hiti, rafm, hussj, securitas, uppþv. vel. Laus mjög fljótlega. S: 8973182

Húsnæði óskast

3-4 herb. íbúð í Rvk óskast til langtíma-leigu. 615 3120/yguti@visir.is

Geymsluhúsnæði

www.buslodageymsla.is
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

Til leigu - Skjalageymsla
Rúmgóð, eldvarin skjalageymsla á Stórhöfði 23, 110 Rvk. 55 m²- með 4,5 metra háum skjalaskápum á hjólum / 800 - 1.000 hillumetrar. Verð 170.000 + vsk. Uppl. í s. 660 6094 Eypör.

geymslur.com
Geymslur frá 3990.- kr á mán. í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélur. S. 555 3464.

www.geymslaeitt.is
Sér geymslur frá 5 til 17 m². Góð verð. Opíð 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

Bílskúr

25 fm. bílskúr með hita, á Háaleitisbraut til leigu. 25þús. á mán. án hita. Uppl. í s. 849 8411, e. kl:17. Silla.

Til sölu

HJÓLBARÐAR

- Hjólbarðaviðgerðir
- Smurþjónusta
- Bremsur
- Demparar
- Rafgeymar
- o.fl.

Gylfafiöt 3 Grafarvogi Sími 567 4468 dekk@gummisteypa.is

GENERAL HJÓLBARÐAR

VÍSIRNIS

„...ég sá það á vísi“

Gisting

stracta
CONSTRUCTION AND DEVELOPMENT

GISTING Í KAUPMANNAHÖFN
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufærri frá miðbænum. Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Verð 1050 dkr nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com

ATVINNA

Atvinna í boði

Atvinna
Óskum eftir 100 einstaklingum við alþj. markaðssetningu. Mikil vinna framundan góð aðstaða, kennsla og stuðningur. www.lifewaveglobal.com/is

samvinnuverkefni sem mögulegt er að vinna heima við www.lifewaveglobal.com/is

STÖRF.IS
Leitaðu á meðal rúmlega 400 atvinnu-auglýsinga. Leitinn hefst hjá okkur.

Vantar vanan Garðyrkjumann og verkstjóra með reynslu af garðyrkjustörfum. Einnig umsjónarmann tækja með reynslu af viðhaldi véla. Um framfarir starf er að ræða. Umsóknir á gardlist.is

Suðumenn
Vantar suðumenn og meistara í Vélvirkjun. Frekari upplýsingar á smidaland.is

Óskum eftir að ráða rafvirkja á höfuðborgarsvæðið. Sendið uppl. á rkraf@internet.is

TILKYNNINGAR

Einkamál

23 ára ávintyrágjörð kona í Reykjavík vill kynna karlmanni til að skemmta sér með. Auglýsinga hennar má heyrna og svara á Rauða Torginu Stefnumót, sími 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8679.

Kona komin yfir sextugt vill eignast karlkyns vin. Auglýsinga hennar má heyrna og svara á Rauða Torginu Stefnumót, sími 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8498.

Ljósærð kona með hlýtt viðmót vill kynna karlmanni með notalega stund í huga. Auglýsinga hennar má heyrna og svara á Rauða Torginu Stefnumót, sími 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8376.

48 ára karlmaður með mikla reynslu vill kynna eldra pari eða hjónum. Auglýsinga hans má heyrna og svara á Rauða Torginu Stefnumót, sími 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8722.

SÍMAPJÓNUSTUR



Stefnumót
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (fritt karlar)
555 4321 (fritt konur)

Spjall
904 5454 (símatorg, karlar)
535 9940 (kreditkort karlar)
555 4321 (fritt, konur)

Gay spjall
535 9988 (kreditkort)

Sögur
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)

Spjalldömur
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)

Tapað / Fundið



Hestur í óskilum

Hestur er í óskilum hjá Reykjavíkurborg. Hann var tekinn í nágrenni Varmadal. Hesturinn er móvindhóttur, um það bil 12 vetra, örmerktur en óskráður. Verður seldur eftir 14 daga ef réttur eigandi gefur sig ekki fram. Hesturinn er í vörslu Fáks sem veitir frekari upplýsingar.

Umhverfissvið- og samgöngusvið Reykjavíkurborgar Borgartún 12 - 14, 105 Reykjavík

Fasteignir

VALHÖLL

FASTEIGNASALA

Síðumúla 27 - Sími 588 4477 - Fax 588 4479

FISCHERSUND



Valhöll fasteignasala kynnr fallegt og virðulegt 253 fm einbýlishús á einstökum stað við Fischersund 3 í Grjótaþorpinu á horninu á Fischersundi og Mjóstræti. Húsið var byggt árið 1874 og stækkað 1875. Húsið er nokkurs konar einingahús á steptum og hlöðnum grunni og var flutt inn frá Noregi. Þaðan kemur nafn hússins, NORSKA BAKARÍÐ. Eigendur hússins í dag, keyptu húsið 1995. Burðarviðir hússins reyndust í mjög góðu ástandi enda var vel til þeirra vandað í upphafi. Húsið var síðan endurnýjað í hólf og gólf í upprunalegum Fjöldi gamla húsa í miðborginni er mjög takmarkaður og færri en vilja eiga þess kost að búa í miðbænum, hvað þá í slíkum húsum sem eru því álitlegur fjárfestingarkostur til lengri tíma lítið. Óskað er eftir tilboðum í eignina. Sjá nánari lýsingu á fasteignir.is. Allar nánari upplýsingar veitir Bárður Tryggvason sölustjóri í 8965221.

Ingólfur Gissurarson lgf.
Valhöll fasteignasala • Síðumúla 27 • Sími:588-4477.

Auglýsingasími

512 5050



- Mest lesið



Bolholt 4 • Sími: 588 5530
berg@berg.is • www.berg.is
Fax: 588 5540

Pétur Pétursson lögg. fasteignasali
Petur@berg.is



Litli krika 60-66 í Mosfellsbæ.

Opið hús í dag frá 17-18

Sýnum 4 raðhús á einni hæð með mikilli lofthæð á frábærum stað efst við Litlakrika í Mosfellsbæ. Gott skipulag. Stærð húsa frá 197-207 fm. og afhendast fullbúin að utan með gróffafnaðri lóð. Hiti í gólfum. Fulleinangruð. **Áhvilandi lán frá íbúðalánasjóði kr. 22 m. með 4,15% vöxtum. Verð 26,1 m. til 30,9 m. Laus strax.**

BERG fasteignasala stofnuð 1989

Opið hús



Fagrahæð 3 - Garðabær - Opið hús í dag

Til sölu þetta glæsilega einbýlishús á eftirsóttum stað í Garðabæ. Húsið er ca. 220 fm Með innbyggðum bílskúr. Glæsilegar og sérsníðaðar innréttingar úr harðviði. Allir gluggar og hurðir úr harðviði. Tvö baðherbergi. Garðskáli með heitum potti og timburverönd með skjólveggjum. Eign í sérflokk. Möguleg skipti á minni eign í Garðabæ.

**Eignin verður sýnd í dag á milli kl.17.30-18.15.
Björn sýnir s: 771-9432**

101 REYKJAVÍK

FASTEIGNASALA

Laugavegur 66 • 101 Reykjavík • Sími 511 3101 • Fax 511 3909 • www.101.is • 101@101.is

Stangarhylur 7, Reykjavík



Um það bil 435fm húsnæði á annari hæð. Móttaka, búningaklefar og sturtur á fyrstu hæð. Stór æfingarsalur, minni æfinga svæði, salerni og kaffi aðstaða á annri hæð og mjög gott 464fm atvinnuhúsnæði á jarðhæð með innkeyrsludrygum. Góð lofthæð (ca 3.70m)
Næg bílastæði og gott aðgengi

Skeiðarás 3, Garðabær



Lager eða verkstæðishúsnæði, 504 fm sem hentar vel fyrir ýmsan iðnað eða verkstæði. Mjög gott útsvæði er við húsið.
Húsnæðin fást leigð á mjög sanngjörnu leiguverði.

VÍSIR.IS

"...ég sá það á vísi"

» Ráðningarþjónusta

Leitar þú að starfsmanni?

HH Ráðgjöf hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og finna réttan einstakling fyrir þá aðila sem leita okkar aðstoðar við ráðningu starfsfólks.

» Kostir þess að nýta sér þjónustu HH Ráðgjafar eru m.a.:

■ Vinnusparnaður

Við vinnum úr umsóknum, leitum í gagnagrunni okkar, tökum forviðtöl og öflum umsagna.

■ Markviss leit

Sérskrifaður hugbúnaður gerir leit afar markvissa og tryggir að við finnum hæfasta einstaklinginn.

■ Þriggja mánaða ábyrgð

Ef starfsmaður hættir störfum innan þriggja mánaða er ráðning í hans stað án endurgjalds.

■ Ekkert staðfestingargjald

Við leggjum áherslu á að rækta árangursríkt og ánægjulegt langtímasamband við viðskiptavinum okkar og því greiðir þú ekkert ef ekki verður af ráðningu.

■ Fjöldi hæfra umsækjenda

Fjöldi umsækjenda er á skrá í almennum gagnagrunni okkar sem tryggir að við finnum rétta einstaklinginn fyrir starfið.

■ Fjölbreyttar þjónustuleiðir

Í boði eru fjölbreyttar þjónustuleiðir sniðnar að þörfum og væntingum viðskiptavina okkar. Þú finnur lausnina hjá okkur.

■ Reynsla og þekking

Hjá HH Ráðgjöf starfa sérfræðingar á sviði starfsmannamála sem búa m.a. yfir mikilli reynslu af ráðningum og hagnýtri menntun.

■ Sanngjarnt verð

Bjódum mjög hagstætt og samkeppnishæft verð á þjónustu okkar. Gerðu verðsamanburð!

HH Ráðgjöf er alhliða ráðningarþjónusta og við státum okkur af því að veita framúrskarandi þjónustu hvort sem um ræðir ráðningu ófaglærðra, faglærðra eða sérfræðinga.

» Ráðgjafar okkar veita fúslega frekari upplýsingar í síma 561 5900 eða sendu okkur tölvupóst: hhr@hhr.is



HH

RÁÐGJÖF

RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

Menningarlegt skemmdarverk

UMRÆÐAN

Björn Brynjólfur Björnsson skrifar um kvikmyndagerð



BJÖRN BRYNJÓLFUR BJÖRNSSON

35% niðurskurður á því fé sem mennta- og menningarmálaráðuneytið og fjármálaráðuneytið hafa skuldbundið sig með samningum til að setja í kvikmyndasjóði er langmesti niðurskurður sambærilegra samninga í mennta- og menningarmálaráðuneytinu, þar sem niðurskurðurinn er 0% til 10%. Stefna yfirvalda er að skera mun meira niður í kvikmyndagerð en á nokkru sambærilegu sviði.

Því var list yfir þegar gengið var til niðurskurðar að ætlunin væri að dreifa byrðunum á sanngjarnan hátt. Hér er ekki verið að því. Hér er verið að vinna óbæt-anlegan skaða á atvinnugrein sem miklu meira vit væri í að efla.

Nú hefur það bæst við að stjórnendur Ríkisútvarpsins segjast munu draga verulega úr kaupum á kvikmyndaefni sem framleitt er á Íslandi. Afleiðingarnar verða þær að framleiðsla á leiknu sjónvarps-efni, sem nýlega er hafin hérlendis mun enn dragast verulega saman og svo til útilokað verður að framleiða heimildarmyndir á Íslandi.

Núverandi stjórnendur RÚV hafa með þessu útspili ítrekað þá stefnu að fyrirtækið eigi ekki samleið með íslenskri kvikmyndagerð og vöxtur hennar og viðgangur sé RÚV óviðkomandi. Útvarpsstjóri hefur lýst þessari skoðun með þeim orðum að RÚV hafi aðeins skyldum að gegna gagnvart áhorfendum sínum og engum öðrum.

Brot á þjónustusamningi

Í hverri viku benda áhorfendur (með fjarstýringunni) stjórnendum RÚV á það efni sem þeir helst vilja fá: Vandað íslenskt efni. Þessir sömu áhorfendur eru óvart líka eigendur fyrirtækisins, en engu að síður ætla núverandi stjórnendur að fara þveröfuga leið og draga sem mest úr þessu efni.

Sú skoðun að RÚV hafi engum samfélagslegum skyldum að gegna sem risafyrirtæki í almannaeigu á þessu sviði mun vera óþekkt í Evrópu þar sem fjöldi sambærilegra ríkisrekinnna sjónvarpsstöðva lítur ekki bara á það sem skyldu sína að starfa með kvikmyndaíðnaði síns lands að því að þróa og framleiða kvikmyndaefni sem á rætur í tungumáli og menningu þjóðarinnar – heldur gerir það með mikilli ánægju.

Slíkt samstarf hefur undan-

SENDIÐ OKKUR LÍNU

Fréttablaðið og Vísir hvetja lesendur til að senda línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Tekið er á móti efni á netfanginu greinar@frettabladid.is eða á vefsíðu Vísis, þar sem finna má nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísí eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

tekningalaust getið af sér afurðir sem seljast víða um heim – og skila verðmætum gjaldeyri.

Ákvörðun stjórnenda RÚV er líka brot á þjónustusamningi fyrirtækisins við mennta- og menningarmálaráðuneytið, en því svara stjórnendur RÚV á þann veg að þar sem framlög til stofnunarinnar hafa nú verið skert frá því sem segi í samningnum þurfi þeir hvorki, né geti, uppfyllt samninginn. Það munu margir forstöðumenn ríkisstofnana vera spenntir að sjá hvort ráðuneytið tekur þessa röksemdafærslu gilda.

Ekki bara spurning um peninga

Ríkisútvarpið er að skera niður um 270 milljónir en tekjur þess á síðasta ári voru 4,4 milljarðar. Nú sjá stjórnendur þess enga aðra leið en að skera verulega niður þær 100 milljónir sem þeir kaupa fyrir íslenskt kvikmyndaefni. Fyrir þessa peninga fást kvikmyndir, heimildarmyndir og leikið sjónvarps-efni sem kostar milljarða að framleiða því aðeins lítill hluti kostnaðar við framleiðslu þessa efnis er greiddur af RÚV. Framleiðslukostnað þess efnis sem RÚV framleiðir sjálfst þarf fyrirtækið hins vegar að greiða að fullu.

En peningar eru ekki allt. Ef við þurfum á einhverju að halda á þessum dögum þá eru það kvik-

Núverandi stjórnendur RÚV hafa með þessu útspili ítrekað þá stefnu að fyrirtækið eigi ekki samleið með íslenskri kvikmyndagerð og vöxtur hennar og viðgangur sé RÚV óviðkomandi.

myndir, heimildarmyndir og sjónvarpsþáttaraðir um lífið í þessu landi. Börnin okkar þurfa á því að halda. Kvikmyndir eru stór hluti af menningu okkar og tilveru og sá hlutur mun stækka.

Framsýnir leiðtogar myndu efla þennan iðnað sem skapar spennandi störf sem ungt fólk hefur

áhuga á og vinnur með tungumál okkar og menningu. Hér eru miklir möguleikar. Við eigum vel menntað fagfólk í öllum deildum.

Eftirspurn eftir vönduðu kvikmyndaefni í veröldinni er óseðjandi og fátt er betur til þess fallið en kvikmyndir að flytja heiminum mynd af þessu landi, fólkinu sem hér býr – og lífinu sem það lifir. Það er mynd sem við þurfum ekki að skammast okkar fyrir.

En við þurfum að skammast okkar fyrir þau skemmdarverk sem nú eru unnin á íslenskri menningu.

Höfundur er formaður Íslensku kvikmynda- og sjónvarpsakademíunnar.

Móttöku auglýsinga og skráninga
í Símaskrána 2010 fer senn að ljúka.

ÞARFTU AÐ LÁTA BREYTA ÞÉR Í SÍMASKRÁNNI 2010?

Ef þú vilt breyta skráningu þinni eða fyrirtækis þíns hafðu
þá samband við þjónustufulltrúa okkar í síma 522 3200,
farðu inn á Ja.is eða sendu tölvupóst á ja@ja.is.

★ ★ ★

SKRÁNINGU LÝKUR 31. JANÚAR 2010

*Þú ert ekkert
númer ef þú ert ekki
í Símaskránni*

118

ja.is

Símaskránni

Auglýsingasími

512
50
50

FRÉTTABLAÐIÐ
- Mest lesið

BJARNI BENEDIKTSSON FÆDDIST
ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1970.

„Ég er eins og skyr, ég er mjög
hræður.“

Þetta hafði Bjarni Benediktsson
að segja þegar hann var kjör-
inn formaður Sjálfstæðisflokks-
ins á landsfundi flokksins 29.
mars 2009. Bjarni er lögfræðingur
að mennt og leiðtogi flokksins
í Suðvesturkjördæmi frá árinu
2009.



ÞETTA GERÐIST: 26. JANÚAR 1894

Hið íslenska kvenfélag stofnað

Íslensk kvenréttindahreyfing í Reykjavík átti sitt
upphaf þegar Hið íslenska kvenfélag var stofnað á
þessum degi árið 1894.

Félagið var það fyrsta héraendis sem hafði
kvenréttindi á stefnuskrá sinni. Í lögum félagsins
segir meðal annars orðrétt: „Tilgangur félagsins er
sérstaklega að auka réttindi kvenna á Íslandi og
að gæða áhuga þeirra fyrir því að gæta fenginna
réttinda og hagnýta sér þau, ennfremur að efla
menningu kvenna með samtökum og félagsskap.“
Helsta og janframt fyrsta baráttumál félagsins
var að tryggja íslenskum konum aðgang að æðri
menntastofnun með stofnun háskóla á Íslandi.

Þess má geta að Þorbjörg Sveinsdóttir 1827-
1903) ljósmóðir var aðalhvátamaðurinn að stofn-
un félagsins. Hún var gjaldkeri í fyrstu stjórn þess
en tók svo við formennsku árið 1897 og gegndi
henni til dauðadags

Heimild: www.fjallkonan.is og gardur.is.



UPPHAFIÐ Hið íslenska kvenfélag var fyrsti vísirinn
að íslensku kvenréttindahreyfingunni. Hér sjást
rauðsokkur í kröfugöngu 1. maí 1973.

MERKISATBURÐIR

- 1340 Játvarður III. Englands-
konungur lýstur konungur
Frakklands.
- 1531 Jarðskjálfti skekur Lissa-
bon, þúsundir farast.
- 1788 Fyrsta nýlenda Evrópu-
manna í Ástralíu stofnuð,
fanganylendan, sem síðar
hlýtur nafnið Sydney.
- 1866 Ísafjörður fær kaupstað-
arréttindi. Þá búa þar 220
manns.
- 1906 Verkamannafélagið Dags-
brún í Reykjavík stofnað.
- 1953 Netendasamtökin stofn-
uð.
- 1965 Hindí verður opinbert
tungumál Indlands.
- 1970 Handknattleiksfélag
Kópavogs stofnað.
- 2009 Geir Haarde slítur stjórn-
arsamstarfi við Samfylk-
ingu.

tímamót

tímamot@frettabladid.is



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengda-
faðir, afi og langafi,

Ivar Þórhallsson

húsasmiðameistari, Austurvegi 5,
Grindavík,

andaðist á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja fimmtu-
daginn 21. janúar. Hann verður jarðsungið frá
Grindavíkurkirkju föstudaginn 29. janúar kl. 13.00.
Bestu þakkir til starfsfólks D-deildar fyrir mjög góða
umönnun.

Lovísa Sveinsdóttir

Þórhallur Ágúst Ívarsson Vilborg Norðdahl
Jónína Berglind Ívarsdóttir Hilmar Knúttsson
Stefán Ívar Ívarsson Halldóra S. Sveinsdóttir
Aðalbjörg Ívarsdóttir Ivar Þór Guðlaugsson



Kæru ættingjar og vinir. Innilegar
þakkir til ykkar allra sem sýndu okkur
samúð og hlýðug við andlát og útför
okkar ástkæra,

Birgis G. Albertssonar

kennara frá Hesteyri.

Starfsfólki taugalækningadeildar og Grensásdeildar
Landsþítalans færur við sérstakar þakkir fyrir góða
umönnun. Guð blessi ykkur öll.

Evlalía Kristín Guðmundsdóttir

Borghildur Birgisdóttir Egill Steinar Gíslason
Guðmundur Albert Birgisson Unnur Jóhannsdóttir
Gunnar Friðrik Birgisson Erla Sesselja Jensdóttir
Guðbjörg Helga Birgisdóttir Ingi Hlynur Sævarsson
barnabörn
Dagný G. Albertsson
Margrét Ólafía Guðmundsdóttir
Oddrún Jónasdóttir Uri



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar,
tengdamóðir, amma, langamma og systir,

**Sigríður Alda
Eyjólfsson**

frá Laugardal í Vestmannaeyjum,
Hringbraut 2b, Hafnarfirði,

lést á heimili sínu miðvikudaginn 20. janúar. Útförin
fer fram frá Víðistaðakirkju í Hafnarfirði miðvikudag-
inn 27. janúar kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlegast
afþakkaðir en þeim sem vilja minnst hennar er bent á
Hjartavernd.

Ragnar Hafliðason

Kristín Ósk Kristinsdóttir Vigfús Björgvinsson
Líney Guðbjörg Ragnarsdóttir Arnar Hilmarsson
Ágústa Ragnarsdóttir Jónas Hilmarsson
Óskar Hafliði Ragnarsson Sigríður Líney Lúðvíksdóttir
Ragnar Eyjólfsson barnabörn og barnabarnabörn.



NÁM Í HAUST „Eftir allt gengur eftir verður auglýst eftir nemendum í apríl næstkomandi sem geta þá hafið nám við skólana næsta haust,“ segir
Ingibjörg, um væntanlegt diplómanám í teikningu og textíl. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

MYNDLISTASKÓLINN Í REYKJAVÍK: UNDIRBYR DIPLÓMANÁM Í TEIKNINGU OG TEXTÍL

Í samstarf við Steinunni og CCP

„Við viljum hefja verklega kennslu til
vegs og virðingar, þar sem við álitum
meðal annars að mikill auður sé fólgin
í því að temja sér verklega kunnáttu,“
segir Ingibjörg Jóhannsdóttir, skóla-
stjóri Myndlistaskólans í Reykjavík,
sem vinnur nú að því að koma af stað
sérhæfðum námsbrautum á háskólastigi
í samvinnu við Tækniskólann – skóla at-
vinnulífsins, fyrirtækið CCP og fata-
hönnuðinn Steinunni Sigurðardóttur.

Að sögn Ingibjargar hefur afturför
orðið til dæmis í teiknikunnáttu síðustu
ár. „Ástæðuna má meðal annars rekja
til þess að teiknikennsla á háskólastigi
er af skornum skammti í landinu. Eftir
að Myndlista- og handiðaskólinn varð
að Listaháskólanum jókst til að mynda
vægi fræðilega hlutans á kostnað þess
verklega. Eftir því sem ég kemst næst
er þriðjungur námsins þar fræðilegur,“
útskýrir hún.

Ingibjörg bendir á að vegna þessar-
ar þróunar sé smám saman að skapast
gjá á milli framboðs og eftirspurnar
eftir verklegu listnámi. „Aldrei hafa
fleiri nemendur verið á listnámsbraut-
um framhaldsskólanna en nú. Að sama
skapi er hér vaxandi eftirspurn eftir
til dæmis teikningum með tilkomu fyr-
irtækja eins og Kaoz og CPP. Á móti
vantar einhvern til að brúa bilið og
það ætlum við hjá skólunum að gera
með því að bjóða upp á tveggja ára
nám annars vegar í teikningu og hins
vegar í textíl.“

Ingibjörg segir að nemendur vænt-
anlegra námsbrauta muni þurfa að
uppfylla tiltekin inntökuskilyrði. „Ég
geri fastlega ráð fyrir að nemendur
þurfi að hafa útskrifast af listnáms-
brautum framhaldsskólanna. Svo er
spurning hvort þeir skili líka möppu
með verkum sínum. Þannig er metin

raunveruleg færni viðkomandi aðila.“

Áhersla verður lögð á sterk tengsl
milli skólanna tveggja og atvinnu-
lífsins að sögn Ingibjargar. „Þetta er
auðvitað á ákveðnu frumstigi en við
höfum verið í hugmyndavinnu með
CCP vegna teikninámsins og Stein-
unni Sigurðardóttur fatahönnuð vegna
náms í textíl. Svo ætlum við að þróa
kennsluna í takt við atvinnulífið, til
dæmis með hliðsjón af því hvort eftir-
spurn er eftir almennti eða sértækri
verkunnáttu.“

Ingibjörg bætir við að nemendum
gefist að auki kostur á að ljúka námi
við erlenda listaháskóla, meðal ann-
ars í Noregi, Danmörku og Skotlandi.
„Eftir tvö ár við okkar skóla geta þeir
stefnt á atvinnumarkaðinn eða sérhæft
sig með námi við erlenda listaháskóla
sem við erum í samstarfi við.“

roald@frettabladid.is



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi
og langafi,

Tryggvi Kristjánsson,

áður til heimilis Mýrarvegi 113,
Akureyri,

lést á Dvalarheimilinu Hlíð miðvikudaginn 20. janúar.
Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn
29. janúar kl. 13.30.

Kristján Tryggvason Sigrún María Guðmundsdóttir
Sigurbjörn Tryggvason Ragnheiður Ragnarsdóttir
Steindór Tryggvason
Helga Tryggvadóttir
María Albína Tryggvadóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Elskulegur eiginmaður minn, faðir,
tengdafaðir, sonur, bróðir og mágur,

Jóhannes Bekk Ingason

kennari, Lambastaðabraut 13,
Seltjarnarnesi,

sem andaðist 21. janúar, verður jarðsungið frá
Grafarvogskirkju fimmtudaginn 28. janúar kl.
15.00. Þeim sem vilja minnst hans er bent á
Krabbameinsfélag Íslands.

Alda Svanhildur Gísladóttir
Jón Þór Þorleifsson
Ingi Einar Jóhannesson Aðalbjörg Sigurðardóttir
Ingi Einar Jóhannesson
Elvar Guðmundur Ingason Dagný Selma Geirsdóttir
Brynjar Ingason Guðbjörg Ragnheiður Jónsdóttir



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Lydía Pálmarsdóttir

Eskihlíð 5,

sem lést á Droplaugarstöðum hinn 17. janúar sl., verður jarðsöngin frá Háteigskirkju miðvikudaginn 27. janúar kl. 13.00.

Pálmar Árni Sigurbergsson Jóhanna Snorradóttir
Ólafur Viggó Sigurbergsson Sólrún Jónasdóttir
Grétar Sigurbergsson Kristín Hallgrímsdóttir
Friðrik Sigurbergsson Árný Sigurðardóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

Þórhalla Katrín

Stefánsdóttir

Holtsgötu 34, Njarðvík,

andaðist á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja þann 15. janúar sl. Útförin fór fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu þann 21. janúar. Þökkum alla auðsýnda samúð og sérstakar þakkir til starfsfólks á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja fyrir mjög góða umönnun.

Örn Geirdal
Arnheiður Magnúsdóttir Helgi Þór Óskarsson
Viktória Magnúsdóttir Koert Hensema
og barnabörn



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

Hreiðars Eyfjörð

Jónssonar

Brekkugötu 38, Akureyri.

Sérstakar þakkir til starfsfólks handlækningadeildar Sjúkrahúss Akureyrar fyrir frábæra umönnun og hlýhug í okkar garð.

Soffía Jóhannsdóttir
Jóhann Eyfjörð Hreiðarsson
Hreiðar Eyfjörð Hreiðarsson
Einar Guðbjartsson
og fjölskyldur.



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Jakob Falur Kristinsson,

fyrirverandi útgerðamaður,

andaðist á heimili sínu 22. janúar sl. Útförin fer fram frá Bildudalskirkju laugardaginn 30. janúar kl. 11.00.

Gunnar Jakobsson Guðrún Aspelund
Jón Páll Jakobsson Sólrún Bryndís Aradóttir
Guðrún Rebekka Jakobsdóttir Svavar Sigþórsson
Júdit Krista Jakobsdóttir
og barnabörn.



Ástkær móðir okkar tengdamóðir, amma og langamma,

Ingigerður Eiríksdóttir

Skipum, Stokkseyrarhreppi

lést á hjúkrunardeild Kumbaravogs föstudaginn 22. janúar.

Gísli V. Jónsson Herdís J. Hermannsdóttir
Móeiður Jónsdóttir Ólafur Benediktsson
Ragnheiður Jónsdóttir Vilhjálmur Vilmundarson
barnabörn og barnabarnabörn.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Guðríður Lilja

Guðmundsdóttir

Kríuhólum 2, Reykjavík,

lést á heimili sínu föstudaginn 22. janúar. Útförin verður auglýst síðar.

Ómar Friðriksson Edda Axelsdóttir
Ámundi Friðriksson Anna E. Breiðfjörð
Auður Friðrikdóttir Jón Á. Einarsson
Sigurður Friðriksson Vilborg Kr. Gísladóttir
Lilja G. Friðrikdóttir
Sigurrós Friðrikdóttir

Margrét Sigurðardóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær systir, mágkona og frænka,

Dagný Valgeirsdóttir

kennari, Lönguhlíð 19,

Reykjavík,

andaðist á Landakotsspítala föstudaginn 22. janúar. Útförin verður auglýst síðar.

Björg Valgeirsdóttir Skúli H. Norðdahl
Björn Th. Valgeirsson Stefánía Stefánsdóttir
Valgeir Hallvarðsson Aðalbjörg Kristinsdóttir
Eva Hallvarðsdóttir Ásgeir Valdimarsson
Herdís Hallvarðsdóttir Gísli Helgason
Rannveig Hallvarðsdóttir Jóhannes Karl Jía
Tryggvi Hallvarðsson Þuríður Vilhjálmsdóttir
Hildur Björnsdóttir Ásgeir Bragason
Dagný Björnsdóttir Skúli Gunnarsson
Valgerður Helga Björnsdóttir Jón Hafberg Björnsen



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Hallveig Eiríksdóttir,

Dvalarheimilinu Höfða, Akranesi,

andaðist 21. janúar. Útförin fer fram frá Akranesirkirkju föstudaginn 29. janúar kl. 14.

Sveinn Jónsson Hildur Eðvarðsdóttir
Eiríkur Sveinsson
Jón Sveinsson
Jenny Una Sveinsdóttir
Halldór Páll Jónsson
Sveinn Unnar Sigurbjörnsson
Valur Sigurbjörnsson
og langömmubörn.



Hjartans þakkir ferum við öllum sem sýndu okkur samúð og vinarbug vegna andláts og útfarar elskulegrar eiginkonu minnar, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Guðlaugar Egilsdóttir

fyrirum húsfreyju á Alfgeirsvöllum.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Heilbrigðisstofnunar Sauðárkróks.

Marinó Sigurðsson
Sigurður Marinósson Gróa Bjarnadóttir
Svandís Marinósdóttir Indriði Stefánsson
Jórunn Marinósdóttir Eysteinn Reynisson
Árný Marinósdóttir Úlfar Malmquist
Álfheiður Marinósdóttir Þórarinn Sigurðsson
Álfgeir Marinósson Karín Bæringsdóttir
barnabörn og langömmubörn.



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Ólafur Jónsson

Lómasölum 12, Kópavogi,

verður jarðsöngin frá Digraneskirkju miðvikudaginn 27. janúar kl. 13.00.

Björg Sigríður Kristjánsdóttir
Kristján Grétar Ólafsson Sólvieg Guðmundsdóttir
Guðrún Björg Ólafsdóttir Guðmundur Jón Kristjánsson
Helgi Jón Ólafsson Erna Ósk Guðnadóttir
og afabörnin.



Ástkær eiginkona mín, dóttir, tengdadóttir, móðir, tengdamóðir, systir og amma,

Hjördís Áskelsdóttir

Rimasíðu 6, Akureyri,

lést fimmtudaginn 21. janúar. Útför hennar fer fram frá Glerárkirkju föstudaginn 29. janúar kl. 13.30.

Stefán Traustason
Svala Halldórsdóttir Sigurður Ó. Guðbjörnsson
Trausti Adamsson Monika M. Stefánsdóttir
Monika M. Stefánsdóttir Gunnar Á. Jónsson
Halldór Á. Stefánsson Guðbjörg L. Gylfadóttir
Svala H. Stefánsdóttir Jónas H. Friðriksson
bræður og barnabörn.



Innilegar þakkar ferum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýju við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Agnesar Láru

Magnúsdóttur

Hlíf 2, Ísafirði.

Sérstakar þakkir sendum við starfsfólki þjónustudeildar Hlífar og öldrunardeildar Sjúkrahúss Ísafjarðar fyrir góða umönnun.

Ágústa Þorgilsdóttir Gunnlaugur Jóhannsson
Ragnheiður Þorgilsdóttir
Árni Kristinn Þorgilsson
Magnús Þorgilsson Sesselja Guðrún Þórðardóttir
Ásbjörn Þorgilsson Eva Sigurbjörnsdóttir
Valdís Þorgilsdóttir Anton Hólmsteinn Hjaltason
Hjördís Þorgilsdóttir Jón Sigurgeir Ásgeirsson
Þorgils Þorgilsson Petrina Shaolin
barnabörn og barnabarnabörn.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 512 5000.


Yfirburðir Fréttablaðsins staðfestir!

59%

Lesað bara
Fréttablaðið

8,8%

Lesað bara
Morgunblaðið



Auglýsing í
Fréttablaðinu
nær til yfir

91%

lesenda
blaðanna

32,2%

Lesað bæði
Fréttablaðið og
Morgunblaðið

Fréttablaðið er sem fyrr mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á samkeppnisaðila sinn eins og síðasta könnun Capacent Gallup sýnir ótvírætt.



Allt sem þú þarft...

Skörun blaðalesturs að meðaltali á dag, mán. til lau., höfuðborgarsvæðið 18-49 ára. Heimild: Blaðakannanir Capacent maí-okt. 2009.

Eru ekki allir að djóka?

BAKPANKAR

Önnu
Margrétar
Björnsson

Í síðustu viku var merkileg frétt á vefnum um að nýtt tákni hefði verið fundið upp til að tákna kaldhæðni í tölvusamskiptum. Merkið „Sarc Mark“ er eins konar útgáfa af satanísku @ merki og var búið til af Bandaríkjamönnum sem eiga greinilega erfitt með hugtakið. Fyrirtækið plöggar kaldhæðnistáknið með því að kaldhæðni skiljist ekki á prenti, í msn-samskiptum eða í tölvupósti og geti auðveldlega misskilist af viðtakandanum og bakað manni ómæld vandræði. Þetta er örugglega álika og svipurinn sem ég fæ svo oft í samræðum við fólk eða fjölmörg spurningarmerki yfir mínum súrrealísku Facebook-státusum.



EN kaldhæðnislegt eitthvað. Hvað verður um kaldhæðnina ef sérstakt tákni er notað í hvert skipti sem hún er notuð? Er hún þá yfirleitt eitthvað sniðug eða myndin? Við lifum kannski einmitt í svo Bandaríkjavæddu þjóðfélagi að kaldhæðni er illa séð og sjaldan skilin. Ég ætti kannski að prenta merki út og hafa það með mér í partýin. Svo ef mér yrði á að láta eitthvað kaldhæðnislegt út úr mér þá rétti ég bara út handlegginn... Kaldhæðni!

Á LAUGARDAGINN sveltist mér á kaffinu mínu þegar ég fór að lesa myndlistarumfjöllun í Lesbókinni. Við mér blasti svo löng og svo flókin setning að hún var meistaraverk í sjálfu sér og höfundur hafði tekið að koma inn slatta af gríðarlega háfleygum orðum í einni langri runu ásamt því að nota hugtakið kaldhæðnislegur póst-móðernismi í öðru hverju orði. (Ég sem hélt að pómó hefði dottið úr tísku fyrir tuttugu árum). Las setninguna yfir fimm sinnum þar til ég fattaði! Ég var ekkert endilega svona mikill flíflístíni! Skrifbentinn hafði bara gleymt að setja nýja „Sarc Mark“ táknið á eftir greininni.

UM kvöldið mundi ég eftir því að það væri eins gott að dæsa ekkert yfir Lesbókinni né annarri háfleygri menningarstarfssemi. Í kjölfar fréttar af niðurskurði hjá sjónvarpi allra landsmanna var enn skrytnara að horfa á skjáinn um kvöldið. Íslenskt efni verði ekki lengur keypt inn en RÚV er samt tilbúið til að pródúsera lög eftir tannlækna til að senda í keppni yfir „verstu rusllög Evrópu“ eins og lítill sonur minn kallaði þetta. (Eurovision er víst nefnilega svo hresst og skemmtilegt og sameinar alltaf þjóðina í litríkri geðveiki í maí). Ég sting upp á því að RÚV setji „Sarc mark“ undir gamla og skrytna lógóið sitt, nú eða skipti því bara alfarið út þarna í efra horninu hægra megin.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





CLOONEY OG NICHOLSON George Clooney ásamt kollega sínum Jack Nicholson meðan á söfnuninni stóð.

NORDICPHOTOS/GETTY

Söfnuðu sjö milljörðum

Skipuleggjendur alþjóðlegrar símasöfnunar vegna jarðskjálftans á Haítí segja að yfir sjö milljarðar króna hafi safnast handa fórnarlömbunum. Sjónvarpað var frá söfnuninni og meðal rúmlega eitt hundruð stjarna sem tóku þátt voru Julia Roberts, Steven Spielberg og Jack Nicholson.

Sérstaka athygli vakti þegar leikararnir George Clooney og Leonardo DiCaprio gáfu milljón dollara hvor til söfnunarinnar. Meðal þeirra sem stigu á svið og sungu voru Wyclef Jean, Bruce Springsteen, Madonna og Shakira. Einnig flutti rapparinn Jay Z-lagið Stranded (Haiti Mon Amour) ásamt Bono og The Edge úr U2 sem þeir sömdu með honum.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Þriðjudagur 26. janúar 2010

→ Sýningar

Inger Helene Bóasson sýnir ljósmyndir á stígapalli á 3. og 4. hæðar Landakotsspítala í Landakoti. Opið alla daga kl. 09-15.

Á Listasafninu á Akureyri við Kaupvangsstræti, hefur verið opnuð yfirlits-sýning á verkum hollenska myndlistarmannsins Jorisar Rademaker. Opið alla daga nema mánudaga kl. 12-17.

Þórarinn Örn Egilsson hefur opnað sýningu í sýningarsalnum Hurðir, VIRTUS við Laugavegi 170 (3. hæð). Opið alla daga kl. 9-16.

→ Myrkir músikdagar



12.10 Hallveig Rúnarsdóttir sópran og **Hrönn Práinsdóttir** pianóleikari halda tónleika í Hafnarborg, menningar-miðstöð við Strandgötu í Hafnarfirði. Á efnisskránni verða verk eftir Hildigunni Rúnarsdóttur, Önnu Þorvaldsdóttur, Jórinni Viðar og Elínu Gunnlaugsdóttur.

20.00 Kammerkór Suðurlands kemur fram á tónleikum í **Krístskirkju** við Landakot. Á efnisskránni verða meðal annars verk eftir Báru Grímsdóttur, Atla Ingólfsson, Hjálmar H. Ragnarsson og Tryggva M. Baldvinsson.

→ Kvikmyndir

20.00 Kvikmyndasafn Íslands sýnir kvikmynd Kenneths Branagh, Henry V (1989) eftir skáldverki Shakespeares. Sýningin fer fram í Bæjarbíói við Strandgötu í Hafnarfirði. Íslenskur texti. Nánari upplýsingar á www.kvikmyndasafn.is.

→ Málþing

16.00 Málþing undir yfirskriftinni „Kynverund - heilbrigði og samfélag“ fer fram í húsaáskynnum Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga að Suðurlandsbraut 22 (3. hæð). Málþingið er öllum opið og aðgangur er ókeypis. Nánari upplýsingar á www.kynstur.is.

→ Fyrirlestrar

12.00 Guðni Th. Jóhannesson flytur fyrirlestur þar sem saga landráða á Íslandi er rakin í stuttu máli og mat lagt á landráðatal síðustu mánaða. Erindið er haldið í Háskólanum í Reykjavík við Ofanleiti 2 (st. 101). **Allir velkomnir.**

12.00 Ásgeir Örn Jóhannesson fjallar um nám sitt við lagadeild Háskólans á Akureyri og lögræðistörf almennt. Fyrirlesturinn fer fram í HA, Sólborg við Norðurlóð (L-201).

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.

The Hurt Locker sigurvegari

Kvikmyndin The Hurt Locker var kjörin besta myndin á verðlaunahátíð Samtaka framleiðenda í Bandaríkjunum. Sex af síðustu níu kvikmyndunum sem sigruðu á hátíðinni hafa í framhaldinu fengið Óskarsverðlaunin sem besta myndin.

„Þetta er alveg ótrúlegt,“ sagði leikstjórinn Kathryn Bigelow þegar hún tók á móti verðlaununum. Myndin, sem fjallar um sprengjusérfræðinga í Írak, hlaut hvorki Golden Globe- né Screen Actors Guild-verðlaunin og kom sigurinn Bigelow því í opna skjöldu. Leikmyndahönnuðurinn Karl Júlíusson starfaði við myndina og eru verðlaunin því einnig rós í hnappagat hans.

Það var aftur á móti stríðsópús Quentins Tarantino, Inglorious

Basterds, sem vann Screen Actors Guild-verðlaunin, sem eru veitt af Samtökum leikara í Bandaríkjunum. Myndin var verðlaunuð fyrir besta leikaraliðið og eru þetta veigamestu verðlaunin sem hún hefur hlotið til þessa. Besti leikarinn og leikkonan voru valin Jeff Bridges fyrir hlutverk sitt í Crazy Heart og Sandra Bullock fyrir frammistöðu sína í The Blind Side. Þau fengu bæði Golden Globe-verðlaunin á dögnum og þykja mjög líkleg til að hreppa Óskarsverðlaunin eftirsóknarverðu. Tilnefningar til þeirra verða tilkynntar 2. febrúar og verðlaunin sjálf verða síðan afhent 7. mars í Hollywood. Áður en að því kemur verða bresku Bafta-verðlaunin veitt í London, 21. febrúar næstkomandi.



THE HURT LOCKER Kvikmyndin The Hurt Locker, sem fjallar um sprengjusérfræðinga í Írak, hefur fengið mjög góða dóma.

Gerðu bestu kaupin í Debenhams

Bestu Kaupin

Casual Collection
Dömubolir
Verð 1790,-

Bestu Kaupin

Casual Collection
Dömu gallabuxur
Stærðir 10-20
Verð 4990,-

Bestu Kaupin

Sokkabuxur 2 í pakka
60 DEN
Nokkrir litir
Verð 2490,-

Bestu Kaupin

Blue Zoo
Hettupeysa
Stærðir 4-12 ára
Verð 3990,-

Bestu Kaupin

Blue Zoo
Náttgallar 3 í pakka
Stærðir 0-18 mán
Verð 3790,-

Bestu Kaupin

Blue Zoo
Náttgallar 3 í pakka
Stærðir 0-18 mán
Verð 3790,-

Bestu Kaupin

Herra nærbuxur 4 í pakka
Verð 1990,-

Bestu Kaupin

Herra Ökklaskokkar 7 í pakka
Verð 990,-

Bestu Kaupin

Maine Herrabolir
Nokkrir litir
Verð 1790,-

Gæði og gott verð!

DEBENHAMS

HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI

Mjög góðir Íslendingar

Leikhús ★★★★★

Góðir Íslendingar

Eftir Jón Pál Eyjólfsson, Jón Atla Jónasson og Hall Ingólfsson

Leikarar: Jón Atli Jónasson, Halldóra Geirharðsdóttir, Dóra Jóhannsdóttir, Bergur Þór Ingólfsson, Jón Páll Eyjólfsson, Hallur Ingólfsson **Myndband:** Mindgroup **Lýsing:** Björn Bergsteinn Guðmundsson **Leikgervir:** Sigríður Rósa Bjarnadóttir og leikhópurinn **Búningar:** Stefánía Adolfsdóttir og leikhópurinn **Leikstjórn:** Mindgroup (Jón Atli, Jón Páll og Hallur)



GÓÐIR ÍSLENDINGAR Jón Atli Jónasson í hlutverki sínu í leikritinu Góðir Íslendingar. Sýningin fær afbragðsgóða dóma.

Frumssýning á föstudegi í Borgar-leikhúsinu. Úti vindhviður og rigningskúrir og hver hvíða með sína stefnu. Innandyr flögruðu sjálfhverfar frásagnir eins og lottókúlur í tilheyrandi blástursbúri. Enn einu sinni tekst þeim að reka oní landann sem kjaftstopp tekur á móti frösnum, kækjum og klisjum úr sínum eigin orðaforða.

Höfundarnir þrír hafa markað sér alveg ákveðið strangt form og fylgja því fast eftir. Formið er bæði í innri gerð verksins sem og í umbúðum þess og útfærslu. Sjó einstaklingar eru samt í búri búnu til úr neti, bæði hænsnæti og fiskineti og kannski interneti ef því er að skipta. Meðan leikurinn fer fram skiptast á myndskeld á sjónvarpsskjáum í bakgrunninum. Sömu myndir á mörgum skjáum eins og mannskapurinn sé í raun í Elko á laugardegi, þó að uppkoman hefði eins getað átt sér stað í einhverjum heitum potti sundlauganna, en er í sjálfu sér bara inni í hugskotum vorum. Samanber nafn leikflokksins.

Samskipti þessara einstaklinga eru í raun og veru engin, þó orðaskiptin flæði fram eins og krækjur eftir eintal hvers og eins. Hver einstaklingur eða týpa stendur eins og fulltrúi ákveðinnar manngerðar eða hugmyndar um manngerð sem fyllir mengið Íslendingar samtímans. Vaðandi gluggaúslög upp í klof, gónandi á innihaldsleysi sjónvarpsauglýsinga barnar fram með nýja eintóna framburðinum birtast þessar persónur sem út og suður segja sína sögu án þess að í henni sé nokkur kjarni, nokkurt eiginlegt upphaf og alls ekki niðurstaða. Samtölin sem eru í raun

ekki samtöl heldur sjálfhverfar einræður skarast þó eins og keðju-söngur en þetta samskiptaform er vonlaust. Niðurstaðan var því einhvern veginn sú að þetta fólk væri algerlega vonlaust, nema af því að fólk var geymt í búri sem verndaði það frá heiminum. Höfundarnir sem voru með í leiknum viðhöfuð svokallaðan „non acting“ eða ekki leikandi leik, sem í sjálfu sér er ein tegund leiks eða stílfærslu í leikrænni tjáningu. Hallur Ingólfsson fór með hlutverk fulltrúa sem við öll þökkjum svo mæta vel hvort heldur er úr pólitíkinni eða bara úr síðustu fermingarveislu. Hann vissi allt um okkur sem við vissum ekki. Frásögnin um hundinn Sí Sí sem verkið hefst á gefur tóninn um hvers við megum vænta. Hver saga fjallaði í raun um okkur sjálf, smellið form sem einnig var viðhaft hjá þekktum spámönnum í Palestínu fyrir tvö þúsund árum. Mjög öflugur frásagnarmáti. Allar þær litlu sögur sem sagðar eru, hvort heldur þær fjalla um hárgreiðsluferðalag ungrar konu sem Dóra Jóhannsdóttir léði líf af snilld þar sem forheimskan og tómhyggjan glumdi úr henni, voru í raun um sama hlutinn. Og eins botnaði túlkun Bergs Þórs Ingólfssonar á gigtveika manninum sem dýrkaði Taíland í þekktri stærð úr samtímanum. Maðurinn var hvorki vondur né illa meinandi, bara skertur af heilþvætti fordómanna sem með sínum demonska krafti hefur skapað hans sannleika. Í túlkun sinni kitlaði Bergur svo hláturtaugar áhorfenda að bekkir skulfu og þar með salurinn í heild sinni. Það er ekki rétt að þakka honum

einum fyrir gusurnar sem liðuðust eins og bylgjur yfir salinn. Halldór Gylfason í sínu ámátlega hlutverki venjulega gæjans átti líka sína spretti sem og þeir Jón Páll og Jón Atli. Að ógleymdri Halldóru Geirharðsdóttur í hlutverki 2007-konunnar eða hvað maður á nú að kalla svona jeppaðis með heimssýn eins og úr röri.

Leikmyndin sem hópurinn sjálfur á heiðurinn af er jafn stór hluti af listaverkinu og það handrit sem liggur til grundvallar. Það er eins og allar greinar leikhúslistarinnar ná hér jafnvægi, bæði lýsingin og tónlistin í þessum keðjusöng sem ætti nú að orka sem blaut tuska í andlit margra því það er akkúrat ekki boðið upp á neina breytingu né von um breytingu, byltingu, lausn eða andlegt flug meðan einstaklingarnir eru eins og fiskar í kringlóttu fiskabúri bryðjandi eitthvert sefjandi ritalín. Þetta er hressilegri og hollari sýning en sést hefur lengi, að vísu aðeins í lengri kantinum þar sem ekki var hlé.

Ef Íslendingar eru jafn vitlausir og þeir birtast í þessu verki, þá er okkur óhætt að baða okkur bara í dætt kók og smæla framan í heiminn eins og hingað til, en sé einhver von þá er kaldhæðin og beitt ádeila af þessu tagi það eina sem getur hjálpað okkur til þess að við förum að hugsa og gera eitthvað. Það er óhætt að segja að sýningin, með undirliggjandi svári við spurningunni Hver fann upp kokteilsósuna, létti af manni fargi. Mjög gaman!

Elisabet Brekkan

Niðurstaða: Ein hressilegasta og hollasta sýning sem sést hefur lengi.

NÝTT Í BÍÓ!

LANGVINSÆLASTA MYNDIN Á ÍSLANDI

BESTA MYND BESTI LEIKSTJÓRI

600 kr. Gildir ekki í 3D eða Lúxus

AVATAR

LÚXUS 2D 97.000 GESTIR!

MAMMA GÓGÓ

H.G. Poppland Rás 2

H.K. Frjáls verslun

H.S. Morgunblaðið

E.E. DV

Dr. Gunnir Fréttablaðið

H.S. Morgunblaðið

600 kr.

HANN MUN SJÁ UM RÆTTLÆTID!

600 kr.

PRÆLMÖGNUÐ SPENNUMYND Í ANDA GRAN TORINO

16

THE ROAD

16

MORGANS?

600 kr.

HUGH GRANT OG SARAH JESSICA PARKER FARA Á KOSTUM Í FRÁBÆRRI GAMANMYND.

7

600 kr.

YFIR 25.000 GESTIR!

ALVIN OG ÍKORNARNIR 2

16

BESTA LEIKKONAN

600 kr.

Julie & Julia

16

FRÖNSK kvikmyndahátíð

15.-28. janúar

www.af.is

SMÁRRA BÍÓ	SÍMI 564 0000	HÁSKÓLA BÍÓ	SÍMI 530 1919		
DYHAT MORGANS	kl. 4:40 - 8 - 10:20	7	MAMMA GÓGÓ	kl. 6 - 8 - 10	L
MAMMA GÓGÓ	kl. 4 - 6 - 8 - 10	L	AVATAR 3D	kl. 5:30 - 9	10
AVATAR 3D	kl. 4:40 - 7 - 8 - 10:20	10			
AVATAR 2D LÚXUS	kl. 4:40 - 8	10	FRÖNSK KVIKMYNDAHÁTÍÐ		
ALVIN OG ÍKORNARNIR 2	kl. 3:40 - 5:50	L	FRUMGRÁTURINN	kl. 10 Enskurtíð	L
			NIKULÁS LITLI	kl. 10 Enskurtíð	L
			ÞAÐ VAR EKKI EG, EG...	kl. 5:50 Enskurtíð	L
			HJÓRTUN	kl. 6 - 8 Enskurtíð	12
			EDRÚ	kl. 8 Enskurtíð	L

NÝTT Í BÍÓ

LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

UP IN THE AIR

500 KR.

AVATAR

500 KR.

MORGANS?

500 KR.

MAMMA GÓGÓ

500 KR.

ALVIN OG ÍKORNARNIR 2

500 KR.

PRÍÐJUDAGUR ER TILBOÐSDAGUR TILBOÐ Á ALLAR MYNDIR NEMA ÍSLENSKAR OG 3D MYNDIR

BÍÓ	SÝNINGARTÍMAR	
UP IN THE AIR	kl. 8 og 10:10	7
DID YOU HEAR ABOUT THE MORGANS?	kl. 10:10	L
MAMMA GÓ GÓ	kl. 6 og 8	10
ALVIN OG ÍKORNARNIR 2	kl. 6 - 1st. tal	L
AVATAR 3D	kl. 6 og 9	10

George Clooney

UP IN THE AIR

PERFECT CASTING, BRILLIANT WRITING, FLAWLESS FILM

BESTA MYND

FRÁ HÖFUNDI SHREK

PLANET 51

FRÁBÆR TEIKNIMYND ÞAR SEM SVEPPI FER Á KOSTUM Í HLUTVERKI LENNMA

synð með íslensku tali

SAMÍÓ	ALFABAKKA	SAMÍÓ	KRINGLUNNI		
UP IN THE AIR	kl. 5:40 - 8 - 10:20	L	SHERLOCK HOLMES	kl. 6D - 8D - 9D - 10:10D - 10:40D	12
PLANET 51	M/Ísl. Tali	L	PLANET 51	M/Ísl. Tali	L
SHERLOCK HOLMES	kl. 6 - 8D - 10:40D	12	BJARNFREDARSON	kl. 5:50 - 8	L
SHERLOCK HOLMES	kl. 5:20 - 8 - 10:40	VIP			
WHIP IT	kl. 8:20	10			
BJARNFREDARSON	kl. 6 - 8:20 - 9 - 10:40	L			
SORORITY ROW	kl. 10:40	16			
TWILIGHT 2 NEW MOON	kl. 5:50 (Síðustu sýningar)	12			

PRÍÐJUDAGSBÍÓ Í SAMÍÓNUM Í DAG KR. 600

Gildir ekki í 3D, Á íslenskar myndir og Á myndir í 3D og þóttar útsendingar

Ný og persónuleg jógastöð

Nýtt 4 vikna byrjendanámskeið hefst 1. febrúar. Skráning hafin í síma 695 8464 / 772 1025 eða á jogastudio.org Verð 14.900 kr.

Hot jóga • Hatha jóga • Byrjendanámskeið Meðgöngujóganámskeið



Stakur tími 1.500 kr. • Mánaðarkort 10.900 kr. • 3 mánaðarkort 23.900 kr. • 6 mánaðarkort 36.000 kr. • 10 tíma klippikort 10.000 kr.

Meðgöngujóganámskeið 10.500 kr.

Innifalið í kortum eru allir opnir tímar ásamt þeirri þjónustu sem boðið er upp á í Veggisport.


Stórhöfði 17 (gengið inn um Veggisport)
Sími: 695 8464 og 772 1025
www.jogastudio.org

Mikið úrval ljósa



ÚTSALA

10-70% afsláttur



Opið laugardag frá 10 - 17 og sunnudag frá 13 - 16.

Rafkaup
Ármúla 24 • S: 585 2800

www.rafkaup.is



SNORRI STEINN Afar beittur í gær og kom sér oft í góða stöðu á línunni. MYND/DIENER

Snorri Steinn Guðjónsson eftir leikinn í gær:

Keyrum dýrvitlausir á Rússana í dag

HANDBOLTI Snorri Steinn Guðjónsson sagði úrslit leiksins gegn Króatíu í gær hvetja leikmenn íslenska liðsins enn meira til dáða fyrir leikinn gegn Rússlandi á EM í handbolta í dag.

„Þetta er búinn að vera mikill lúxus,“ segir hann en hingað til hefur liðið alltaf fengið frídag á milli leikja. „Sérstaklega eftir jafnteflisleiki vill maður helst spila strax aftur. Við erum á góðum spretti, Bjöggi er að verja vel og vörnin mjög góð. Ég tel að Rússarnir geti ekki haldið í við okkur ef við höldum áfram á þessum hraða. Við erum í fínu formi og hlökkum til að takast á við Rússa á morgun [í dag].“

Hann sagði jafnteflið gegn Króatíu vissulega svekkjandi. „En þegar maður lítur á heildina er þetta enn jákvætt. Við erum enn

taplausir og það er góður stígandi í liðinu. Við höfum verið mjög þéttir og sérstaklega í síðustu tveimur leikjum. Við munum taka það með okkur í næsta leik og komum til með að keyra dýrvitlausir á Rússa.“

Guðmundur Guðmundsson þjálfari hefur notað varamennina meira en í fyrstu leikjum mótsins og segir Snorri að það sé af hinu góða.

„Þannig þarf það að vera í mótum eins og þessu. Menn þurfa á sinni hvíld að halda. Við munum vonandi spila átta leiki á þessu móti og það eru ekki mörg lið sem geta spilað átta frábæra leiki á fáum mönnum. Við þurfum á öllum okkar leikmönnum að halda og þeir sem hafa komið inn á hafa staðið sig allir mjög vel. Vonandi verður framhald á þessu.“ - esá

// NAESTAKYNSLOD.IS



SKRÁNING
Í SÍMA
555 7080

// DALE CARNEGIE FYRIR UNGT FÓLK

// KYNNINGARFUNDUR

Miðvikudaginn 27. janúar
Kl. 19 fyrir 13-15 ára
Kl. 20 fyrir 16-20 ára og 21-25 ára

// NÁMSKEIÐ FYRIR 13-15 ÁRA

11. febrúar - fimmtudagar kl. 17-21

// NÁMSKEIÐ FYRIR 16-20 ÁRA

4. febrúar - fimmtudagar kl. 18-22

// NÁMSKEIÐ FYRIR 13-15 ÁRA Í HAFNARFIRÐI

27. janúar - miðvikudagar 17:30-21:30

VILT ÞÚ...

...verða einbeittari í námi?

...geta staðið þig vel í vinnu?

...vera jákvæðari?

...eiga auðveldara með

að eignast vini?

...Vera sáttari við sjálfan þig?

Kíktu á naestakynslod.is og sjáðu hvað aðrir þátttakendur höfðu að segja um þjálfunina.



DALE CARNEGIE®
ÞJÁLFUN

// SÍMI 555-7080

Timbursala BYKO Breidd, Kaupún og Akureyri

LAGER- HREINSUN

á völdum borðplötum og sólbekkjum
Komdu og gerðu frábær kaup! Stendur yfir til 2. febrúar.

35-60% afsláttur



HEFST Í DAG!



EM Í HANDBOLTA

Milliriðill 1

Ísland-Krótía 26-26 (15-12)

Mörk Íslands (skot): Ólafur Stefánsson 8 (13), Snorri Steinn Guðjónsson 6/4 (8/4), Róbert Gunnarsson 5 (5), Alexander Petersson 3 (6), Aron Pálmarsson 2 (8), Arnór Atlason 2 (3), Guðjón Valur Sigurðsson 0 (1).

Varín skot: Björgvin Páll Gústavsson 15/1 (40/5, 38%), Hreiðar Guðmundsson 0 (1/1, 0%).

Hraðauppflaup: 2 (Alexander, Ólafur).

Fiskuð viti: 4 (Róbert 2, Snorri Steinn, Aron).

Utan vallar: 16 mínútur (Sverre rautt).

Mörk Krótíu (skot): Ivan Cupic 5/5 (6/6), Vedran Zmic 3 (3), Denis Buntic 3 (4), Ivano

Balic 3 (4), Igor Vori 3 (4), Tonci Valcic 3 (8), Domagoj Duvnjak 2 (3), Marko Kopljar 2 (3), Zeljko Musa 1 (1), Manuel Strlek 1 (2), .

Varín skot: Mirko Alilovic 8 (31/2, 26%), Goran Carapina 1 (4/2, 25%).

Hraðauppflaup: 3 (Balic, Valcic, Zmic).

Fiskuð viti: 6 (Vori 2, Strlek, Balic, Blazenko Lackovic, Duvnjak).

Utan vallar: 10 mínútur (Buntic rautt).

Dómarar: Horacek og Novotny frá Tékklandi.

Noregur-Austurríki 30-27

Rússland-Danmörk 28-34

STADAN

Krótía	3	2	1	0	81-77	5
Ísland	3	1	2	0	90-85	4
Noregur	3	2	0	1	81-76	4
Danmörk	3	2	0	1	89-84	4
Austurríki	3	0	1	2	94-30	1
Rússland	3	0	0	3	80-92	0



GUÐJÓN VALUR Komst aldrei þessu vant ekki á blað í gær. MYND/DIENER/LEENA MANHART

Stefnum enn á undanúrslit

HANDBOLTI „Ef við vinnum næstu tvo leiki þá erum við öruggir um sæti í undanúrslitum. Það er því enn það sem við stefnum að,“ sagði Guðjón Valur Sigurðsson eftir leikinn í gær.

„Það er fullt sem við getum bætt en það var þó gott að fá eitt stig úr leiknum. Sóknarleikurinn gekk nokkuð vel, sérstaklega þar sem þeir spiluðu óvenjulega vörn sem erfitt er að eiga við. Mér fannst við leysa hana nokkuð vel.“

Guðjón Valur segir íslenska liðið vera með grundvallaratriðin í lagi.

„Þetta eru engin ný vísindi. Ef vörn og markvarsla standa þessu fyrir sínu þá er allt mögulegt í þessum bolta.“



RÓBERT Átti magnaðan leik í gær á línunni. MYND/DIENER

Róbert Gunnarsson:

Þrífum þetta af okkur

HANDBOLTI Róbert Gunnarsson var svekktur eftir jafnteflið við Krótíu á EM í handbolta í gær en sagði ekki þýða að dvelja lengi við það. Fram undan er leikur gegn Rússlandi strax í dag.

„Það er bara fínt að fá að spila strax aftur. Nú getum við ekkert svekkt okkur og þurfum að þrifa þennan leik af okkur í sturtunni,“ sagði Róbert við Fréttablaðið.

„Það er full ástæða til að vera jákvæðir. Við erum enn taplausir og ætlum að halda áfram af fullum krafti.“

Björgvin bjargaði stigi í lokin

Ísland gerði í gær jafntefli, 26-26, við Krótíu í fyrsta leik sínum í milliriðlakeppninni á EM í Austurríki. Ísland leiddi lengst af en missti frumkvæðið undir lokin. Björgvin Páll reyndist hetja leiksins í leiklok.

HANDBOLTI Ísland er enn taplaust eftir fyrstu fjóra leiki sína á Evrópumeistaramótinu í handbolta í Austurríki. Liðið gerði jafntefli við Krótíu, 26-26, í sínum fyrsta leik í milliriðlakeppninni í Vínarborg.

Íslendingar mega þó vera svekktir með leikslökin þar sem þeir leiddu í 40 mínútur í leiknum og allt þar til fimm mínútur voru til leikslöka.

Þá náðu Króatarirnir frumkvæðinu í leiknum og komust þrívægis yfir. En það lýsir þeirri þrautseigju sem býr í íslenska liðinu að það jafnaði ávallt metin og stóð svo af sér síðustu sókn Króatanna.

Björgvin Páll Gústavsson hafði þá betur gegn skyttunni Tonci Valcic sem lét vaða á markið á loka-sekúnda leiksins.

Króatar geta þakkað það að hafa náð stigi í leiknum þeirri staðreynd að tékknesku dómarnir létu ítrekað blekkjast af tilburðum þeirra í sókninni og fiskuðu Króatarirnir þar með íslenska varnarmenn hvað eftir annað af velli.

Átta sinnum fengu íslensku leikmennirnir brottvísun og alls sex sinnum í síðari hálfleik. Sverre Jakobsson fékk sína þriðju brottvísun þegar rúmar 20 mínútur voru enn eftir af leiknum en Vignir Svavarsson leysti stöðu hans í vörninni með miklum sóma.

Klókendum þeirra Ivanos Balic og Igers Vori virtust engin takmörk sett og var sorglegt að sjá tékknesku dómara láta glepjust hvað eftir annað.

Sem betur fer er einn af stærstu kostum íslenska landsliðsins hvað það er öflugt í undirtölu. Það sannadist enn og aftur í gær en liðið



ÓHRÆDDUR Aron Pálmarsson var frábær í fyrri hálfleik. MYND/DIENER

skoraði alls þrjú mörk í undirtölu og fékk ekki nema sex á sig. Hafa þeir í huga að íslenska liðið vantaði einn mann inn á í um stundarfjórðung.

Leikurinn var mjög hægur en íslensku strákarnir tókust á við hann af mikilli yfirvegum, bæði í vörn og sókn. Varnarleikurinn var afar öflugur en tíðar brottvísanir gerðu það að verkum að sóknarleikurinn var á oft stírdur enda vörn Króata gríðarlega sterk.

Ólafur Stefánsson og Róbert Gunnarsson áttu frábæran leik í gær, eins og reyndar fleiri í



ÓGURLEG ÁTÖK Róbert Gunnarsson stóð í ströngu í gær en gekk afar vel að eiga við hávaxna og sterka varnarmenn Króata. MYND/DIENER

íslenska liðinu. Þetta var besti leikur Ólafs á mótinu og sannaðist það að hann er aldrei betri en þegar liðið þarf mest á honum að halda. Hann skoraði átta mörk í leiknum.

Þá er ekki annað hægt en minnst á þátt Snorra Steins Guðjónssonar. Hann nýtti sín færri gríðarlega vel og hann stjórnaði liðinu mjög vel þegar hann spilaði. Aron Pálmarsson átti svo mjög öfluglega innkomu í sóknina í fyrri hálfleik og Arnór Atlason stóð fyrir sínu og gott betur í þeim síðari. Alexander Petersson skoraði nokkur mikilvæg mörk og var sem fyrr afar mikilvægur hlekkur í vörninni.

Varnarleikurinn var í einu orði sagt frábær og ekki oft að Króatar skori aðeins sautján mörk á fyrstu 45 mínútunum í leik. Björgvin var svo mjög öflugur í markinu.

Niðurstaðan er eitt stig sem gæti reynst dýrmætt þegar upp verður staðið. Ísland er öruggt í undanúrslit mótsins með sigri á Rússum í dag og Norðmönnum á fimmtudaginn og því full ástæða til bjartsýni.



EM Í AUSTURRÍKI
EIRÍKUR STEFÁN ÁSGEIRSSON
skrifar frá Vín
eirikur@frettabladid.is



FYRIRLIÐINN HEITUR Ólafur Stefánsson átti sinn besta leik á EM í gær á móti Króatíu. Skoraði glæsileg mörk og lagði upp fleiri. MYND/DIENER

Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari var ekki sáttur við tékkneska dómaraþrið í gær:

Förum fullir sjálfstrausts í Rússaleikinn

HANDBOLTI Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari var óánægður með frammistöðu tékkneska dómaraþriðs í leik Íslands og Króatíu á EM í handbolta í gær. Ísland fékk alls átta brottvísanir og Guðmundur sagði að þær hefðu verið afar ódýrar.

„Ég er vonsvikinn því við vorum nálægt því að vinna sigur í þessum leik. Brottvísanirnar sem við fengum voru algveg svakalega ódýrar og þó svo að við vorum klaufar í einhver skipti voru þær yfirleitt fyrir afar litlar sakir.“

Guðmundur segir þó að það væri enn mjög jákvætt að Ísland væri enn taplaust á mótinu og hann taldi Krótíu vera með eitt af fjórum bestu liðum mótsins.

„Það er gott að fá stig gegn þessu frábæra liði. Nú bætir enn í safnið og við erum með fjögur stig. Við

getum því farið fullir sjálfstrausts í næstu leiki. Liðið hefur verið að spila mjög vel og varnarleikurinn er nú orðinn mun betri.“

Hann er ánægður með hvernig leikmenn skiluðu sinni vinnu í leiknum miðað við það sem hann sjálfur lagði upp með.

„Heldur betur, bæði í vörn og sókn. Við vorum að fá þau færni sem við ætludum að skapa okkur og þeir skiptu úr sinni 3-2-1 vörn í 6-0 vörn. Oftast vorum við að leysa hana líka vel þó svo að þetta lið spili frábæra vörn og er með hörkugóðan markvörð. Það er erfitt að skora í hverri sókn gegn þessu liði og við getum verið afar sáttir við heildarmyndina.“

Hann segir þó erfitt að sætta sig við niðurstöðu leiksins.

„Þegar maður er í þeirri stöðu að geta unnið Króatíu endar maður

á að svekkja sig aðeins á því að hafa tapað stigi. Það þýðir þó ekkert. Nú verður maður bara að snúa sér að næsta leik.“

Ísland mætir Rússlandi í dag og ljóst að það verður erfitt verkefni, eins og allir aðrir leikir á mótinu.

„Það verður fundur strax á eftir og nú hefst undirbúningur á fullu. Við erum reyndar þegar byrjaðir á þeirri vinnu og það mun reyna mikið á okkur að koma okkur strax aftur í girinn, rétt eins og hjá andstæðingnum.“

Guðmundur segir fulla ástæðu til að fara í leikinn í dag beinir í baki.

„Við erum fullir eftirvæntingar og sjálfstrausts. Við höfum enn ekki tapað leik og megum vera mjög stoltir af því,“ segir Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari.



LANDSLIÐSÞJÁLFAFINN Vildi fá sigur í gær og var ekki sáttur við dómara leiksins sem komu frá Tékklandi. MYND/DIENER/LEENA MANHART

F4
skemmtilegri

SJÁÐU ÞÁSKADAGSKRÁ STÖÐVAR 2
RÉTT OG WIPEOUT
6.760 KR. Á MÁNUÐI
FYRIR AÐEINS Í ÞRÍJA MÁNUÐI

FULLT AF FJÖRI Í FEBRÚAR

MÁNUDAGAR
AMERICAN IDOL
K-VILLE
SUPERNATURAL
IT'S ALWAYS SUNNY IN PHILADELPHIA

ÞRIÐJUDAGAR
MODERN FAMILY
HOW I MET YOUR MOTHER
BONES
HUNG
ENTOURAGE
DAILY SHOW: GLOBAL EDITION

MÍÐVIKUDAGAR
OPRAH'S BIG GIVE
MERCY
GREY'S ANATOMY
GHOST WHISPERER
TELL ME YOU LOVE ME

FIMMTUDAGAR
AMAZING RACE

ÞAD ER
ÓDYRARA
AÐ SKEMMTA SÉR HEIMA

NCIS
FRINGE
BREAKING BAD

FÖSTUDAGAR
AÚDDI OG SVEPPI
WIPEOUT ISLAND
LOGI BENNI
BESTU GRIMMYNDIR SÖGUNNAR

LAUGARDAGAR
BOLT
MARIE ANTOINETTE
HOT ROD
CONFESSIONS OF A SHOPAHOLIC

SUNNUDAGAR
SJALFSTÆTT FÓLK
COLD CASE
THE MENTALIST
24
JOHN ADAMS

> Jenna Elfman

„Konur eru kraftmiklar á ákveðnum sviðum og tilgangslást að bera þær saman við karlmenn sem skara fram úr á öðrum sviðum.“

Elfman leikur aðalhlutverkið í þættinum *Accidentally on Purpose* sem Skjár einn sýnir í kvöld kl. 20.10.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ SÓLVEIG GÍSLADÓTTIR HEFUR FUNDIÐ LAUSNINA

Gæti ofbeldi verið svarið?

Einhvern daginn í síðustu viku þegar ég var búin að lesa síðustu Stiegs Larsson-bókina og hafði ekkert annað fyrir stafni en að fletta í gegnum misgóða sjónvarpsdagskrá, greip athygli mína þáttur sem virtist aðallega snúast um öskur, læti og slagsmál. Það kom mér því ekki á óvart að sjá að þarna fór spjallþáttastjórnandinn Jerry Springer sem er þekktur fyrir að grafa upp misgáfað lið úr bandarískum fátækrahverfum sem lætur sig hafa það að niðurlægja sig og aðra í sjónvarpinu fyrir væna fúlgu og gistingu á hóteli.

Þar sem ég sat og hristi hausinn yfir þessu stórfurðulega en glettilega áhugaverða sjónvarpsfni skaut allt í einu Icesave niður í huga mér. Kannski vegna þess að andstæðar fylkingar í því máli virðast jafn ósammála um hlutina og þessar tvær reiðu konur í þætti Springers. Jerry þjónar í þættinum málamyndastarfi sáttasemj- arans. Ég hef ekki horft á þættina nógu oft til að vita



SÁTTASEMJI? Jerry Springer sér um sérstæðan spjallþátt í Bandaríkjunum.

hvort það ber nokkurn árangur hjá honum og hvort allir sættist að lokum, þó ég leyfi mér að efast um það. Hins vegar þótti mér það ekki afleit hugmynd, eða í það minnsta svolítið sköndin tilhugsun, að Íslendingar myndu ráða Springer í hlutverk sáttasemjara í Icesave- deilunni. Ég sá fyrir mér að Jóhanna og Steingrímur J., myndu mæta í sal ásamt vel völdum stuðningsmönnum, þar yrðu einnig Brown og Darling auk stjórmmálanna frá Hollandi og Þýskalandi sem eiga hagsmuna að gæta. Við þessa söpu yrði svo bætt mislitum hópi áhorfenda sem myndi sjá um að hvetja stríðandi fylkingar.

EKKI skal segja hvort þessi samningaaðferð yrði til að leysa Icesave-hnúttinn. Hún myndi þó að minnsta kosti fá alla aðila að samningaborðinu (eða -sviðinu) auk þess sem allir fengju viðunandi útrás fyrir bældar tilfinningar síðustu mánaða og ára. Nú er bara að finna númerið hjá Springer...

PRÍÐJUDAGUR



15.00 Rússland - Ísland, beint SJÓNVARPIÐ



17.45 Ally McBeal STÖÐ 2 EXTRA



19.35 Wolves - Liverpool, beint STÖÐ 2 SPORT 2



21.40 Hung STÖÐ 2



21.55 The Good Wife SKJÁREINN

SJÓNVARPIÐ

- 13.35 Útvarp (e)**
14.30 EM-stofa Hitað upp fyrir leik á EM í handbolta karla
15.00 EM í handbolta Bein útsending frá leik Rússa og Íslendinga.
16.30 Táknáfréttir
16.40 EM-stofa Hitað upp fyrir leik á EM í handbolta karla
17.00 EM í handbolta Bein útsending frá leik Króata og Austurríkismanna.
18.25 Fréttaukinn (e)
19.00 Fréttir
19.30 Veðurfréttir
19.35 Kastljós
20.15 Læknamiðstöðin (Private Practice) Bandarísk þáttaröð um líf og starf lækna í Santa Monica í Kaliforníu.
21.10 Alfreð Eliasson og Loftleiðaævin- týrið (1:3) Heimildamynd í þremur hlutum um Alfreð Eliasson og Loftleiðir eftir Sig-urgeir Orri Sigurgeirsson.
22.00 Tíufréttir
22.15 Veðurfréttir
22.25 EM-kvöld Fjallað um leiki í úrslita-keppni EM í handbolta.
22.55 Morðgátur Murdochs (Murdoch Mysteries) Kanadískur sakamálabáttur um William Murdoch og samstarfsfólk hans sem beitti nýtskuaðferðum við rannsókn glæpamála laust fyrir aldamótin 1900.
00.45 Kastljós (e)
01.15 EM í handbolta (Rússland - Ísland) (e)
02.30 Dagskrárlok

BÍÓ

- 08.00 So I Married an Axe Murderer**
10.00 On A Clear Day
14.00 So I Married an Axe Murderer
16.00 On A Clear Day
18.00 Flicka
20.00 The Queen Mynd sem lýsir sam- skiptum Elísabetar Englandsdrottningar og þá nýkjörins forsætisráðherra Bretlands, Tony Blair, eftir andlát Diönu prinsessu.
22.00 It's All Gone Pete Tong
00.00 The Descent
02.00 The Lost Angel
04.00 It's All Gone Pete Tong
06.00 Nacho Libre

STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2** Áfram Diego, áfram!, Stóra teiknimyndastundin og Bratz.
08.15 Oprah
08.55 Í finu formi
09.10 Bold and the Beautiful
09.30 The Doctors
10.20 In Treatment (6:43)
10.55 Ghost Whisperer (59:62)
11.45 Cold Case (9:23)
12.35 Nágrannar
13.00 Worst Week (9:16)
13.25 What If God Were the Sun?
15.00 Sjáðu
15.30 Barnatími Stöðvar 2 Ofurörndin, Ben 10, Stóra teiknimyndastundin og Áfram Diego, áfram!
17.08 Bold and the Beautiful
17.33 Nágrannar
17.58 Friends 2 (2:24)
18.23 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.47 Íþróttir
18.54 Ísland í dag
19.11 Veður
19.20 The Simpsons (16:21)
19.45 Two and a Half Men (10:24)
20.10 Two and a Half Men (24:24)
20.30 The Big Bang Theory (20:23) Gamanþáttur um eðlisfræðingana Leonard og Sheldon.
20.55 Chuck (21:22) Chuck lífið fremur óspennandi lífi allt þar til hann opnaði tölvu- póst sem mataði hann á öllum hættulegustu leyndarmálum CIA.
21.40 Hung (4:10) Gamansamur þáttur með dramatisku ívafi frá HBO um Ray Drecker, skólalíðsþjálfara á fimmtugsaldri sem reynir fyrir sér á nýjum vettvangi og selur ein- mana konum blíðu sína.
22.10 Entourage (1:12) Fimmta þáttaröð- in um framabrólt Vincents og félagi í Holly- wood.
22.40 Daily Show. Global Edition
23.05 Medium (19:19)
23.50 Fringe (7:23)
00.35 Tell Me You Love Me (2:10)
01.25 Solaris
03.00 What If God Were the Sun?
04.25 Chuck (21:22)
05.10 Two and a Half Men (24:24)
05.35 Fréttir og Ísland í dag

SPORT

besta sætið

- 18.00 Ensku bikarmörkin 2010** Farið yfir allar viðureignir umferðarinnar í ensku bikarkeppinni í knattspyrnu.
18.30 Meistaradeildin í golfi 2009 Skemmtiþáttur um golf. Fylgst með Meis- taradeildinni í golfi, kyllingar teknir tali, golf- kennsla skoðuð og einnig verða íslenskir golf- vellir skoðaðir.
19.00 Bob Hope Classic Útsending frá Bob Hope Classic-mótinu í golfi en þangað mættu margir af bestu kyllingum heims.
22.00 Bob Hope Classic Sýnt frá há- punkturnum á Bob Hope Classic-mótinu í golfi.
22.55 Bestu leikirnir: Fylkir - ÍA 20.08.06 Það var boðið upp á sannkallaðan hörkuleik á Fylkisvelli þann 20. ágúst 2006 þegar Skagamenn komu í heimsókn með sína vösku sveit. Bæði lið höfðu valdið von- brigðum þetta sumarið og sátu bæði í neðri hluta deildarinnar þegar kom að þessum leik.
23.25 Super Six - World Boxing Class- ic Útsending frá mögnuðum bardaga Andre Ward og Mikkel Kessler.

SPORT 2

enski boltinn

- 18.10 Premier League World 2009/10** Enska úrvalsdeildin skoðuð frá ýmsum hlið- um.
18.40 Premier League Review 2009/10 Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni og allt það helsta úr leikjun- um skoðað gaumgæfilega.
19.35 Wolves - Liverpool Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni. Sport 3. Tottenham - Fulham Sport 4. Bolton - Burnley Sport 5. Portsmouth - West Ham
21.45 Man. Utd. - Hull Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
23.25 Tottenham - Fulham Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
01.05 Bolton - Burnley Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

SKJÁR EINN

- 06.00 Pepsi MAX tónlist**
08.00 Dr. Phil (e)
08.45 Pepsi MAX tónlist
16.00 7th Heaven (7:22)
16.45 Dr. Phil
17.30 Kitchen Nightmares (13:13) (e)
18.20 High School Reunion (4:8)
19.05 What I Like About You (8:18)
19.30 Fréttir Fréttir og veður frá fréttastofu Morgunblaðsins.
19.45 King of Queens (20:25) (e)
20.10 Accidentally on Purpose (1:18) Bandarísk gamanþáttaröð um konu á besta aldri sem verður ólétt eftir einnar nætur kynni. Barnsfaðir hennar býr í sendibílnum sínum og hún býður honum að flytja inn til sín... en bara sem vinir. Aðalhlutverkið leik- ur Jenna Elfman.
20.35 Innlit/ útlit (1:10) Hönnunar- og lífsstílsþáttur þar sem Katrín Fjeldsted kemur víða við. Hún heimsækir skemmtilegt fólk, skoðar áhugaverða hönnun og þættimur eru stúttfullir af fróðleik.
21.05 Top Design (7:10) Bandarísk raun- veruleikasæria þar sem efnilegir innanhúss- hönnuðir keppa til sigurs.
21.55 The Good Wife (3:23) Bandar-ísk þáttaröð um konu sem snýr aftur til starfa sem lögfræðingur eftir að eiginmaður hennar lendir í kynlífsheyskli og er dæmd- ur í fangelsi fyrir spillingu í opinberu starfi.
22.45 The Jay Leno Show
23.30 CSI. New York (20:25) (e)
00.20 Fréttir (e)
00.35 The Good Wife (3:23)
01.25 King of Queens (20:25) (e)
01.50 Pepsi MAX tónlist

INN

- 20.00 Hrafnagjafir** Eiríkur Tómasson, laga- prófessor og framkvæmdastjóri STEFS, er gestur Ingva Hrafnís í dag.
21.00 7 leiðir Gauja litla Lokabáttur Gauja litla og félagi á INN.
21.30 Mannamál Sigmundur Emir Rún- arsson alþingismaður fjallar um þingstórf- in fram undan.
Dagskrá INN er endurtekin um helg- ar og allan sólarhringinn.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

BJARNFREÐARSON

SÝND Í SAMBÍÓUNUM UM LAND ALLT!

ÍSLENSKA ÞJÓÐIN ER Á EINU MÁLI!

„FRAMÚRSKARANDI“ „BJARNFREÐARSON ER ★★★★★“

„EINSTÖK“ „GALDUR“ „PÉTUR JÓHANN ER ★★★★★“

„Fullskapað meistaraverk“ „ÓBORGANLEGUR“

„FIMM STJÖRNUR“ „FALLEG ★★★★★“

„OG FYNDIN“

„FRÁBÆR Í ALLA STAÐI“

„GOURMET HANDRIT“ ★★★★★

„ÞAÐ VAR LAGIÐ“

„JÓN GNARR Á LEIKSIGUR...“

„SKILUR MIKIÐ EFTIR SIG“

„FYNDNASTA MYND Í HEIMI!“

„SNILLDARVERK“

10/10 ★★★★★

„MEINFYNDIN...“

„ALDREI DAUÐUR PUNKTUR“



Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 22.10

Entourage

Fimmta þáttaröðin um frambrótt Vincents og félaga í Hollywood. Medallin-bíómyndin sem átti að skjóta Vince aftur upp í hæstu hæðir stjórnuhimsins féll algerlega og fékk skelfilega dóma. Vince gæti því ekki verið í verri málum og nú bíður þeirra Erics og Aris það ómögulega verkefni að finna eitthvað almennilegt fyrir þessa föllnu stjórn að gera.



VIÐ MÆLUM MED

Alfreð Eliasson og Loftleiða-ævintýrið

Sjónvarpið kl. 21.10

Heimildarmynd í þremur hlutum þar sem rakin er sagan af því þegar Alfreð Eliasson og félagar hans keyptu flugvélar og hófu að bjóða ódýrar flugferðir milli Ameríku og Evrópu með viðkomu á Íslandi. Þetta viðskiptaævintýri átti eftir að verða það stærsta í sögu Íslands á 20. öldinni.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.39 Morgunútlarp hefst	14.03 Breiðstræti
06.50 Bæn	15.03 Útlarpssagan: Vetur í Vindheimum
07.03 Vít og breitt	15.25 Þriðjudagsdjass
07.30 Fréttayfirlit	16.00 Síðdegisfréttir
08.00 Morgunfréttir	16.05 Víðsjá
08.05 Morgunstund með KK	18.00 Kvöldfréttir
08.30 Fréttayfirlit	18.16 Spegillinn
09.05 Okkar á milli	18.53 Dánarfregnir
09.45 Morgunleikfimi	19.00 Endurómur úr Evrópu
10.13 Söngfuglar	20.00 Leynifélagið
11.03 Samfélagið í nærmynd	20.30 Í heyranda hljóði
12.00 Fréttayfirlit	21.20 Trío
12.02 Hádegisútlarp	22.12 Orð kvöldsins
12.20 Hádegisfréttir	22.20 Fimm fjórðu
12.50 Dánarfregnir og auglýsingar	23.10 Sumar raddir
13.00 Flakk	00.05 Næturtonar

FM 88,5	XA-Radíó	FM 96,3	FM Suðurland	FM 90,1	Rás 2
FM 90,9	Gullbylgjan	FM 96,7	Létt Bylgjan	FM 102,2	Útlarp Latibær
FM 91,9	Kaninn	FM 97,7	X-ið	FM 102,9	Lindin
FM 93,5	Rás 1	FM 98,9	Bylgjan	FM 105,5	Útlarp Boðun
FM 95,7	FM957	FM 99,4	Útlarp Saga		

EXTRA

17.00 The Doctors Spjallþættir framleiddir af Oprah Winfrey þar sem fjórir læknar á ólíkum sviðum veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um heilsufarsmál.

17.45 Ally McBeal (14:23) Lögfræðistofan tekur að sér mál konu sem er lögfræðingur og hefur verið kærð fyrir að reka alla karlkyns starfsmenn sína. Þá leita Fish og Cage til hjónabandsráðgjafa í von um að leysa ágreiningsmál sín.

18.30 Seinfeld (17:22) Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk því hann er bæði smámunarsamur og sérvitur.

19.00 The Doctors

19.45 Ally McBeal (14:23)

20.30 Seinfeld (17:22)

21.00 Fréttir Stöðvar 2

21.25 Ísland í dag

21.50 Glee (13:22) Gamanþáttaröð sem gerist í menntaskóla þar sem metnaðarfullur kennari og fyrirverandi nemandi skólans ákveður að setja aftur saman sönghóp skólans sem gerði einmitt stormandi lukku í sönghópakeppnum á árum áður.

22.35 American Idol (3:43) Niúnda þáttaröð þessa vinsæla skemmtiþátts. Eins og kunnugt er þá er Paula Abdul horfin af braut en í hennar stað kemur Ellen DeGeneres sem mun aðstoða Simon Cowell, Randy Jackson og Kóru DioGuardi.

23.55 American Idol (4:43)

01.20 K-Ville (9:11)

02.05 Sjáðu

02.35 Fréttir Stöðvar 2

03.35 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

BBC entertainment

12.00 After You've Gone 12.30 Blackadder The Third 13.00 My Hero 13.30 Robin Hood 14.15 Robin Hood 15.00 The Green Green Grass 15.30 Dalziel and Pascoe 16.20 The Innocence Project 17.15 EastEnders 17.45 The Weakest Link 18.30 Gavin And Stacey 19.00 The Green Green Grass 19.30 New Tricks 20.20 Jonathan Creek 21.20 The Green Green Grass 21.50 Only Fools and Horses 22.20 After You've Gone 22.50 Blackadder The Third 23.20 My Hero 23.50 Jonathan Creek

DR 1

12.00 Aftenshowet 2. del 12.30 Seinfeld 12.55 DR Explorer. Þá verðs tag 13.25 Soren Ryge - Havhingsten bliver sosat 13.55 OBS 14.00 DR Update - nyheder og vejr 14.10 Boogie Mix 15.05 Family Guy 15.30 Svampebob Firkant 15.55 Chiro 16.05 Ni-Hao Kai Lan 16.30 Lille Nord 17.00 Aftenshowet 17.30 TV Avisen med Sport 18.00 Aftenshowet med Vejret 18.30 Ha' det godt 19.00 Kender du typen 19.30 Undercover chef - ISS 20.00 TV Avisen 20.25 Kontant 20.50 SportNyt 21.00 Wallander 22.30 Dodens detektiver 22.50 For fuld udblæsning

NRK 1

12.10 Urix 12.30 Filmavisen 1959 12.40 Med hjertet på rette staden 13.30 E6 - en reise gjennom nordmenns hverdag 14.00 NRK nyheter 14.10 Dynastiet 15.00 Derrick 16.00 NRK nyheter 16.10 Herskapelige gjensyn 16.40 Oddasat - nyheter på samisk 16.55 Nyheter på tegnspråk 17.00 Forkveld 17.40 Distriktsnyheter 18.00 Dagsrevyen 18.45 Ut i naturen. Magasin 19.15 Bygdéliv 19.45 Extratrekning 19.55 Distriktsnyheter 20.00 Dagsrevyen 21 20.30 Det nye landet 21.25 Bokprogrammet 22.00 Kveldsnytt 22.15 Sexsymbolet Bettie Page 23.45 Klasse 10 B

SVT 1

12.05 Den första kretsen 12.50 Fråga doktom 13.35 Kulla-Gulla 15.00 Rapport 15.05 Gomorron Sverige 15.55 Med huvudduk och höga klackar 16.25 Bullar av stål 16.55 Sportnytt 17.00 Rapport med A-ekonomi 17.10 Regionala nyheter 17.15 Go'kväll 18.00 Kulturyheterna 18.15 Regionala nyheter 18.30 Rapport med A-ekonomi 19.00 Mästarnas mästare 20.00 Teatersupén 20.30 Herr Rakowski 21.50 Outbreak - i farozonen 23.55 Green - den sista orangutanen

TAKTU 9000 METRA ÁSKORUN FJALLAFÉLAGSINS OG SÍMANS

KYNNINGARFUNDUR Á 9000 METRA ÁSKORUNINI Í DAG ÞRIÐJUDAG, 26. JANÚAR KL. 20 Á GRAND HÓTEL. ALLIR VELKOMNIR.

CINTAMANI VEITIR 20% AFSLÁTT TIL ÞEIRRA SEM SKRÁ SIG Í FERÐINA.

HARALDUR ÖRN Á TOPPNUM Í CINTAMANI.

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á WWW.FJALLAFELAGID.IS

LÖGIN VIÐ VINNUNA



Upphaldsþættir mínir á Rás eitt eru allir þættir sem Lana Kolbrún stjórnar, Andrarímur Guðmundar Andra og Orð skulu standa. Þeir geisladiskar sem njóta mestra vinsælda þessa dagana eru: *Sacrificium þar sem Cecilia Bartoli syngur geldingarátur og Goldberg-tilbrigðin eftir J.S. Bach í flutningi Andrés Schiff.*

Páll Ásgeir Ásgeirsson, fjallagarpur og blaðamaður.

Gerir auglýsingu með íþróttastjörnum

Óttar Guðnason kvikmyndatökumaður hefur verið á ferð og flugi undanfarnar vikur en hann hefur verið að taka upp auglýsingar á Miami og í New York. Þegar Fréttablaðið náði tali af honum var hann hins vegar kominn til Milanó og var að fara að taka upp auglýsingu með mörgum af skærustu íþróttastjörnum landsins. „Þetta er auglýsing fyrir rafmagnsfyrirtækið Edison sem er eitt stærsta fyrirtækið á þessu sviði á Ítalíu og þetta virkaði strax á mig sem mjög skemmtileg auglýsing,“ segir Óttar en hann hefur verið hálfgerður farandverkamaður með myndavélina undanfarnar vikur og verið á nánast stanslausu flandri um allan heim.

Meðal þeirra sem koma við sögu í auglýsingu eru Pietre Aradori, sem er ein helsta vonarstjarna ítalska körfuboltans, og Martin Castrogiovanni, en hann er skærasta stjarnan í rugby þeirra Ítala. Aðalstjarna auglýsingarinnar verður þó án nokkurs vafa Francesca Piccinini sem er vissulega þekkt fyrir að vera liðtæk í blaki en hefur vakið óskipta athygli fyrir djarfa myndabætti þar sem hún hefur setið ansi fáklædd fyrir í ítölskum glans-tímaritum. - fgg



Á FERÐ OG FLUGI Óttar er þessa dagana í Milanó að gera auglýsingu með skærustu íþróttastjörnum Ítalíu. Meðal þeirra er Francesca Piccinini sem þekkt er fyrir djarfa myndabætti.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2. á endanum, 6. skammstöfun, 8. mælieining, 9. bekkur, 11. í röð, 12. krapi, 14. uppgerðarveiki, 16. berist til, 17. fiskur, 18. for, 20. samtök, 21. slabb.

LÓÐRÉTT

1. sæti, 3. upphrópun, 4. dýrasjúkdómur, 5. berja, 7. merkastur, 10. hald, 13. augnhár, 15. áætlan, 16. hryggur, 19. guð.

LAUSN

LAUSN
1. sá, 2. slabb, 3. of, 4. kvabóla, 5. slá, 6. hestur, 7. tak, 8. brá, 9. slá, 10. tak, 11. brá, 12. slá, 13. brá, 14. slá, 15. brá, 16. slá, 17. slá, 18. aur, 19. aur, 20. aa, 21. krap.

LÁRÉTT: 2. lok, 6. eh, 8. júl, 9. set, 11. að, 12. slabb, 14. skróp, 16. b, 17. áll.

VEISTU SVARID

Svör við spurningum á síðu 8.

- Hjálmtýr Heiðdal.
- Landic heitir nú Reitir.
- Hemmi söng Út á gólfíð.

VÍSIR.IS
„...ég sá það á vísi“

MARÍA DALBERG: AÐALHLUTVERK Í IN MEMORY OF EDGAR LUTZEN

FÖST Í ÁSTARPRÍHYRNINGI Í VIRTU LEIKHÚSI Í LONDON

„Það er ástarpríhyrningur í gangi. Minn karakter og aðalgaurnir Edgar eru gift, en búa ekki saman lengur og hún á í ástarsambandi við lækninn hans,“ segir leikkonan María Dalberg.

María leikur eitt af aðalhlutverkunum í leikritinu In Memory of Edgar Lutzen sem verður frumsýnt 2. febrúar í hinu virta Old Red Lion-leikhúsi í London. „Hún er á milli þessara tveggja karlanna í sýningunni og það er togstreita í gangi,“ segir María um hina sænsku Harriet sem hún túlkar í sýningunni. „Edgar talar líka um að hún komi til hans í draumum og njóti ásta með honum. Hann upplifir þetta allt í hausnum á sér. Ímyndar sér að hún komi til hans og sé hjá honum.“

María flutti til London haustið 2005 og útskrifaðist sem leikkona úr Drama Center London árið 2008. In Memory of Edgar Lutzen er stærsta verkefni sem María hefur tekið þátt í, en Íslendingar sáu hana síðast í Grease í leikstjórn Selmu Björnsdóttur í Loftkastalanum síðasta sumar.

Julio Maria Martino leikstýrir In Memory of Edgar Lutzen en María kynntist honum á sýningu sem hann setti upp fyrir tveimur árum. „Ég hitti hann eftir sýninguna og þá kom í ljós að við höfum mjög svipaðan smekk á leikhúsi og kvikmyndum,“ segir María. „Svo í sumar þá hafði hann samband við mig og bað mig að koma í samlestur fyrir þetta nýja verk. Hann prófaði fullt af leikurum og á endanum var hann kominn með hópinn sem hann vildi vinna með og þar með hófst mikil undirbúningsvinna. Julio er ólíkur öðrum leikstjörum sem ég hef unnið með því að hann vill heldur vinna lengi



Á SVIÐI Í LONDON María leikur hina sænsku Harriet sem er föst í ástarpríhyrningi.

og ítarlega með leikurum fremur en hafa stutt æfingartímabil. Þessi mikla undirbúningsvinna er algjörlega að skila sér núna og við vinnum stíft fram að frumsýningu.“

Bandaríska leikskáldið David Hauptschein skrifar leikritið, en leikrit eftir hann hafa meðal annars verið sett upp í New York,

London og Chicago. „Hauptschein hefur oft verið kallaður David Lynch leikhússins þar sem hann, líkt og Lynch, leikur sér að því að nota tíma og rúm á surrealskan hátt,“ segir María. „Hann er sem stendur í London og situr á öllum æfingum og fylgist spenntur með á lokasprenntinum.“

atlifannar@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Ingvar E. Sigurðsson hefur verið ráðinn í nýja breska mynd sem er í tókum um þessar mundir. Myndin heitir því sérkennilega nafni í Against 1 og framleidd af Stray Dogs Films. Engar stórstjörnur eru í myndinni, að Ingvari undanskildum, en sá sem klippir myndina er einnig íslenskur og heitir Sigvaldi J. Kárasón.



Áhugamenn um íslenska tungu hljóta að vera miður sín um þessar mundir. Því svo virðist sem hið ylhyra sé á undanhandi, að minnsta kosti í Eurovision. Aðeins eitt lag sem sungið er á íslensku keppir um að komast í lokakeppnina í Ósló sem fram fer í maí. Það eru Hvanndalsbræður sem eiga það en einhverja kann að ráma í fræg orð ágæts laga- og textahöfundar; „Sumir syngja á íslensku, æðislega flott, ekki þykir það í útlöndum gott.“



Og meira af Eurovision. Eins og margir höfðu spáð komst **Hera Björk** áfram úr undankeppni Eurovision á laugardaginn með lagið Je ne sais quoi sem hún samdi með Örlýgi Smára. Á Eurovision-síðunni Esctoday.com velta menn vöngum yfir ágæti lagsins. Einnhverjir telja það alltof líkt This Is My Life með Eurobandinu sem er einnig eftir Örlýgi Smára og sumir vilja meina að ef það vinni úrslitakeppnina hér heima eigi það ekki eftir að ná langt í lokakeppninni í Noregi. Aðrir eru þó á öndverðum meiði og segja Heru Björk flottan kandidat fyrir íslensku þjóðina og lagið hárrétta Eurovision-blöndu sem gæti hitt rækilega í mark.

- fgg, fb



Eddunni frestað fram í febrúar

Eddu-verðlaunahátíðinni sem átti að halda í lok janúar hefur verið frestað fram í febrúar. Ástæðan er ákvörðun Sjóvarpsins um að hætta við að sýna beint frá henni vegna niðurskurðar.

„Við erum búnin að vera þarna í tíu ár þannig að þetta kom aðeins á óvart, því er ekki að neita,“ segir Björn Brynjúlfur Björnsson, formaður ÍKSA, íslensku kvikmynda- og sjónvarpsakademíunnar, um ákvörðun RÚV. „Við heyrðum það í fjölmiðlum, raunar frá Páli Magnússyni, að RÚV ætlaði ekki að sýna frá henni. Við vorum ekki búnir að heyrja af því áður, en við vissum að það yrði einhver niðurskurður í gangi og þarna fengum við svarið.“

Ákvörðun RÚV kemur á sama tíma og sjaldan ef ekki aldrei hefur verið meira af kvikmyndum og leiknu sjónvarpsföni í boði hérlandis. „En það er eitt af því sem mun breytast ef stefna yfirvalda í málefnum kvikmyndasjóða annars vegar og stefna stjórnenda RÚV hins vegar gengur fram eins og horfir. Sá skaði er ekki kominn fram. Það eru tvö til þrjú ár í að við sjáum hann,“ segir Björn. Hann bætir við að Eddu-hátíðin sé ekki dýr fyrir Sjóvarpið og njóti sömuleiðis mikilla vinsælda. Í ljósi þess sé ákvörðunin um niðurskurðinn undarleg. „Þarna koma fram tugir leikarar og skemmtikraftir af ýmsu tagi og Sjóvarpið borgar þessu fólk ekki neitt fyrir að koma fram. Þannig að Sjóvarpið er að fá ansi mikið og



BJÖRN BRYNJÚLFUR BJÖRNSSON Björn er ósáttur við ákvörðun Sjóvarpsins um að hætta við að sýna frá Eddu-verðlaunahátíðinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

áhorfið er geysilega gott á þetta, eða í kringum fimmtíu til sextíu prósent.

Í fyrra stytum við prógrammið og gerðum það straumlínulagaðra og áhorfið hækkaði töluvert á milli ára,“ segir hann. „Það er áhugi hjá þjóðinni á efninu en það eru ekki allir eins áhugasamir og þjóðin um íslenska kvikmyndagerð, því miður.“

Á næstu dögum verður tilkynnt nákvæmlega hvernær og hvar Eddan verður haldin, en líklega verður hún í Háskólabíói eins og í fyrra.

-fb

IMOGAZE®
gegn uppþembu og lofti í maga

Fæst án lyfseðils í næsta apóteki

IMOGAZE® inniheldur simeticon sem hefur áhrif á yfirborðspennu loftbólanna í meltingarvegnum. Þetta veldur því að þær renna saman og auðveldar þannig loftinu að hreyfast í gegnum þarmana.

IMOGAZE® (simeticon 240 mg) fæst án lyfseðils og er notað til meðferðar við einkennum uppþembu (vindgang) hjá fullorðnum. Imogaze er ætlað til inntöku og skal ávallt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðli. Skammtar eru eitt hylki með glasi af vatni í lok hverrar meginmáltíðar (um það bil 3 sinnum á dag). Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 15 ára og skal meðferð ekki vara lengur en 10 daga. Ef einkennum eru viðvarandi eða fara versandi, eða ef um langvarandi hægðarstöðu er að ræða, skal leita til læknis. Þeir sem hafa ofnæmi fyrir einhverjum af innihaldsefnum lyfins eiga ekki að nota lyfið. Hugsnegar aukaverkanir: Ögglei, hægðarstöða og ofnæmisviðbrögð. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Markaðsleyfshafi: McNeil Sweden AB. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatúni 2, 210 Garðabæ.

Innköllun!



Áriðandi tilkynning

Tiger innkallar alla hitapoka sem sjá má hér fyrir ofan og seldir hafa verið í verslunum okkar. Komið hefur í ljós framleiðslugalli sem getur haft í för með sér að pokinn leki af völdum heita vatnsins. Þetta getur ollið alvarlegum bruna.

Við hvetjum viðskiptavinum okkar sem hafa keypt þessa hitapoka til að skila þeim í næstu Tiger verslun. Hægt er að skila þeim í hvaða Tiger verslun sem er án þess að sýna kvittun. Viðskiptavinir geta valið aðra vöru í staðinn eða fengið endurgreitt. Við vinnum stöðugt að því að viðhalda öryggi svo viðskiptavinir okkar geti treyst á að vörur okkar standist öryggiskröfur. Við biðjum viðskiptavinum okkar velvirðingar á þeim óþægindum sem þetta kann að hafa valdið.

Nánari upplýsingar er að finna á tiger.is

TIGER
Villidýr á verði

Kringlan - Smáralind - Laugavegur 13 - Glerártorg Akureyri

FRÉTTIR AF FÓLKI

Hafmeyjan flytur sig

Útvarpsþáttur þeirra Dodda litla og **Andra Freys**, litla Hafmeyjan, verður sendur út á nýjum tíma frá og með 6. febrúar. Þátturinn hefur hingað til verið á dagskrá seint á föstudagskvöldum en hann verður nú á dagskrá Rásar 2 á laugardögum og hefur því verið fleygt fram að útsendingartíminn verði hugsanlega um hádegisbilið. Andri, sem búsettur er í Danmörku, er hvorki þekktur sem mikill dagmaður né morgunmaður en ku víst ætla að harka þetta af sér.



Brosbandið mikla

Enn fær hljómsveitin **FM Belfast** rífandi góða dóma fyrir fyrstu plötuna sína sem var að koma út í Evrópu. Breska vefritið MusicOMH gefur plötunni fjórar stjörnur af fimm og segir: „Hvert einasta lag fær þig til að brosa.“ Annað enskt vefrit, Data Transmission, segir nákvæmlega það sama (að bandið fái þig til að brosa) og útteilir heilum níu af mögulegum tíu stjörnum á plötuna. Þriðja vefritið, I like music, tekur í sama streng og minnst á í góðum dómi sínum að bandið fái hlustendur sína til að brosa.



Hefur nóg að gera

Gunnar Helgason, leikari og leikstjóri, hefur nóg að gera við að létta lund barna í krepplund. Gunnar, kom sterkur inn í barnamenningunni sem annar helmingur tveykisins Gunni og Felix á skjánum fyrir tæpum tuttugu árum, frumsýnir barnaleikritið Skoppa og Skríttla á ferðalagi um miðjan næsta mánuð. Hann heldur sömuleiðis um leikstjórataumana í Latabæjarhátíðinni, sem haldin verður einum og hálfum mánuði síðar.



Mest lesið **visir.is**

- 1 Vissi um fjölskyldutengslin áður en ákæra var gefin út
- 2 Reglusamur borgari í fullri vinnu
- 3 Ákæra dregin til baka - þingvörður hálfystir ...
- 4 Efnavopna-Ali hengdur
- 5 Hrunskýrslu aftur seinkað

71,4%

29,3%

MORGUNBLAÐIÐ FRÉTTABLAÐIÐ

Fréttablaðið er með 143% meiri lestur en Morgunblaðið.

Allt sem þú þarft...

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18 - 49 ára. Könnun Capacent í ágúst 2009 - október 2009.

ÚTSALA

20-50%
afsláttur
af völdum
vörum



10.000 kr. vöruúttekt
fylgir hverju heilsurúmi

Gaflar
Sýnishorn
Skipti dýnur
Útlitsgallaðar dýnur
og margt fleira



Útlitsgallaðar og
gallaðar dýnur, 90 cm
frá kr. 14.900 dýnan
kr. 39.900 með botni
Takmarkað magn



IQ-CARE
HEILSUDYNUR OG HEILSUKODDAR
Ein besta heilsudýna í heimi
ÍSLENSK HÖNNUN

Íslenskir botnar
og höfuðgaflar
Íslensk framleiðsla



3 mán.
vaxtalaugar greiðslur

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150
Opið virkadaga frá 10.00-18.00 lau 12.00-16.00

www.svefn.is